

Valsblaðið



57. árgangur 2005



Landsbankinn

410 4000 | landsbanki.is

Mitt kort hjá Landsbankanum



ÍSLENSKA AÐGÆSINGARSTOFNANNAKILASÍÐ 25/07/09 20:05



Jón Nordal
Íslandsmeistari

Farðu inn á landsbanki.is og búðu til þitt **eigið kort**



*Óskum öllum
Völsurum
gleðilegra jóla
og farsæls komandi árs*



HÓPBÍLAR
www.hopbilar.is
sími 599 6000



*Ella Sigurðar
2005*

Í skjól fyrir jól

Jólahugvekja

Eitt það erfiðasta í lífinu er að lifa við skjólleysi. Og að sama skapi eru það ótrúleg lífsgæði að eiga fjölskyldu og vini sem mynda um mann skjólvegg þegar hvassir vindar erfiðleika og áfalla blása í kring. Ég held að ekkert sé átak-anlegra í lífinu en að horfa upp á börn lifa við hörmungar og skjólleysi. Það gerist út um allan heim og það gerist líka á Íslandi. Ég held að við foreldrar þráum ekkert frekar en að börnin okkar upplifi öryggi og skjól í því umhverfi sem við sköpum þeim. Það er svo sérstakt að jölin detta inn á hverju ári í svartasta skammdeginu og segja okkur sögu af skjólleysi fjölskyldu fyrir 2000 árum. Þau segja okkur frá litlum dreng sem var við dauðans dyr við upphaf lífs síns inn í gripahúsi með ungum foreldrum sem var úthýst og eina skjólið var samstaða þeirra og gripahúsið. Þessi saga kremur hjarta okkar á hverju ári og gerir innrás í huga okkar, það gerist með svo ápreifanlegum hætti að annaðhvort verður fólk gjöfult og reynir að veita sem flestum skjól eða að fólk finnur sér farveg til að gleyma og sá farvegur sem við notum er neysla eða taumleysi. Það er í raun merkilegt að fylgjast með því hvernig þessi öfl takast á. Hvort nær eyrum okkar, söfnun Hjálparstarfs kirkjunnar eða jólatilboð IKEA? Hvort nær eyrum okkar, að eiga tíma og góðar stundir með börnunum okkar eða hvort við höfum efni á því að gefa þeim þær gjafir sem markaðurinn hefur fyrirskipað að kaupa, sem sagt „jólagjöfina í ár“? Ég komst að því um daginn að Hjálparstarf kirkjunnar er að selja gjafabréf fyrir jölin þar sem þú getur gefið börnum vatn, fæði og menntun. Sem sagt líf. Hvað ætli börnunum þínum þætti um það að vita að gjöfin til þeirra í ár felist í því að annað barn fær að lifa eða að læra að lesa? Það væri til-

raunarinnar virði að spyrja barnið þitt að því hvort það vilji frekar eignast tiltekinn tölvuleik eða að barn á Indlandi losni úr þrælubúðum og fái að læra að lesa, það kostar eitthvað álíka mikið í krónum talið. Það takast svo sannarlega á ólík öfl fyrir hver jól. Hver jól eru áskorun.

Eftir að ég fór að eignast börn hef ég oft rifjað upp mín æskujól til að komast að því hvað mér finnst dýrmætast í minningunni og ég veit hvað það var. Það var tíminn sem foreldrar mínir gáfu mér. Það var tíminn og athyglin sem ég fékk á aðventunni og á sjálfri jólahátíðinni. Enga jólagjöf á ég frá bernsku, en minningin um samveru og jólafríðinn, þessa dularfullu andakt sem leggst yfir klukkan átján núll núll á aðfangadag er eins og greypt í huga minn. Ég upplifði að ég ætti skjól og þegar ég er orðin fullorðin veit ég hvað það er ótrúlega dýrmætt. En það gerir líka það að verku-um að ég finn svo hrikalega til þegar hraðinn og mín eigin neysluhyggja dregur mig frá mínum eigin börnum. Þá verð ég aftur og aftur að minna mig á komu drengsins í Betlehem, sem sagt að fara aftur til upphafsins til að láta hann segja mér sannleikann. Ég verð að fara aftur og aftur inn í rökkvað gripa-



Sr. Jóna Hrönn Bolladóttir

húsið og beygja mig niður við jötuna og horfast í augu við það að heimurinn er fullur af börnum sem lifa í skjólleysi og þurfa á stuðningi að halda og að hin fyrstu jól minna okkur á hlutverk okkar að vera hendur Guðs í þessum heimi og verða ekki neysluhyggjunnar að bráð.

Gleðileg jól

Jóna Hrönn Bolladóttir fyrrverandi miðbæjarprestur, nú sóknarprestur í Garðaprestakalli.



Gísli Gottskálf Þórðarson, kornungur Valsari í réttum búningi.

www.valur.is

Úr íþróttanámskrá Knattspyrnufélagsins Vals

Látið aldrei kappið bera fegurðina ofurliði

Ábendingar til foreldra

„Hvað ungur nemur, gamall temur“

Sem foreldri getur þú tekið þátt í því að gera íþróttir barna og unglinga að eftirminnilegri og jákvæðri reynslu. Hér eru nokkrar ábendingar sem vert er að gefa gaum!

1. Mætið bæði á leiki og æfingar, börnin æskja þess.
2. Hrósið öllum iðkendum meðan á æfingum, leik eða keppni stendur, ekki aðeins dóttur þinni eða syni.
3. Hvetjið börnin bæði þegar vel gengur og þegar á móti blæs, ekki gagnrýna.
4. Berið virðingu fyrir störfum þjálfarans, ekki reyna að hafa áhrif á störf hans meðan á leik eða keppni stendur.
5. Látið á dómara sem leiðbeinanda barna, ekki gagnrýna ákvarðanir hans meðan á leik eða keppni stendur.
6. Hafðið áhrif og hvetjið börnin til þátttöku, ekki þvinga þau.
7. Spyrjið hvort keppnin eða æfingin hafi verið skemmtileg eða spennandi, úrslitin eru ekki alltaf aðalatriðið.
8. Leitið eftir réttum og skynsamlegum útbúnaði, ekki gera of miklar kröfur.
9. Sýnið starfi félagsins virðingu. Verið virk á foreldrafundum þar sem umræður fara fram um þjálfun og markmið félagsins, þar er ykkar vettvangur.
10. Gerið ykkur grein fyrir því að það eru börnin ykkar sem iðka íþróttir. Börn eru ekki fullorðið fólk.
11. Standið saman um félagsstarf í yngri flokkunum.
12. Leggið ykkar af mörkum til að íþróttaiðkun barna ykkar sé raunveruleg forvörn gegn hvers kyns vá.



Meðal efnis:

—4 Jólalugvekja

13 Stuðarakevja

Stuðarar hafa gefið út DVD disk um fótoltasumar Vals 2005

14 Styrkur stórveldis

Sigurbjörn Hreiðarsson fyrirlíði fer yfir knattspyrnuferilinn í opinskáu viðtali

32 Evrópuævintýri Valsstúlkna

Ítarleg frásögn af ótrúlegum árangri í Evrópukeppninni í knattspurnu

34 Hetjur hússins í handbolta

Valsmenn eiga 9 af 14 leikjahæstu landsliðsmönnum Íslands

40 Stórhátíð að Hlíðarenda 15. júní

Ítarleg umfjöllun um hátíðarhöld og fyrstu skóflustungu að nýjum íþróttamannvirkjum

48 Valur VISA bikarmeistari 2005

Myndasyrpa frá bikarúrslitaleiknum við Fram

76 Uppsveifla í körfunni hjá Val

Bergur Már Emilsson þjálfari yngri flokka fer yfir stöðuna í körfunni

80 Stefnan tekin á úrvalsdeild

Eggert Maríusson þjálfari meistaraflokks karla setur markið hátt í körfuknattleik

Forsíðumynd: 9 núlifandi formenn Knattspyrnufélagsins Vals taka fyrstu skóflustunguna að nýjum íþróttamannvirkjum að Hlíðarenda á hátíðarsamkomu 15. júní 2005. Frá vinstri: Grímur Sæmundsen formaður Vals frá 2002, Pétur Sveinbjarnarson 1981-1987, Þórður Þorkelsson 1970-1974, Ægir Ferdinandsson 1967-1969 og 1975-1976, Sigurður Ólafsson 1946, Jóhann Eyjólfsson 1950-1951 og 1966, Jón Gunnar Zoëga 1988-1993, Reynir Vignir 1994-2002 og Bergur Guðnason 1977-1980.

Ljósmynd: Finnur Kári Guðnason

Valsblaðið • 57. árgangur 2005

Útgefandi: Knattspyrnufélagið Valur, Hlíðarenda við Laufásveg

Ritstjóri: Guðni Olgeirsson

Ritnefnd: Gunnar Zoëga, Óskar Bjarni Óskarsson og Sævaldur Bjarnason

Auglýsingar: Sveinn Stefánsson, Pétur Stefánsson og Guðni Olgeirsson

Ljósmyndir: Finnur Kári Guðnason (Finnur K), Guðni Olgeirsson, Guðni Karl, Sævaldur Bjarnason, Pétur Veigar Pétursson, Þórður Jensson o.fl.

Prentun og bókband: Ísafoldarprentsmiðja ehf.

Umbrot: Davíð Gunnarsson

Mikilvægir uppbyggingartímar og bjart yfir félaginu

Skýrsla aðalstjórnar árið 2005



Aðalstjórn Knattspyrnufélagsins Vals 2005-2006 á fundi í Valsheimilinu í desember 2005. Efri röð frá vinstri: Árni Magnússon, Karl Axelsson, Gunnar Zoëga, Jóhann Þórarinnsson, Edvard Börkur Edvardsson og Pétur Stefánsson framkvæmdastjóri. Neðri röð frá vinstri: Hans Herbertsson, Hörður Gunnarsson, Grímur Sæmundsen formaður og Elín Konráðsdóttir.

Stjórnun félagsins

Aðalfundur ársins 2004 var haldinn þann 28. júní sl. Ný stjórn var kosin á fundinum og er hún þannig skipuð:

Grímur Sæmundsen, *formaður*
Hörður Gunnarsson, *varaformaður*
Elín Konráðsdóttir, *ritari*
Hans Herbertsson, *gjaldkeri*
Árni Magnússon, *meðstjórnandi*
Karl Axelsson, *meðstjórnandi*
Börkur Edvardsson,
formaður knattspyrnudeildar
Jóhann Ragnarsson,
formaður handknattleiksdeildar
Gunnar Zoëga,
formaður körfuknattleiksdeildar

Mannabreytingar

Talsverðar mannbreytingar á starfslíði að Hlíðarenda hafa orðið á undanfögnu ári.

Sveinn Stefánsson, sem hafði verið framkvæmdastjóri félagsins undanfarin ár, skipti um starfsvettvang í lok síðasta árs og keypti sportvöruverslun. Við Valsmenn eigum áfram gott samstarf við Svein, þar sem hann rekur núna Pumabúðina, en eins og mönnum er kunnugt leika öll keppnislíð

Vals nú í búningum frá Puma. Sveini eru þökuð vel unnin störf fyrir Val, en hann er áfram virkur í félagsstarfinu.

Síðastliðið vor fyllti ungur maður, Unnar Steinn Bjarnald, skarð Sveins. Unnar stóð sig með sóma en erfitt var að sækja vinnu að Hlíðarenda frá Keflavík, þar sem Unnar er búsettur með unga fjölskyldu. Hann réð sig því til starfa hjá Sýslumanninum í Keflavík frá 1. desember sl. en Unnar er nýbakaður viðskiptalögfræðingur frá Bifröst.

Í sumar var Einar Kristjánsson Unnari til aðstoðar og vann hann mjög gott starf sérstaklega fyrir knattspyrnudeildina. Einar sinnir nú námi í Háskólanum í Reykjavík.

Þann 1. desember sl. tók síðan Pétur Stefánsson, rekstrarhagfræðingur, við starfi framkvæmdastjóra hjá Val. Pétur er þrautreyndur rekstrarmaður og mikill Valsari. Hann hefur áður m.a. gegnt stöðu formanns körfuknattleiksdeildar félagsins og er vel kunnugur öllum hnútum að Hlíðarenda. Væntum við mikils af störfum Péturs við að skipuleggja og byggja



Pétur Stefánsson hóf störf sem nýr framkvæmdastjóri Knattspyrnufélagsins Vals í byrjun desember 2005. Hann er Valsmönnum að góðu kunnur í gegnum tíðina og hefur m.a. verið formaður körfuknattleiksdeildar félagsins.



Valsmenn náðu góðum árangri á liðnu sumri í Íslandsmótinu í knattspyrnu fyrir 40 ára og eldri. Liðið lék til úrslita við Fylki og beið lægri hlut 3:2 eftir framlengingu. Efri röð frá vinstri eru Atli Geir Jóhannesson, Jón Gunnar Bergs, Willum Þór Þórsson, Sigtryggur Árni Ólafsson, Sævar Jónsson, Njáll Eidsen og Grímur Sæmundsen. Neðri röð frá vinstri eru Ólafur K. Ólafsson, Þorgrímur Þráinsson, Hilmar Sighvatsson, Óli Þór Magnússon og Arnór Guðjohnsen. Fyrir framan eru hinir síkátu synir Jóns Gunnars Bergs, Gunnar Magnús Bergs og Árni Davíð Bergs.

upp launaða starfsemi að Hlíðarenda en við sjáum fyrir okkur þetta starf þróast á þann veg að Valur verði afburða þjónustufyrirtæki í íþróttum í Reykjavík.

Þá hafa Svanur Gestsson og Elín Elísabet Baldursdóttir, húsverðir, auk Þórðar Jenssonar, íþróttafulltrúa, horfið til annarra starfa og í stað þeirra hafa komið Sævar Gunnleifsson í húsvarðarstarf og Pétur Veigar Pétursson, íþrótta-kennari, í starf íþróttafulltrúa. Þá sinnir Magdalena Gestsdóttir nú bókarastörfum og Sigríður Þórarinsdóttir almennum skrifstofustörfum, báðar í hlutastarfi, að ógleymdum okkar einstaka unglingi Sverri Traustasyni, sem sinnir húsvarðarstörfum sem fyrr.

Öllu þessu fólki, sérstaklega Ellu Betu, sem vann fjölmörg ár sem húsverður í íþróttahúsi Vals, eru þökkud vel unnin störf fyrir félagið.

Samstarf við Reykjavíkurborg

Síðastliðið sumar var gengið frá samstarfssamningi milli Reykjavíkurborgar og íþróttafélaganna í borginni um þjónustu þeirra við borgarbúa auk þess sem félögunum voru afmörkuð starfssvæði.

Þessi samningur felur í sér auknar greiðslur frá borgaryfirvöldum til félaganna til að þau geti betur sinnt þjónustuhlutverki sínu og er framfaraskref í samskiptum borgaryfirvalda og reyk-

vískra íþróttafélaga, þó að borgin þurfi að gera enn betur til að standa jafnfætis nágrannasveitarfélögunum í þessum efnum.

Samkvæmt samningnum afmarkast starfssvæði Vals af Sóleyjargötu, Fríkirkjuvegi, Skúlagötu, Laugavegi og Kringumýrarbraut. Þrjú grunnskólar eru á þessu svæði, þar af tveir af stærstu skólunum í Reykjavík, Hlíðaskóli og Austurbæjarskóli. Auk þeirra er Háteigsskóli. Þá má nefna Ísaksskóla, Suðurhlíðaskóla og Tjarnarskóla, sem

einnig eru á starfssvæðinu. Valur á og þarf að halda uppi öflugum kynningarstarfi í öllum þessum skólum og hvetja börn og unglinga þar til hollrar þátttöku í íþróttum og fjölga þannig iðkendum í Val.

Uppbygging að Hlíðarenda

Á gamlársdag 2004 var gengið frá sölu byggingarréttar Vals á Hlíðarendareit til Valsmanna hf. Fyrir söluandvirðið fékkst fé til greiðslu allra skulda Vals auk þess sem nægt framkvæmdafé fékkst til að standa af myndarskap fyrir þeim framkvæmdum sem undirbúnað hafa verið að Hlíðarenda í samvinnu við Reykjavíkurborg.

Í apríl var síðan uppbygging nýs íþróttahúss, stúku og tengibyggingar með félagsaðstöðu boðin út. Tilboði lægstbjóðanda, Markhúsa ehf., var tekið og hafa Valsmenn getað fylgst með uppbyggingu nýja íþróttahússins með ánægju og stolti á undanförunum mánuðum, en verkið er á ætun. Það þýðir að handknattleiksmenn og körfuknattleiksmenn hefja næstu leiktíð í nýja íþróttahúsinu en tengibyggingin, stúkan og nýr aðalkeppnisvöllur afreksliða Vals í knattspyrnu verða tekin í notkun vorið 2007.

Þá var vinna við nýjar grasflatar boðin út og framkvæmdir hafnar. Þær verða tilbúnaðar um mitt næsta sumar. Verða þá til tveir knattspyrnuvöllir í fullri stærð til æfinga og keppni yngri flokka. Þá bætist við einn knattspyrnuvöllur til viðbótar vestar í mýrinni sem tekinn verður í notkun sumarið 2007. Vegna þessara framkvæmda verða knattspyrnumenn og



Grímur Sæmundsen formaður Knattspyrnufélagsins Vals tekur á móti fjöli úr íþróttahúsinu til varðveislu við hátíðlega athöfn 15. júní 2005. Geir Sveinsson og Ólafur Stefánsson afhentu fjölinu ásamt Degi Sigurðssyni og Jóni Kristjánssyni.



9 núlifandi formenn Knattspyrnufélagsins Vals fagna því að hafa tekið fyrstu skóflustunguna að nýjum íþróttamannvirkjum að Hlíðarenda á hátíðarsamkomu 15. júní 2005. Frá vinstri: Grímur Sæmundsen formaður Vals frá 2002, Pétur Sveinbjarnarson 1981-1987, Þórður Þorkelsson 1970-1974, Ægir Ferdinandsson 1967-1969 og 1975-1976, Sigurður Ólafsson 1946, Jóhann Eyjólfsson 1950-1951 og 1966, Jón Gunnar Zoëga 1988-1993, Reynir Vignir 1994-2002 og Bergur Guðnason 1977-1980.

Finnur K.

knattspyrnukonur Vals að þreyja þórrann á næstu leiktíð, eins og vikið var að í síðustu ársskýrslu.

Á afmælisdegi Vals þann 11. maí sl. var skrifað undir samning Vals og Valsmanna hf. um kaup íþróttafélagsins á 20% hlut í hlutafélaginu. Þessi kaup styrkja enn frekar gott og náið samstarf þessara aðila, en Valsmenn hf. hafa verið sterkur bakhjarl fyrir Val á undanförmum árum og eiga eftir að verða ómetanlegur stuðningsaðili við allt starf Vals að Hlíðarenda í framtíðinni.

Glæsileg hátíðardagskrá var skipulögð að Hlíðarenda hinn 15. júní sl. Þetta var stór dagur í sögu Vals en þá tóku 9 núlifandi formenn félagsins saman skóflustungu að nýjum íþróttamannvirkjum að Hlíðarenda. Áður höfðu afreksmenn Vals í handknattleik kvatt íþróttahúsið með leik eldri og yngri leikmanna og teknar voru fjalir úr gólfi hússins til varðveislu. Veðurguðirnir skörtuðu sínu fegursta og um kvöldið fór fram leikur í Landsbankadeild karla milli toppliða deildarinnar Vals og FH. Á fjórða þúsund manns heimsótti Hlíðarenda þennan eftirminnilega dag.

Undirbúningur framkvæmda við nýjan upplýstan gervigrasvöll við hlið aðal-

keppnisvallarins hefur tekið þá ánægjulegu stefnu, að nú er verið að ganga frá samningum við Reykjavíkurborg og Valsmenn hf. um að í stað gervigrasvallarins rísi knattús, en þegar liggur fyrir samþykkt deiliskipulag um slíka byggingu á þessum reit. Þetta eru frábær-

ar fréttir. Samningsdrög sem nú eru til lokafrágangs gera ráð fyrir að framkvæmdir við knattúsið hefjist síðsumars 2006 og knattúsið verði tekið í notkun haustið 2007.

Þegar þessum framkvæmdum verður öllum lokið verður aðstaða að Hlíðarenda



Finnur K.

Baldur Ingimar Adalsteinsson fagnar marki sínu með stuðningsmönnum Vals í úrslitaleik VISA bikarkeppinnar á móti Fram.

FÓTBOLTI
GOLF
KÖRFUBOLTI
HANDBOLTI
NFL BOX
A1 GRAND PRIX



ÍPÞÓTTASTÖÐ Í HEIMSKLASSA



Sigurbjörn Hreiðarsson fyrirliði lyftir bikarnum eftir frækinn sigur á Fram 1 – 0 í úrslitaleik. Leikmenn liðsins fagna gríðarlega.



Finnur K.



Willum Þór Þórsson þjálfari meistara flokks karla í knattspyrnu sýnir áhorfendum listir sínar.

Finnur K.



Hart barist í leik við ÍBV að Hlíðarenda. Gamla Valssjoppan sem sést á myndinni heyrir brátt sögunni til.

Finnur K.

til iðkunar knattspyrnu, handknattleiks og körfuknattleiks með því besta sem gerist á Íslandi í þessum efnum.

Sigurður Lárus Hólm situr ásamt Guðmundi Þorbjörnssyni í byggingarnefnd Vals og Reykjavíkurborgar, sem hefur umsjón og eftirlit með þessum framkvæmdum öllum. Þar vinna þeir frábært starf fyrir Knattspyrnufélagið Val.

Aðalstjórn hefur ásamt ráðgjöfnum sínum og forystumönnum Valsmanna hf. fylgst grannt með hinni miklu umræðu

sem verið hefur að undanfögnu um uppbyggingu og þróun Vatnsmýrarinnar. Valur og Valsmenn hf. hafa verið kallaðir til samráðs við Reykjavíkurborg sem hagsmunaaðilar á svæðinu. Við höfum tekið hugmyndum borgarinnar vel um nýja sýn í Vatnsmýri, sem gæti þýtt að skipulag Hlíðarendareits utan íþróttasvæðis Vals yrði tekið til endurskoðunar með þeim hætti að horfa til Hlíðarendareits sem upphafs uppbyggingar í Vatnsmýri frekar en loka upp-

byggingar Hlíðahverfis. Þetta gæti haft ýmis sóknarfæri í för með sér fyrir alla aðila en það er mikið hagsmunamál Vals að stuðla að sem allra mestri og bestri íbúðabyggingu með iðandi mannlífi í Vatnsmýri.

Þá hafa fulltrúar Vals átt viðræður við forráðamenn Háskólans í Reykjavík um samstarf en eins og kunnugt er mun skólinn flytja starfsemi sína í Vatnsmýrina árið 2008.



Guðni Olgeirsson ritstjóri Valsblaðsins ásamt Jóni Guðmundssyni úr Valskórnum.

Hefðbundið starf

Tvennt stendur upp úr í afreksstarfi Vals á þessu ári.

Annars vegar frammistaða meistaraflokks karla í knattspyrnu. Liðið vann sér sæti í úrvalsdeild í fyrra og náði þeim frábæra árangri í sumar undir stjórn Willums Þórs Þórssonar að verða í 2. sæti Íslandsmótsins og bikarmeistarar. Þetta er fyrsti stóri titill Vals í karla-knattspyrnunni síðan 1992 þegar Valur varð síðast bikarmeistari. Þessi árangur er gott veganesti til að festa liðið aftur í sessi meðal bestu knattspyrnuliða landsins. Í ljósi árangurs þessa árs er aðeins eitt markmið eftir, Íslandsmeistaratitill, en menn verða að gera sér ljóst að það þarf e.t.v. meira en eitt keppnistímabil til viðbótar til að ná því markmiði.

Hins vegar er einstök frammistaða kvennaliðs Vals í knattspyrnu í Evrópukeppni meistaraliða. Því miður rættust ekki væntingar um titla í Íslands- eða bikarkeppni sl. sumar en stelpurnar bættu það upp með frábærri frammistöðu í Evrópukeppninni þar sem þær komust í 8-liða úrslit, sem er einstakur árangur.

Að venju var íþróttamaður Vals valinn á gamlársgang. Berglind Hansdóttir, markvörður m.fl. kv. í handknattleik fékk

heiðurstílinn Íþróttamaður Vals árið 2004 en hún átti frábært keppnistímabil, sem hún kórónaði með eftirminnilegri frammistöðu í úrslitarimmu Vals og ÍBV um Íslandsmeistaratitilinn vorið 2004.

Vorgleði Vals var haldin í stóra íþróttasalnum í byrjun mars sl. í annað sinn. Veislustjóri var Jón Ólafsson sem fyrr og Sálin hans Jóns míns lék fyrir dansi undir stjórn Valsmannsins Stefáns Hilmarssonar. Vorgleðin tókst enn og aftur frábærlega vel og er að festa sig í sessi sem ómissandi þáttur í félagsstarfinu.

Sumarbúðir í borg gengu mjög vel að þessu sinni eins og í fyrra. Var góð rekstrarafkoma af sumarbúðunum í ár eins og áður.

Herrakvöld Vals var á sínum stað fyrsta föstudag í nóvember. Hermann Gunnarsson var veislustjóri sem fyrr og fjölmiðlamaðurinn Gísli Einarsson ræðumaður kvöldsins. Um 200 gestir sóttu herrakvöldið að þessu sinni.

Valsblaðið kemur nú í þriðja sinn út undir stjórn ritstjórans Guðna Olgeirssonar. Metnaður Guðna fyrir hönd blaðsins er mikill og er það nú allt litprentað. Guðni hefur staðið sig með eindæmum vel og vonandi njótum við Valsmenn starfskrafta hans sem lengst.

Í samvinnu við Valsmenn hf. stendur nú yfir áttak til að bæta skráningu félaga í Val og fjölga skráðum félögum. Ég skora á Valsmenn að taka þátt í þessu átaki með því að kanna hvort þeir séu ekki skráðir félagar og skrá sig, ef svo er ekki, auk þess að gefa ábend-

ingar um aðra, sem vilja leggja Val lið sem skráðir félagsmenn.

Lokaorð

Við Valsmenn lítum björtum augum til næsta árs, 95 ára afmælis Vals, og framtíðarinnar. Glæsileg mannvirkjauppygging er hafin og það er gróska í félagsstarfinu.

Eins og fram kemur í þessari skýrslu, er ótrúlega mikill fjöldi hæfra einstaklinga, sem eiga það sameiginlegt að vera Valsmenn. Þessir einstaklingar leggja margir hverjir á sig mikið og óeigingjarnt starf fyrir félagið og það skal þakkað.

Knattspyrnufélagið Valur býr að mikilli hefð sem eitt mesta afreksfélag Íslands í knattgreinum. Þessa hefð verður að rækta. Allir Valsmenn eru hvattir til að leggja félaginu áfram allt það lið sem þeir mega.

Gledileg jól með þökkum fyrir samstarfið á árinu sem er að líða.

Grímur Sæmundsen formaður.



Íris Andrésdóttir gengur af leikvelli eftir síðasta leik sinn hér á landi með Val eftir leik við Evrópumeistara Potsdam á Laugardalsvelli 9. október 2005.

Berglind Íris Hansdóttir

Íþróttamaður Vals árið 2004



Það er árviss atburður hjá Val að útnefna íþróttamann ársins í hófi að Hlíðarenda á gamlársgöngu. Íþróttamaður Vals er valinn af formönnum deilda, formanni félagsins og Halldóri Einarssyni (Henson) sem er gefandi verðlaunagripanna. Árið 2004 var valinn í 13. sinn íþróttamaður Vals. Mikill fjöldi félagsmanna lagði leið sína að Hlíðarenda á gamlársgöngu og þáði veitingar í boði aðalstjórnar.

Berglind Íris Hansdóttir var krýnd sæmdarheitinu Íþróttamaður Vals 2004. Berglind er 23 ára gömul. Hún er uppalin að Hlíðarenda og hefur stundað handknattleik með Val frá 12 ára aldri, alla tíð sem markvörður. Hún spilaði með Val gegnum alla yngri flokka og lék 30 leiki með unglíngingum og ungmennalandsliðum Íslands. Þá átti hún um síðustu áramót 30 leiki að baki sem markvörður íslenska kvennaliðsins í handknattleik.

Berglind var valinn besti markmaður Remax-deildarinnar á síðustu leiktíð og lék lykhillutverk í liði Vals sem tapaði með naumindum í fimm leikja úrslitarímmu við ÍBV vorið 2004. Berglind er nú fyrirliði kvennaliðs Vals í handknattleik. Valsblaðið óskar Berglindi innilega til hamingju með titilinn.

Grímur Sæmundsen formaður Vals hélt ávarp við þetta tækifæri og sagði m.a.:

„Valur keppti til úrslita um Íslandsmeistararitil kvenna við ÍBV í maí sl. Er það í fyrsta skipti sem Valsstúlkur ná svo langt eftir að úrslitakeppni var komið á í kvannahandknattleik. Rimma Vals og ÍBV var æsispennandi eins og öllum landsmönnum er í fersku minni, en sjónvarpað var beint frá öllum leikjunum og var þetta sjónvarp efni með ólíkindum vinsælt. Má segja að þjóðin hafi verið límd við skjáinn á meðan þessir leikir

fóru fram. Við Valmenn fundum sterkt fyrir því að frábær frammistaða Valsstúlkna gegn útlendingahersveit ÍBV aflaði þeim og Val stuðnings langt út fyrir raðir félagsins og vakti verðskuldaða athygli á Val, þrátt fyrir að Íslandsmeistararitillinn hafnaði ekki að Hlíðarenda.

Berglind var og er lykilmáður í kvennaliði Vals og það er á engan hátt þó að sagt sé að hún hafi átt mestan þátt í frækilegri frammistöðu Vals, með því að eiga stórkostlega leiki í úrslitakeppni sl. vor og þannig kórónað frábæra frammistöðu sína á síðasta keppnistímabili. Hún var að sjálfsögðu kjörin markvörður ársins í lokahófi HSÍ sl. vor.

Berglind er glæsilegur fulltrúi Vals og uppeldisstarfs félagsins á reykvískri íþróttæsku að Hlíðarenda.“

Íþróttamaður Vals – síðustu árin

2005

???

2004

Berglind Íris Hansdóttir, handknattleikur

2003

Íris Andrésdóttir, knattspyrna

2002

Sigurbjörn Hreiðarsson, knattspyrna

2001

Rósa Júlía Steinþórsdóttir, knattspyrna

2000

Kristinn Lárusson, knattspyrna

1999

Ásgerður Hildur Ingibergsdóttir, knattspyrna

1998

Guðmundur Hrafnkelsson, handknattleikur

1997

Ragnar Þór Jónsson, körfuknattleikur

1996

Jón Kristjánsson, handknattleikur

Stuðarakveðja



Baldur Rafnsson og Gestur Valur Svansson Stuðarar í banastuði fyrir bikarúrslitaleikinn við Fram sem Valsmenn unnu 1 – 0.

Kæru Valsmenn og Stuðarar

Við í stuðningsklúbbi Vals, Stuðurum, þökkum kærlega fyrir árið sem er að líða. Þetta er búið að vera frábært ár fyrir okkur Stuðara. Það eru ekki allir sem geta fagnað bikarnum og öðru sæti í deild. Besti árangur Vals síðan 1988 og er það allt of langur biðtími fyrir veldi eins og Val. Stemningin hefur vaxið smátt og smátt síðan við félagarnir stofnuðum Stuðaraklúbbinn í febrúar 2004 með nokkrum valinkunnum Stuðurum. Markmið okkar var að endurvekja stemninguna frá 1985-1990 sem fræg var orðin og á hvers manns vörum. Klúbburinn okkar allra hefur farið ört stækkandi frá stofnun hans og bættust nú í sumar 84

nýir meðlimir. Félagsmenn Stuðara eru nú 150 talsins og stefnum við á enn frekari fjölgun á næstu árum. Stærsti munur á okkur Stuðurum og öðrum stuðningsliðum er að við setjum það markmið að styðja Val í heild sinni sem félag. Núna nær stuðningurinn bæði til fótbolta og handbolta en seinna meir munum við tengjast öðrum deildum félagsins. Þess má geta að Stuðarar mæta jafnt á kvennaleiki og karlaleiki en ekki er hægt að sjá slíkan stuðning hjá öðrum félögum á Íslandi. Kjarninn sem sér um stemninguna á þöllunum fer ört stækkandi og eru söngvar að ryðja sér til rúms í stúkunni og sífellt bætist í kórinn á þöllunum sem og sambataktur Stuðara, en hann er orðinn vel þekktur og hafa aðrir stuð-

ingsklúbbar reynt hið sama með misjöfnum árangri. Það gefur okkur mikið að heyra þegar fólk tekur undir og einnig hrós sem við höfum fengið. Nú er markmið sett mun hærra en áður og munum við mæta til leiks í sumar tvífeldir í Laugardalinn og stemningin verður engu öðru lík, og treystum við á aðra Valsara að taka þátt í þessari skemmtun með okkur.

DVD diskur um fótoltasumarið 2005 hjá Val

Stuðarar eru nú að leggja lokahönd á sitt fyrsta stóra verkefni utan vallar og er það DVD diskur sem er yfirlit frá síðasta sumri og er það í fyrsta skipti sem félag á Íslandi gefur út DVD mynd um árangur síns liðs. Á diskunum er auðvitað fjallað um bikarinn, deildina og Evrópukeppni. Það er bæði fjallað um karla og konur. Útgáfan er stór enda erum við stórhuga. Þessi DVD mynd er skyldueign allra Valsmanna og hvetjum við ykkur einnig til að gefa vinum og vandamönnum þennan disk við öll tækifæri því ekkert er skemmtilegra en að sýna hvaða íslenska lið er best. Með þessum orðum endum við kveðju okkar þetta árið og óskum Völsurum og Stuðurum nær og fjær gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

*F.h. stjórnar Stuðara,
Gestur Valur Svansson formaður
Baldur Rafnsson meðstjórnandi
studarar@valur.is*



Stuð í Valsstúkunni að loknum bikarúrslitaleiknum við Fram, „We are the Champions“.

Það er styrkur stórveldis að rísa á ný

Sigurbjörn Hreiðarsson fyrirliði meistaraflokks karla í knattspyrnu

Sigurbjörn Hreiðarsson er eini núverandi leikmaður meistaraflokks karla hjá Val sem hefur orðið tvisvar bikarmeistari með félaginu, fyrst árið 1992 þegar Valur vann KA í framlengdum úrslitaleik og aftur sumarið 2005. Í fyrri leiknum sat hann á bekknum allan tímann en í sumar var hann fyrirliði og einn lykilmanna í Valsliðinu. Sigurbjörn hóf feril sinn á Dalvík í yngri flokkunum en hefur leikið með Val frá 15 ára aldri utan eitt tímabil sem hann reyndi fyrir sér í atvinnumennsku hjá Trelleborg í Svíþjóð. Í þessu viðtali rifjar Sigurbjörn upp ferilinn og ræðir opinskátt um skín og skúr hjá meistaraflokki karla hjá Val á undanförunum árum.

Sigurbjörn undirritaði nýlega tveggja ára samning við Val og markmið hans er skýrt, þ.e. að landa Íslandsmeistaratitli. „Markmiðið er að halda sér í standi með félagið í fyrirrúmi, ég er rétt þrítugur í dag og á nóg eftir og vonast til að geta spilað nokkur ár í viðbót á fullu. Mitt markmið númer eitt, tvö og þrjú er klárlega að vinna Íslandsmeistaratitilinn með Val, það á ég eftir,“ segir Sigurbjörn ákveðinn. Hann telur alveg raunhæft að Valur geti ógnað FH næsta sumar ef liðið helst nokkurn veginn óbreytt og nokkrir sterkir leikmenn komi til félagsins, þá geti allt gerst. „Við fengum smjörþefinn af sigurtilfinningu í sumar við að vinna bikarinn og auðvitað langar okkur að halda áfram á þeirri braut,“ segir Sigurbjörn sposkur á svip.

Sigurbjörn segist vera lánsamur maður, eiga stórkostlega og styðjandi konu og tvær frábærar dætur, þriggja og fimm ára. Hann er íþróttafræðingur að mennt frá Laugarvatni, er grunnskólakennari í Lindarskóla og er í vetur umsjónarkennari í 10. bekk og kann rosalega vel við að kenna unglíngum. Sigurbjörn Hreiðarsson fæddist í Reykjavík 25. nóvember 1975 og fluttist 8 ára til Dalvíkur með fjölskyldunni



Sigurbjörn Hreiðarsson í nýja keppnisbúningi Valsliðsins vorið 2005.

og bjó þar mótunarárin og telur sig Dalvíking. Hann segir að umhverfið á Dalvík sé æðislegt, æskufélagarnir frábærir, náttúran hafi verið nýtt



Klaufdýrameistari á Dalvík

Sigurbjörn segist hafa byrjað á Dalvík á elsta ári í 6. flokki og náð miklum framförum í 5. flokki en meistaraflokkur Dalvíkur hafi þá verið í 4. og neðstu deild og

örfáir fylgst með liðinu og aðeins var verið með yngstu strákaflokkana upp í 3. flokk. „Á þessum árum komst Dalvík í 3. deild og áhugi jókst á fótbolta í bænum. Kristinn Björnsson, gamall og góður Valsari, kom norður til að hjálfa liðið og yngri flokkana og nánast allir strákar á Dalvík fylgdust að og æfðu fótbolta. Þór og KA voru stóru liðin fyrir norðan á þessum tíma og við komum þar á eftir en náðum aldrei að leika í úrslitakeppninni um Íslandsmeistaratitil, við steinlágum alltaf fyrir þessum liðum frá Akureyri. Við unnum yfirleitt svokölluð klaufdýramót, en það voru innanfélagsmót í sveitunum, unnum t.d. lið eins og Æskuna, Ároðan og Framtíðina, við kölluðum okkur klaufdýrameistara,“ segir Sigurbjörn og þykir greinilega gaman að rifja upp þessi æskuafrek.

15 ára með unglíngalandsliðinu og meistaraflokki Dalvíkur

„Árið 1989 var ég sendur sem fulltrúi Dalvíkur í knattspyrnskóla að Laugar-



Sigurbjörn 14 ára á Dalvík í fullum skráða.

vatni. Ég vakti líklega athygli í skólanum því ég var valinn í úrtakshóp fyrir 16 ára landsliðið veturinn eftir en aldrei hafði nokkur Dalvíkingur komist nálægt því. Ég var síðan valinn í landsliðshópinn á yngra ári og lék nokkra leiki með þessu öflugum landsliði á Norðurlandamótinu og í Evrópukeppni. Eftirminnilegustu leikmenn í landsliðinu frá þessum tíma eru menn eins og Gummi Ben., hann var aðalmaðurinn í liðinu, Helgi Sigurðsson, Pálmi Haraldsson, Árni Gautur Arason, Kristinn Hafliða, Gulli Jóns og Stebbi Þórðar. Þetta var hörkuhópur sem náði vel saman og við komumst í úrslitakeppni Evrópumóts 16 ára landsliða árið eftir. Þar lentum við í dauðariðlinum með Spánverjum, Júgóslöfum og Sovétmönnum í 16 liða úrslitum í Sviss. Við unnum Júkkana í fyrsta leik, töpuðum síðan naumlega fyrir Spánverjum í 2. leik en þeir urðu síðan Evrópumeistarar. Því miður töpuðum við fyrir Júkkunum en líklega er þetta einn glæstasti árangur sem 16 ára landslið frá Íslandi hefur náð á stórmóti. Þetta var þrusulið, ótrúlega samrýmdur hópur og góðir vinir," segir Sigurbjörn ákaflega stoltur. Sumarið 1990 lék Sigurbjörn með meistaraflokki Dalvíkur í gömlu 3. deildinni, mest á bekknum að eigin sögn, en kom inn á í nokkrum leikjum.

Sigurbjörn Valsari haustið 1990

Sigurbjörn fluttist til Reykjavíkur ásamt fjölskyldu sinni haustið 1990 og byrjaði að æfa með Víkingi en hann segir að hugurinn hafi leitað í Val þar sem hann þekkti nokkra stráka, t.d. tvíburana Guðmund og Ólaf Brynjólfssyni. „Flokkurinn þeirra var gríðarlega sterkur og það kitlaði mig að leika með honum. Það skorðu ýmsir á mig að byrja í Val, t.d. Kristinn Björnsson þjálfari en gamli jaxlinn Brynjólfur Lárentsússon pabbi tvíburanna sannfærði mig á endanum

um haustið að ég ætti að leika með Val. Hann kipti mér með sér á uppskeruhátíðina hjá Val um haustið og mér leist strax vel á stemninguna og var mættur á æfingu daginn eftir með 3. flokki. Síðan varð ekki aftur snúið. Í þessum flokki var fullt af öflugum leikmönnum, t.d. tvíburarnir Óli og Gummi, Kjartan Hjálmarsson og Bjarki Sefansson varnarjaxl. Á eldra ári í 3. flokki sumarið 1991 vorum við með gríðarlega sterk lið, að mínu viti besta lið landsins og við lékum til úrslita um Íslandsmeistaratilinn við KR og töpuðum 1-0 minnir mig í seinni leiknum, sá fyrri endaði með jafntefli, þetta var mjög svekkjandi. Um haustið gengum við upp í 2. flokk sem var mjög þunnskipaður, t.d. enginn á miðari og fáir á elsta ári og flokkurinn var í B-riðli þegar við komum upp. Fljótlega var mér kipt í meistaraflokkshópinn og ég æfði með þeim og 2. flokki. Sumarið 1992 spiladi ég með 2.

við KA hafi verið frábær, völluminn troðfullur í upphitun og hann hafi svo sannarlega notið þess að vera í hópnum. „Maður varð náttúrulega létt svartsýnn þegar við lentum 2-0 undir í fyrri hálfleik, en ég hafði alltaf á tilfinningunni að við myndum ná að jafna. Í byrjun seinni hálfleiks minnkuðum við muninn í 2-1 þegar Porca tók aukaspyrnu og Balli Braga fékk boltann í sig og setti hann inn. Allan seinni hálfleikinn vorum við í stanslausri sókn en ekkert gekk, inn vildi boltinn ekki og öll nótt virtist vera úti, áhorfendur voru farnir að halda heim á leið daufir í bragði og starfsmenn voru byrjaðir að undirbúa verðlaunaafhendingu og biðu bara eftir að dómariinn flautaði til leiksloka. Þegar 7 sekúndur voru eftir af leiknum jafnaði Tony (Antony Karl Gregory) með glæsilegu marki og dómariinn flautaði um leið leikinn af. Stuðningsmenn Vals sneru við og mættu aftur í stúkuna fyrir framlenginguna og hvöttu okkur áfram. Við rúlluðum síðan yfir KA í framlengingunni



Langþráður bikarmeistaratill í höfn. Baldur Ingimar Aðalsteinsson, Sigþór Júlíusson og Sigurbjörn Hreiðarsson í sigurvímu með bikarinn.

flokki í B-riðli í skemmtilegu liði undir stjórn Kristins Björnssonar, en þjálfarar meistaraflokks, Ingi Björn Albertsson og Ólafur Magnússon aðstoðarþjálfari voru tíðir gestir á leikjum 2. flokks," segir Sigurbjörn.

Á bekknum í bikarúrslitaleik 1992

Sigurbjörn minnst þess að umgjörðin í kringum þennan bikarúrslitaleik 1992

og það var aldrei spurning um hvort liði myndi vinna en lokatölur voru 5-2 og við trylltumst af gleði eftir þennan dramatíska bikarúrslitaleik. Í þessu bikarliði Vals voru margar gamlar kempur, t.d. Bjarni Sig í markinu, Sævar Jóns, Steinar Adolfs, Einar Páll, Balli Braga, Gústi Gylfa, Salih Heimir Porca og Antony Karl, Jón Grétar og Daði Dervic," segir Sigurbjörn stoltur yfir því að hafa verið í þessu sigursæla liði.

Hallar undan fæti hjá Val

Sigurbjörn segir að gallinn við þetta frábæra lið á þessum tíma hafi verið að í það vantaði marga árganga, það hafi verið frábærir leikmenn komnir á seinni hluta ferilsins en síðan voru nokkrir ungir og efnilegir leikmenn sem voru ekki alveg tilbúnir að taka við. „Maður byggir ekki upp gott lið á eintómum kjúklingum, það verður að vera blanda yngri og eldri leikmanna sem ná vel saman. Við vorum með þrusugott fótbolta-lið á þessum tíma en ekki nægilega góða aldurs-samsetningu, ég vil meina að það hafi komið liðinu í koll. Árið 1993 og 1994 lentum við í 4. sæti í deildinni og 1993 töpuðum við í undanúrslitum í bikar á móti Keflavík. Sumarið 1995 var eintóm þrautaganga en við redduðum okkur fyrir horn í síðustu leikjunum. Tímabilin 1996 og 1997 gengu síðan ágætlega en þó nokkur þjálfaraskipti voru á þessum árum en 1998 vorum við í bullandi fallhættu en náðum að bjarga okkur fyrir horn,“ segir Sigurbjörn þungur á brún.

Valur fellur sumarið 1999 í fyrsta sinn í sögunni

„Ef einhverjum gömlum Valsmönnum hefur fundist að himininn hafi verið að hrynja þegar liðið féll 1999 þá get ég lýst því þannig að sólin hafi dottið ofan á mig, mér fannst ég brenna upp til agna, þetta var hræðilegur dagur í Grindavík í síðustu umferðinni sem ég gleymi aldrei. Það veit enginn sem ekki spilaði þennan fallelík hversu hræðileg tilfinningin var,“ segir Sigurbjörn þungur í brún. „Bæði lið, Valur og Grindavík, þurftu að vinna þennan leik til að bjarga sér örugglega frá falli, en á sama tíma léku Víkingar við Fram. Við vorum í bestu stöðunni, jafntefli hefði örugglega nægt og við máttum tapa leiknum ef Fram næði ekki að vinna Víking. Í hálfleik vorum við 1-0 yfir og í góðum málum. Í síðari hálfleik náðu þeir að jafna, við panikeruðum og þeir komust fljótlega yfir 2-1. Á þessum tíma var staðan alltaf 2-2 í leik Fram og Víkings. Við sóttum og sóttum, settum allt liðið í sókn og freistuum þess að jafna en í staðinn náðu þeir að pota inn marki, 3-1 þegar tvær mínútur voru til leiksloka. Við heyrðum af hliðarlínunni að enn væri staðan 2-2 í Framleiknum. En á síðustu stundu skorudu Framarar og unnu því leikinn 3-2 og björguðu sér frá falli. Þetta var algjört áfall, meiriháttar

sjokk, en klúbburinn var búinn að vera á þessari leið í nokkur tímabil,“ segir Sigurbjörn alvarlegur á svip.

Nauðsynleg naflaskoðun

Sigurbirni finnst Valur ekkert minna stórveldi þó að liðið hafi fallið þrisvar og að öll stórveldi hafi lent í þessu bæði hér á landi og erlendis. „Öll stórveldi í heims-sögunni hafa lent í kröppum dansi. Það er styrkur stórveldis að rísa á ný og koma til baka. Við náðum að komast strax árið eftir í úrvalsdeildina, lögðum allt í að komast meðal þeirra bestu á ný,“ segir Sigurbjörn ákveðið.

Flakk á milli deilda

„Árið 2001 féllum við aftur, en það sumar vorum við með 17 stig fyrri hluta sumars en í seinni umferðinni gekk allt á afturfótunum og við enduðum með 19 stig. Það var aulaskapur að falla aftur. Þá var klúbburinn að mínu mati nánast dauður, ég man alltaf eftir því að þetta haust var nánast ekki stjórn í knattspyrnu-deildinni, það var enginn eftir og maður hugsaði með sér, ætti maður bara ekki að drífa sig núna. Það var ekki hægt að líta á þetta annað fall sem tækifæri til naflaskoðunar, það var hreinlega áfall. Ég bara gat ekki horfið á braut. Þorlákur Árna kom sem þjálfari, ég var eftir, Guðni Rúnar var líka og við fengum ýmsa stráka til að snúa heim sem höfðu leikið með öðrum liðum, við spiluðum skemmtilegan fótbolta og vorum búnir að tryggja okkur árið 2002 sæti í úrvalsdeildinni eftir 11 umferðir fyrir verslunarmannahelgi. Við vorum með frábærlega spilandi lið en ekki nægilega reynslumikið til að spila í úrvalsdeild. Það kom berlega í ljós árið eftir 2003 að liðið var ekki tilbúið í úrvalsdeildina, nánast sama liðið með tvo nýja góða leikmenn minnir mig, Hálfán Gísla og Jóhann Möller, það var bara ekki nóg. Reyndar var algjör klaufaskapur að falla í þriðja sinn með 20 stig, við gerðum jafntefli við KA í næst síðustu umferð, með sigri þar hefðum við hangið uppi. Við steinlágum í síðustu umferðinni á móti Fylki og fall í þriðja sinn var staðreynd. Árið 2004 lékum við enn á ný í fyrstu deild, ósáttir við það nánast með sama lið og árið áður og við gerðum

einfaldlega það sem þurfti til að komast upp aftur og vorum oft gagnrýndir fyrir leiðinlega spilamennsku, við einfaldlega ætluðum að fara aftur upp og hugarfarið var að gera það sem þurfti til að vinna og klára dæmið, það skipti okkur minna máli hvernig við spiluðum,“ segir Sigurbjörn þungt hugsi.

Tryggð við félagið

Sigurbjörn telur að mestu hetjurnar séu ekki alltaf í sigurlíðum, það sé mikil misskilningur að einfalda það þannig því til að þroskast sem persóna og leikmaður þurfa menn að geta unnið í mótbyr og meðbyr og fylgt sinni sannfæringu. „Ef við hefðum ekki fylgt félaginu nokkrir í gegnum þetta erfiðleikatímabil þá hefði Valur ekkert farið upp úr 1. deildinni strax aftur. Ég gat ekki hugsað mér að spila með öðru liði, ég á það marga góða vini í Val og félagið togar það sterkt í mig að ég tel mig hafa haft þá ábyrgð að koma liðinu aftur meðal þeirra bestu. Markmiðið hjá mér var alltaf að ná stórum titlum með Val, ég ætlaði ekki að missa af því þegar það gerðist,“ segir Sigurbjörn og fylgir þessum orðum sínum eftir af mikilli sannfæringu.

Velgengni 2005

„Síðasta tímabil hefur verið hreint frábært. Á undirbúningstímabilinu gekk allt upp, við fengum marga góða leikmenn sem féllu vel inn í hópinn, koma Willums sem þjálfara hreinlega setti alveg nýtt hugarfar í liðið. Á þessum tímamarki hentaði vinnuáferð og hugmyndafræði hans pottþétt inn í hópinn og hann hefur mikinn sigurvilja. Stjórnin var styrk, umgjörðin góð og stuðningsmennirnir, Studarar, frábærir. Við ætluðum saman að búa til lið sem væri í toppbaráttunni hér á Íslandi og árangurinn lét ekki á



Góðir félagar í æfingafærð á Kýpur. Frá vinstri: Valur Valsson, Lárus Sigurðsson, Jón S. Helgason og Sigurbjörn Hreiðarsson.



Í faðmi fjölskyldunnar. Sigurbjörn Hreiðarsson með Sonju Evu 3ja ára og Bríet Pálsdóttir með Valdísi Björgu 5 ára.

sér standa, t.d. Íslandsmótið innanhúss, Reykjavíkurmótið og önnur svokölluð karmellumót, við rúlluðum þeim upp. Í liðinu er mjög góð blanda yngri og eldri leikmanna, gott jafnvægi og það er að mínu mati lykilinn að ná góðri liðsheild. Íslandsmótið spilaðist þannig að fljótlega kom í ljós að FH væri með sterkasta liðið og þegar upp var staðið var ljóst að þeir voru langbestir en við vorum langnæstbestir, en í bikarnum vorum við langbestir,“ segir Sigurbjörn glaðlega.

Bikarmeistarar 2005

„Við vorum gríðarvel stemmdir í bikarkeppninni. Eftir að við náðum að vinna KR á útivelli í 8 liða úrslitum var ég sannfærður að við myndum fara alla leið. Stemningin í hópnum var frábær í bikarnum og mikill vilji til að taka loks eina stóra dollu að Hlíðarenda. Mér fannst gríðarlega skemmtilegt að taka þátt í úrslitaleik bikarkeppinnar í sumar á móti Fram, maður var þátttakandi í leiknum og gleðin yfir sigrinum var mun meiri núna en 1992, maður upplifir meiri gleði eftir að hafa verið þátttakandi í leiknum,“ segir Sigurbjörn brosandi.

Atvinnumaður með Trelleborg

Sigurbjörn hefur einu sinni reynt fyrir sér í atvinnumennsku en hann fékk 1999 tilboð frá Trelleborg í Svíþjóð. „Útsendarar sáu leik með mér og buðu mér út til reynslu um haustið og voru það ánægðir að þeir buðu mér samning. Ég flutti út í janúar 2000 en gekk ágætlega í byrjun, en varð fyrir því óhappi eftir stutta dvöl hjá liðinu að lenda í ökkrameiðslum og missti af undirbúningstímabilinu, æfingaleikjum og kom ekkert inn í liðið fyrr en eftir að mótið byrjaði. Ég náði aldrei að komast í það hlutverk sem upphaflega stóð til, en okkur gekk ágætlega

í deildinni, enduðum nokkrum stigum frá Evrópusæti. Síðan urðu þjálfaraskipti og ég endaði sem varabakvörður þegar leið á undirbúningstímabilið og ég hugsaði með mér að ég nennti ekki að leika í atvinnumennsku sem varabakvörður. Ég ákvað því að fá mig lausan og koma heim aftur til að spila fyrir Val sumarið 2001. Dvölin í Trelleborg var frábær og ég bý að þeirri reynslu sem fótboltamaður og sem persóna. Draumurinn um frekari atvinnumennsku er ekki lengur til staðar, ég vil frekar spila hér heima fyrir Val og vinna titla með þeim. Ég myndi hins vegar skoða málið ef freistandi tilboð kæmu,“ segir Sigurbjörn.

Glæsileg uppbygging að Hlíðarenda

Nú er unnið að fullum krafti við uppbyggingu nýrra húsa og valla að Hlíðarenda.

„Aðstaðan verður frábær þegar uppbyggingu verður lokið, öll aðstaða verður til fyrirmyndar, og svæðið hið glæsilegasta. Á uppbyggingartímanum verður að segjast eins og er að það verður erfitt að markaðssetja félagið og halda aðdráttaraflinu í gangi. Það er ekkert spes að vera með æfingar út um allan bæ, bæði í meistaraflokknum og yngri flokkunum, önnur lið hafa mörg núna mun betri aðstöðu. Við verðum að horfa til þess að toppaðstaðan kemur hjá okkur innan tíðar, það þarf bara að þræuka þangað til. Mér finnst mjög mikilvægt að lítið knatt-hús rísi með yfirbyggðan gervigrasvöll sem allra fyrst á Hlíðarenda, fyrir allt uppbyggingarstarf hjá félaginu. Ég hef ekki trú að við missum leikmenn eða krakka í yngri flokkunum en markaðsstarfið verður erfiðara þangað til ný aðstaða verður tilbúin. Það er mikilvægt í öllum flokkum að nýta Valsheimilið fyrir félagsstarfið í flokkunum til að skapa sem besta félagslega tengingu.“

Kvennaknattspyrna og jafnrétti

„Við eigum að stefna að því að vera alltaf bæði með kvenna- og karlaliðin á toppnum, það er ekki spurning. Nú á ég tvær ungar dætur og ekki vil ég að þær fái minni alúð eða tíma en strákararnir, það er alveg á hreinu. Stelpurnar hafa undanfarið verið flaggskip félagsins og það má ekki gleyma því að þær hafa haldið nafni félagsins á lofti undanfarin ár í fótboltanum,“ segir Sigurbjörn ákveðið.

Heilræði til íþróttamanna

Sigurbjörn á ekki í vandræðum með að svara þegar spurt er um heilræði fyrir yngri iðkendur. „Númer eitt er að halda haus, ekki gefast upp þótt móti blási, sýna dugnað og metnað á æfingum, setja sér skýr markmið, hlusta á þjálfarana og bera virðingu fyrir samherjum og andstæðingum og bera virðingu fyrir félaginu,“ segir Sigurbjörn ákveðið. Sigurbjörn segir að hann stefni að þjálfun að loknum ferlinum í knattspyrnu.

Væntingar um árangur

„Ef árangur á að nást þá þarf umgjörðin að smella saman, þ.e. góður leikmannahópur, færir þjálfarar, góð stjórn, frábærir stuðningsmenn, við erum með þetta allt, en ég sakna þess vissulega næsta sumar að spila ekki á Hlíðarenda, þar finnst mér alltaf best að spila. Það eru sterkir leikmenn að koma upp úr 2. og 3. flokki og mikilvægt er að gefa ungum leikmönnum sem hafa alist upp hjá félaginu tækifæri,“ segir Sigurbjörn sannfærandi. Að mati Sigurbjörns eru væntingar um árangur miklar hjá Val, en það sé ekkert sjálfgefið að árangur náist endalaust, þótt félagið hafi mikla sigurhefð í gegnum tíðina. „Við höfum styrkar stoðir sem halda félaginu gangandi bæði í meðbyr og mótbýr. Styrku stoðirnar felast ekki bara í því að vinna titla, heldur í því að lifa af þegar á móti blæs og rísa upp aftur og það er einn meginstyrkleiki Vals,“ segir Sigurbjörn sannfærandi að lokum.



Sigurbjörn leikmaður 2. flokks karla 1994.

Gefandi Starf

Eftir Þorstein Haraldsson

Á miðvikudagskvöldum voru fundir í Unglingadeild sem ég hlakkaði til alla vikuna. Það var eins og þeir gæfu sjálfum mér meiri kraft. Sömuleiðis var oft skemmtilegt á undan fundunum þegar strákarnir söfnuðust í hópa og fóru að tefla eða spjalla saman og gera að gamni sínu. Þá hafði ég gaman af að hverfa inn í hópinn og virða fyrir mér hreyfingar, takta og sérkenni hvers og eins, án þess þeir yrðu varir við að þeir stæðu frammi fyrir andlegri myndavél. Það var margt hægt að læra af glensi strákanna og meinlausri stríðni og nýta það til þess að vinna á móti göllum þeirra og styðja kostina (án þess að þeir vissu af því sjálfir að verið var að hafa áhrif á þá persónulega). Það þurfti oft ekki að segja nema eina setningu, eins og í framhjá-hlaupi, til þess að vekja athygli þeirra á einhverju sérstöku í fari þeirra eða framkomu, án þess að þeir myndu að verið væri að stýra þeim.

Þegar sjálfur fundurinn hófst og strákarnir voru sestir var líka fróðlegt að taka eftir og „stúdera“ þá eins og opna bók og lesa þar milli línanna. Hvernig þeir sungu og stellingar þeirra undir söngnum, svipbrigði og ýmsir smámunir, hvort þeir voru gláðvakandi eða hálfsofandi undir ræðum eða tali, allt þetta gaf mér tilefni til íhuga og leiðbeina þeim. Fallegast af öllu fannst mér samt að sjá þegar „sálin var að vakna“, sjá fyrstu skímuna læðast inn í meðvitundina því það gaf til kynna að hún myndi vakna til fulls og viðkomandi taka afstöðu til sjálfs sín og til Guðs og manna. Þá var mikilvægt fyrir mig sem leiðtoga að neita mér um að grípa inn í á meðan það var ótímabært, en vera hins vegar til taks til að hjálpa eða leiðbeina þegar leitað væri eftir því. Allt þetta gerir starfið með unglíngunum svo gefandi að því verður varla lýst, þótt því fylgi oft sársauki líka.

Aldrei mun ég gleyma einum fundinum í Unglingadeildinni en hann átti sér aðdraganda sem ég ætla að segja hér frá: Á einhverju uppboði hafði ég endur fyrir löngu keypt bunka af gömlum bókum og í honum rakst ég svo einn dag af tilviljun

(hafi það þá verið tilviljun) á eina mjög fornlega skruddu. Það voru sorgarleikir Sophoklesar á grísku. Ég fór að blaða í bókinni og tek þá eftir að neðan undir gríska textanum, sem ég réð ekki við að lesa, var þýðing á latínu. Ég tók mig svo



til og las þessa latnesku þýðingu á sorgarleiknum „Oedipus tyrannus“. Ég las hana ekki vandlega en þó svo að ég gat áttað mig á efninu. Skömmu síðar fór ég einn miðvikudag suður að Vífilstöðum, og dvaldi þar svo lengi hjá Sigurði lækni vini mínum að ég komst heim rétt í tæka tíð til að setja fundinn með því að hlaupa

alla leiðina. Þegar ég var búinn að segja til um hver fyrsti söngurinn skyldi vera og strákarnir voru byrjaðir að syngja, fór ég að hugsa um frá hverju ég ætti að segja þeim. Ég hafði ekki undirbúið mig neitt vegna þess hvað ég stoppaði lengi á Vífilstöðum. Mér datt þá Oedipus í hug og meðan verið var að syngja sönginn eftir bænina, fór ég niður í kjallara og náði í bókina. Svo las ég þennan mikla harmleik upp eins vel og ég gat eftir stuttan formála. Það má nærri geta, að þýðing mín á latínunni var ekkert snilldarverk, en það jók áhrifin hvað ég var sveittur og ör eftir gönguna. Ég var svo bundinn við bókina að ég gat ekki litið á áheyrendurna, en fann þó að ég átti athygli þeirra. Svo í síðasta þætti varð mér litið upp, því ég fann að þögnin var full af eftirvæntingu. Þá mætti mér sýn, sem ég sé enn fyrir mér: Augu allra strákanna sem störfu á mig, full af tárur, sem ekki einu sinni var reynt að dylja. Það var eins og allir héldu niðri í sér andanum. Ég klökknaði líka í lestrinum þegar ég sá fyrir mér hinn blindaða konung koma út úr höllinni með andlitid alblóðugt og hefja sínar síðustu átakanlegu harmatölur. Sorgarleiknum var lokið. Drengirnir sátu eins og agndofa, enginn hreyfði hendurnar til að klappa og það þótti mér vænt um. Ég talaði síðan hægt og lágt í nokkrar mínútur um mismuninn á trúnni á þá guði, sem jafnvel reka göfugar sálir út í glæpi og hinar hræðilegustu afleiðingar þeirra, og á kærleiksríkum föður okkar á himnum. Svo var þessum fundi slitid. – Hjarta mitt var barmafullt af þakklæti því að ég fann að þetta var sérstök gjöf og ég veit að engin prédíkun hefði haft eins mikil áhrif á hugi drengjanna.

Þessi grein er byggð á frásögn séra Friðriks Friðrikssonar af fundum í Unglingadeild, en hér er á ferðinni efni sem þjálfarar og leiðbeinendur í Val mega ekki láta fram hjá sér fara.



TAGHeuer

WHAT ARE YOU MADE OF ?



BRAD PITT and his Carrera Tachymetre Automatic Chronograph

SWISS AVANT-GARDE SINCE 1860

www.tagheuer.com

Ég vil sjá aukna áherslu á almennings íþróttir hjá Val

Viðtal við Pétur Veigar Pétursson nýjan íþróttafulltrúa Vals

Pétur Veigar Pétursson íþróttakennari var ráðinn nýr íþróttafulltrúi Vals síðsumars og kann ákaflega vel við sig að Hlíðarenda og finnst mikill heiður vera fólgin í að fá að starfa hjá eins stóru og rótgrónu félagi og Val. Hann vonast til þess ásamt öllu því góða fólki sem starfar innan félagsins að byggja enn frekar ofan á traustan grunn og nýta þau tækifæri sem gefast til að efla starfsemina enn frekar.

Starf íþróttafulltrúa er ákaflega fjölbreytt. Íþróttafulltrúi starfar á faglegum grunni og hefur umsjón með að skipuleggja íþróttalega þætti í starfi yngri iðkenda hjá íþróttafélaginu. Helstu verkefni felast í samskiptum við sérsamböndin, að hafa umsjón með íþróttaskólum Vals, að hafa umsjón með úthlutuðum æfingátímum félagsins, innheimta æfingagjöld, stuðla að samskiptum félagsins við skóla og félagsmiðstöðvar, annast útgáfu kynningarefnis, að halda utan um iðkendatal og ýmis verkefni í samstarfi við framkvæmdastjóra og aðalstjórn félagsins. Pétur telur að verkefni séu næg og alltaf sé meira en nóg að gera í stóru íþróttafélagi.

Fagurgrænn Völsungur

Pétur kveðst fæddur og uppalinn Húsavíkingur og hann byrjaði snemma í íþróttum og æfði og spilaði með fagurgrænum Völsungum upp alla yngri flokkana og hefur víða komið við á mörgum stöðum í íþróttum. „Ég hef æft og keppt í knattspyrnu, handknatt-

leik, á skíðum, í badminton og sundi. Knattspyrnan hefur alltaf verið í uppáhaldi og er sú íþrótt sem ég hef lengst lagt stund á. Draumurinn er auðvitað að fá að spila með Valsliðinu í knattspyrnu og er ég handviss um að Willum mun taka mig beint inn í hópinn ef hann sæi til mín í fimmtudagsboltanum sem við



Stuð hjá strákunum í 5. flokki á Esso mótinu á Akureyri.

félagarnir spilum í Risanum á fimmtudögum,“ segir Pétur glaðlega.

Silfur á opna Húsavíkurmótinu í Boccia

„Ég held alltaf mikið upp á bikarinn sem ég fékk á Tommamótinu í Vestmannaeyjum árið 1990 fyrir sigur í „skalla á milli“ keppninni þar sem mót-skallari minn var enginn annar en Baldur Aðalsteinsson bekkjarbróðir minn og vinur, sá sem færði Val VISA bikarmeistaratitilinn í haust með glæsilegu marki. Mitt helsta afrek á sviði íþróttaverður þó að teljast silfurverðlaun á opna Húsavíkurmótinu í Boccia sem Kiwanisklúbburinn Skjálfandi stóð fyrir

árið 2000. Á því móti höfðum við meðspilari minn spilað mjög agað og passíft boccia en töpuðum í hörkuspennandi úrslitaleik gegn liði Rækjuvinnslunnar. Það má með sanni segja að þarna hafi hápunkti íþróttuferilsins verið náð og hefur leiðin legið niður á við síðan og skal engan undra því áfallið var gríðarlegt,“ segir Pétur í gamansömum tón.

Stærstu sigrar og töp

„Minn stærsti sigur á íþróttavellinum er líklega 17-0 sigur okkar Völsunga á liði Bjarma í Héraðsmóti S-Pingeyinga í kringum 1990. Eftirminnilegasta atvikið er einnig úr þessu móti en þá rak dómariinn einn samherja minn út af í tveir mínútur. Sú refsing hafði þá að mínu viti aldrei verið notuð í knattspyrnuleik áður. Þó svo að sigurinn á framangreindu Héraðsmóti hafi verið stór

þá kemur á móti að ég spilaði með liði Súlnnar frá Stöðvarfirði á Sumarleikum ÚÍA á Egilsstöðum árið 1989. Ég náði mér ekki á strik á þessu móti frekar en aðrir Súlumenn og töpuðum við öllum leikjum mótsins með 10-20 mörkum.“

Skiptinemi í Bandaríkjunum og bensíntittur

„Að framhaldsskóla loknum fór ég á Laugarvatn þar sem ég lauk BS-prófi í íþróttufræðum. Starfsferillinn er ekki langur þar sem ég hef alla mína tíð verið í skóla. Ég hef þó starfað við ýmislegt samhliða skóla og á sumrin, t.d. mikið við þjálfun, sem starfsmaður félagsmiðstöðvar, starfsmaður í Landsbankanum,

verkamaður í Álverinu í Straumsvík, bensínafgreiðslumaður, hef unnið í löndun, í málningavinnu, við sorphirðu og verið skiptinemi í Bandaríkjunum“.

Sterk tengsl milli Vals og Völsungs

„Tíminn hjá Völsungi spannar í raun öll mín æskuár og allt fram yfir tvítugt. Ég var alltaf mikið í kringum íþróttir. Pabbi var lengi í stjórn knattspyrnudeildarinnar og sat ég svo sjálfur í þeirri stjórn um tíma. Það er alveg merkilegt hvað Valur nær vel til fólks á landsbygðinni og þar er Húsvík engin undantekning. Fólk sem búsett er úti á landi er mjög gjarnt á að halda með Val þegar þeirra heimalið spilar í neðri deildum. Ég hélt alltaf með Val sem barn og unglingur, bæði í handbolta og fótbolta. Einnig finnst mér mjög athyglisvert hversu margir Völsungar og Húsvíkingar hafa leikið með Val í fótboltanum undanfarnin ár. Í því samhengi má nefna Baldur Aðalsteinsson, Sigþór Júlíusson, Guðna Rúnar Helgason, Baldvin Hallgrímsson, Benedikt Bóas Hinriksson og nú Pálma Rafn Pálmason og Andra Val Ívarsson. Einnig er Húsvíking að finna í handboltanum, markmanninn Pálmar Pétursson, sem reyndar er bróðir minn. Ég held að þetta sé engin tilviljun. Völsungarnir sækjast einfaldlega í Val,“ segir Pétur ákveðið.

Hvers vegna sóttir þú um starf íþróttafulltrúa?

„Ég tengdist félaginu ekki beint þegar ég sótti um starfið. Ég hef að vísu alltaf verið Valsari í mér og svo er litli bróðir í handboltanum hjá Val. Ég sá stöðuna auglýsta og fannst starfslýsingin henta mér vel. Þegar ég var barn og unglingur léku flestir af mínum uppáhaldsleikmönnum með Val bæði í handbolta og fótbolta fyrir utan nafna minn Pétur Pétursson. Ég leit mikið upp til íþróttamanna eins og Guðna Bergs, Sævars Jóns, Þorgríms Þráins, Geirs Sveins, Valda Gríms, Óla Stef, Dags Sig og Eiður Smári var auðvitað líka ákveðið ædol þrátt fyrir að vera á svipuðum aldri og ég sjálfur. Hann var bara svo hrikalega

góður þegar hann spilaði með Val 16 ára gamall.“

Ýmis tækifæri bjóðast með betri aðstöðu að Hlíðarenda

„Veturinn í vetur hefur verið nokkuð erfiður hvað varðar aðstöðu og næstkomandi sumar mun það sama verða uppi á teningnum. Við leysum þó bara þau vandamál sem upp koma og lítum bjartsýn til framtíðar því stutt er í að Valur geti hýst alla sína starfsemi að Hlíðarenda við bestu mögulegar aðstæður. Samhliða bættri aðstöðu gefst okkur kostur á að auka gæði íþróttastarfsins á öllum aldursstigum sem væntanlega mun skila sér í enn betri árangri og meiri gæðum alhliða íþróttastarfs þegar til lengri tíma er litið,“ segir Pétur einbeittur.

Íþróttir eiga að byggjast upp á samlandi af keppni og félagslegum þáttum.

Pétur vill leggja megináherslu á félagslegu gildin í yngstu flokkunum og til að börnin öðlist þann áhuga sem til þarf til að halda áfram íþróttaiðkun segir hann mikilvægt að fyrstu kynni þeirra af íþróttum séu jákvæð. „Mikilvægt er að kenna börnum að taka bæði sigri og ósigri og auk þess þurfa börn að læra að bera viðingu fyrir íþróttinni og öllum sem að henni koma, þjálfurum, andstæðingum, áhorfendum og síðast en ekki síst dómurum. Eftir 15-16 ára aldur er æft með keppni á að leiðarljósi en til að ná árangri í hópíþrótt er mikilvægt að félagslega hliðin sé ræktuð og að iðkendur, þjálfarar og foreldrar standi saman

og setji sér sameiginleg markmið,“ segir Pétur ákveðið.

Forvarnargildi íþróttanna

„Það hefur löngum sannað sig að fyrir utan foreldra og fjölskyldu er reglubundin þátttaka í íþróttum besta forvarnarleiðin fyrir börn og unglinga. Þátttaka í íþróttum leiðir af sér heilbriggt líf og jákvætt viðhorf gagnvart sjálfum sér. Sjálfsmýndin styrkist og einstaklingurinn verður betur í stakk búinn til að taka eigin ákvarðanir á ábyrgan hátt. Það er engin tilviljun að virtar rannsóknir sýni fram á mikið lægri tíðni vímuefnaneyslu unglinga í íþróttum miðað við þá sem ekki stunda íþróttir,“ segir Pétur og vill hvetja sem flesta til að taka þátt í reglubundinni íþróttaiðkun.

Valur á að vera þjónustuaðili fyrir íbúa á skilgreindu félagssvæði

„Ég tel að Valur hafi staðið sig vel í að þjónusta börn og unglinga í hverfinu og að þar hafi verið vandað til verks. Auk þriggja vinsælla íþróttagreina býður Valur upp á sumarþúðir og íþróttaskóla fyrir yngstu börnin í hverfinu. Í framtíðinni vil ég samt sjá aukna áherslu á almenningsíþróttir innan Vals. Við þurfum að nýta þá frábæru náttúru sem finna má í kringum félagssvæði Vals og þau tækifæri sem aðstaða okkar býður upp á og í leiðinni fjölga virkum iðkendum í félaginu. Ég vil að stofnaðir séu hópar áhugafólks um almenna líkams- og heilsurækt í nafni Vals. Umhverfið býður upp á aðstöðu fyrir gönguhópa, skokkhópa, hjólahópa o.fl. Með þessu virkjum við ekki aðeins börn og unglinga til þátttöku í íþróttastarfinu heldur einnig pabba og mömmu, afa og ömmu og Valsara á öllum aldri,“ segir Pétur.

Gott og metnaðarfullt samstarf allra er lykilatriði

„Æfingin skapar meistarann en æfingin er ekki það eina sem til þarf. Til að ná árangri þurfum við að hafa metnað fyrir því sem við gerum, þurfum að vera jákvæð og vinna sem hluti af einni heild. Gott og metnaðarfullt samstarf iðkenda, foreldra, þjálfara og stjórnarmanna félagsins auk jákvæðs andrúmslofts er að mínu mati lykillinn að góðum árangri,“ segir Pétur sannfærandi að lokum.



Ég vil spila með stórlíði í framtíðinni

Ingólfur Sigurðsson leikur knattspyrnu með 4. flokki og fékk Lollabikarinn 2005

Ingólfur er tólf ára og hefur æft með Val síðan hann var um sjö ára gamall. Það kom ekkert annað til greina en að byrja að æfa með Val þar sem stóri bróðir hans (Atli Sigurðsson í 2. flokki) var í Val auk nokkurra góðra vina hans.

„Ég hef fengið góða hvatningu hjá foreldrum mínum, pabbi hefur keyrt okkur bræðurna á nánast hverju einustu æfingu og síðan má ekki gleyma mömmu sem eldar ótrúlega góðan mat ofan í okkur bræðurna. Stuðningur foreldra er mikilvægur ef maður ætlar að ná langt, hvort sem það er í námi eða íþróttum.“

– Hvernig gekk ykkur í sumar?

„Okkur í A-liðinu í 5. flokki gekk ágætlega seinasta sumar, en við vorum satt best að segja ekkert voðalega meira heldur en miðlungslíð. Við getum þó spilað frábæran fótbolta sem gaman er að horfa á. Við fórum á Essómótíð og lentum í gífurlega erfiðum riðli. Við vorum óheppnir í mörgum leikjum og var sérlega svekkjandi að þurfa að sætta sig við að lenda í 17. sæti. Hópurinn núna í 4. flokki er ágætur, við erum með góðan þjálfara sem er gríðarlega metnaðarfullur og hef ég fulla trú á að við getum náð árangri næsta sumar, ef við leggjum hart að okkur.“

„Ég get talið upp endalaus leikmenn sem ég fylgist mikið með eins og Ronaldinho, Gerrard og það er einnig gaman að sjá Messi spila, sem er ungur leikmaður sem er að mála hjá Barcelona. Sá leikmaður mun láta verulega til sín taka á næstunni og ef hann heldur áfram á þeirri braut sem hann er á gæti Ronaldinho þurft að sætta sig að verma varamannabekkinn oftast en ekki!“

Síðan les ég mikið

um gamlar stjórnur, eins og t.d. Diego Maradona, Pele og Michael Jordan. Ég hef einnig séð mörg myndbönd af þeim og er ótrúlegt að horfa á þau.“

– Hvað þarf til að ná langt í fótbolta eða íþróttum almennt?

„Maður þarf að hafa mikinn sjálfsga til að ná langt í íþróttum. Ég tel að það sé líka mjög mikilvægt að allt sé í lagi í öllu hjá manni, eins og t.d. að vera ekki með fólki sem hefur vond áhrif á mann eða eitthvað slíkt, þetta er allt ein stór keðja og ef einn hlekkur af keðjunni slitnar er keðjan ónýtt. En það er samt alltaf hægt að laga keðjuna aftur.“

– Hvers vegna fótbolti?

„Eftir að ég byrjaði að spila fótbolta þegar ég var nýbyrjaður í skóla varð ekki aftur snúið. Ég byrjaði lélegur en æfði mig mikið, því ég vildi auðvitað vera bestur. Mig minnir að fljótt eftir að ég byrjaði að hafa áhuga á fótbolta, byrjaði ég að vinna ýmsa fótboltaleiki og man ég að ég var alltaf í stígvélum, en flestir bekkjarbræður mínir í nýjstu og fínustu fótboltaskónum. Ég hef æft lítið fleiri íþróttir en fótbolta, en hef þó prófað nokkrar íþróttir eins og frjálsar og handbolta. Ég fór aðallega í frjálsar til að bæta

snerpuna og sprengikraftinn. Fótbolti er stór hluti af lífi mínu, mér líður t.d. alltaf illa þegar ég er að gera eitthvað annað í frítíma mínum en að spila fótbolta. Ég segi þó ekki að fótbolti sé lífið, en það er allavega stór hluti af því!“

– Hverjir eru þínir framtíðardraumar í fótbolta og lífinu almennt?

„Flest allir sem æfa fótbolta vilja vera meðal þeirra bestu í Evrópu og jafnvel í heiminum. Ég get alveg viðurkennt það að ég er engin undantekning í þeim hópi. Ég vil ná árangri og þó maður sé frá Íslandi er alveg hægt að ná langt. Eins og til dæmis Eiður Smári Guðjohnsen, hann spilar með einu af bestu félagsliðum í heimi og finnst mér líðið spila mun betur og skemmtilegri fótbolta þegar Eiður Smári er inni á vellinum. Ég vil spila fyrir stórlíð í framtíðinni og ég læt það hafa engin áhrif á mig þótt einhverjir segi við mig að ég geti það aldrei. Ég hef nokkrum sinnum lent í því og ég ætla að gera mitt besta til að reyna að láta þá éta upp orð sín.“

Þekktur Valsari í fjölskyldunni

„Ég held að Dóra Stefánsdóttir sé stærsti Valsarinn í fjölskyldunni. Hún er frábær og ég ber mikla virðingu fyrir henni.“

– Hvaða þýðingu hefur það fyrir þig að hafa fengið Lollabikarinn?

„Það er vissulega góð viðurkenning að fá Lollabikarinn. Ég hélt að hann væri bara veittur fyrir 4., 3. og 2. flokk, þannig að þetta kom mér mikið á óvart. Ég er mjög metnaðarfullur og læt ekki hafa nein áhrif á mig þótt ég hafi unnið til þessara verðlauna. Ég er alltaf stoltur þegar ég kem auga á bikarinn heima, en ég tek þessu einungis sem hvatningu.“

– Hver stofnaði Val og hvenær?

„Það var að sjálfsgöðu sr. Friðrik Friðriksson sem stofnaði Val, þann 11. maí 1911.“



Finnur K.

Stoltir fedgar Ingólfur Sigurðsson ásamt föður sínum, Sigurði Konráðssyni fyrir utan Valsheimilið með Lollabikarinn eftir uppskeruhátíðina.

Ég þarf að vera sneggri í löppunum og reyna að laga skapið

Hafdís Tinna Pétursdóttir leikur handbolta með 4. flokki

Hafdís Tinna er 15 ára og er í 4. flokki en æfir einu sinni í viku með unglingsflokki, hefur æft handbolta í u.þ.b. 5 ár. Hún er komin úr Valsfjölskyldu, ólst eiginlega upp í Valsheimilínu þannig að það kom ekkert annað lið til greina.“

– Hvaða hvatningu og stuðning hefur þú fengið frá foreldrum þínum?

„Alveg nægan stuðning, þau æfðu bæði handbolta á sínum tíma þannig þau vita hvað það er mikilvægt, mér finnst hann frekar mikilvægur.“

– Hvernig gengur flokknum?

„Okkur gengur bara sæmilega. Við stefnum á að fara til Ungverjalands í kringum páskana en er ekki alveg viss hvort við förum eitthvað út á land. Okkur gekk ekkert sérstaklega vel í fyrra enda hættum við í næstum heilt ár. En núna erum við byrjaðar aftur á fullu og mér list alveg ágætlega á hópinn núna, þetta eru skemmtilegar og hressar stelpur.“

– Segðu frá skemmtilegum atvikum úr boltanum.

„Einu sinni vorum við á æfingu og vorum að spila í tveimur liðum og Silla þjálfari sagði Rakel að leysa inn þegar hún væri í sókn en Rakel leysti inn á miðju þegar hún var í vörn. Mér fannst það frekar fyndið.“

– Fyrirmyndir í handboltanum.

„Sko ég reyni að fylgjast svolítið með meistaraflokki kvenna og karla í Val því maður lærir frekar mikið af þeim, svo finnst mér Ólafur Stefánsson náttúrulega góður leikmaður.“

– Hvað þarf til að ná langt í handbolta eða íþróttum almennt?

„Stunda æfingarnar vel, það er lykilatriðið. Góður liðsandi, sterk vörn og öflugar sóknir og bara þetta venjulega.“

Ég þarf að vera sneggri í löppunum og

vera ákveðin, reyna svo að laga skapið, get orðið frekar skapstór og það truflar mig þegar ég er að spila.“

– Hvers vegna handbolti?

„Fann mig best í handboltanum og dró vinkonur mínar með og þetta er bara búið að vera mikið stuð síðan. Hef annars æft ballett, skíði, sund, fótbolta og golf. Mér finnst handbolti ómissandi.“

– Hversu mikilvægur er félagsskapurinn í handboltanum?

„Mjöðög mikilvægur, það hefur svo mikið að segja ef mórallinn er góður innan liðsins. Við erum búnar að fara á Pizza Hut, svo bauð Silla þjálfari okkur heim til sín í pasta og svo erum við búnar að fara í sund, ætlum að reyna að hafa eitthvað skemmtilegt af og til svo við getum bætt vináttuna innan liðsins.“

– Hverjir eru framtíðardraumar þínir í handbolta og lífinu almennt?

„Er ekki komin með neina sérstaka enn þá en mig langar að ná langt í handboltanum.“

– Þekktur Valsari í fjölskyldunni.

„Frændi minn Reynir Vignir fyrirverandi formaður Vals svo er Kristinn Lárusson fótboltakappinn giftur frænku minni (ef það telst með).“

– Hver stofnaði Val og hvenær?

„Sr. Friðrik Friðrikson 11. maí 1911.“

– Lífsmottó:

„Winner never quits, quitter never wins!“

www.valur.is

Vel heppnuð jólahátíð handknattleiksdeildar

Fjölmennt jólahátíð handboltans var haldin 14. desember og var hún hin glæsilegasta. Margir skemmtilegir vinningar unnust í bingóinu, spil, bakpokar, húfur og svitabönd og gjafabréf. Viggó Sigurðsson, landsliðsþjálfari karla, kom í heimsókn sem leynigestur og talaði við krakkana. Hann ræddi á skemmtilegan hátt við krakkana um hvað þyrfti til að ná langt í íþróttum.

Hann aðstoðaði síðan þjálfarana við að afhenda mætingaverðlaun, en tveir iðkendur í hverjum flokki (3.-6. fl. karla og kvenna) fengu viðurkenningar. Iðkendur í 7. og 8. fl. karla og kvenna fengu viðurkenningarskjöl fyrir frábæra frammistöðu það sem af er vetri. Loks gæddu allir sér á frábærum veitingum sem iðkendur komu með.

Þessi jólastund heppnaðist mjög vel og var skemmtileg og ánægjulegt var að sjá hversu mætingin var góð og sérstaklega að fjölmargir foreldrar komu með börnum sínum.

Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari með 7. fl. karla.



6. fl. karla. Alexander Júlíusson, Fjöltnir Georgsson, Jóhannes Lange þjálfari og Viggó Sigurðsson.



4. fl. kvenna. Sigurlaug Rúnarsdóttir þjálfari, Heiða Kristinsdóttir, Krístrán Njálssdóttir og Viggó Sigurðsson.



5. fl. kvenna. Birna Steingrímisdóttir, Bjarney Bjarnadóttir þjálfari, Helga Þóra Björnsdóttir og Viggó Sigurðsson.



5. fl. karla. Þorsteinn, Valur Hreggviðsson, Jón Halldórsson þjálfari og Viggó Sigurðsson.



6. fl. kvenna. Fífa Eik Hjálmarsdóttir, Sólveig Lóa Höskuldsdóttir, Kolbrún Franklín aðstoðarþjálfari og Viggó Sigurðsson.



4. fl. karla. Sigurður Þ. Sigurþórsson þjálfari, Jón Halldór Hjartarsson, Viggó Sigurðsson, á myndina vantar Aron Hjalta Björnsson.



3. fl. karla. Ingvar Guðmundsson, Orri Freyr Gíslason og Viggó Sigurðsson.



Ákvað bara að fylgja öllum systkinum mínum

Rebekka Rut Skúladóttir leikur handbolta með unglinga- og meistaraflokki

Fæðingardagur og ár: 25. október 1988.

Nám: Stunda nám við Fjölbrautaskólann í Breiðholti.

Kærasti: Helgi Óttarr Hafsteinsson.

Frægur Valsari í fjölskyldunni: Drífa Skúladóttir og síðan auðvitað ég sjálf.

Hvernig er að æfa handbolta með

systur sinni: Það er mjög gaman, bæði kostir og gallar.

Hver er besti íþróttamaðurinn í fjölskyldunni?

Hrabba systir hefur afrek að mest af okkur.

Hvað gætir þú aldrei hugsað þér að verða?

Dýralæknir, er mjög illa við dýr.

Stjörnunspá þín fyrir

næsta ár: Íslandsmeistarar.

Af hverju handbolta?

Ákvað bara að fylgja öllum systkinum mínum, fyrst elti ég þau í fimleikana svo yfir í handboltann.

Af hverju Valur? Gaman að prufa eitthvað nýtt.

Skemmtilegustu mistök:

Söngurinn er mér erfiður. Lagið: Faðir Abraham og hans synir kom út „Það er Abraham og hans vinir“... Er gott dæmi, var að kenna litlu frænku lagið en klikkaði alveg.

Mesta prakt-arastrík:

Pegar ég prumpaði á kveikjara og sokkabuxurnar mínar fuðruðu upp, ég var um það bil 9 ára og með ekkert vit.

Fyndnasta atvik:

Pegar ég var í Parísarhjólínu í Húsdýra- og

fjölskyldugarðinum með litlu frænku og vinkonum mínum, ég varð svo hrædd að ég pissaði á mig.

Stærsta stundin: Þegar ég vann ostakörfu í bingó.

Athyglisverðasti leikmaður í meistaraflokki: Ramune.

Hver á ljótasta blínn?

Þori ekki að nefna annan en Rósuna hennar Hildar Sifjar.

Mottó: Vertu þú sjálfur.

Fyrirmynd í boltanum:

Systur mínar.

L e y n d a s t i draumur: Að geta sungið.

Við hvaða aðstæður

líður þér

best? Uppi í rúmi að horfa á Skjá einn með nammi og kók.

Hvaða setningu notarðu oftast? Ég get svo svarið það og töff.

Skemmtilegustu gallarnir: Get blásið út um augun.

Hvað er það fallegasta sem hefur verið sagt við þig? Þú ert fyrirmyndin mín.

Fullkomið laugardagskvöld: Hitta vinkonurnar og gera eitthvað skemmtilegt.

Hvaða flík þykir þér vænst um? Diesel gallabuxurnar mínar.

Besti handboltamaður heims: Ólafur Stefánsson.

Besti söngvari: Damien Rice/lofti.

Besta hljómsveit: U2.

Besta bíómynd: Muriels wedding.

Besta bók: Min ven Thomas.

Besta lag: One með U2.

Uppáhaldsvefsíðan: www.blog.central.is/muriels.

Uppáhaldsfélag í enska boltanum: Newcastle.

Eftir hverju sérðu mest? Engu, lifi góðu lífi.

Ef þú yrðir að vera einhver annar: Dorrit forsetafrú.

4 orð um núverandi þjálfara:

Ákveðinn, strangur, stundvís og þínu smá æstur.

Ef þú værir alvaldur í Val hvað myndir þú gera?

Þjóða öllum góðan samning. Þá sérstaklega stelpunum.



Blómstrandi starf í yngri flokkum og meistaraflokkur á uppleið

Skýrsla körfuknattleiksdeildar árið 2005

Á fjölmennum fundi í maí sl. var farið yfir stöðu körfuknattleiksdeildar Vals og markmið sett fyrir tímabilið 2005-2006. Á fundinum kom fram að ný stjórn hefur tekið við og sérstakt fjármálaráð mun starfa fyrir deildina.

Stjórn körfuknattleiksdeildar Vals 2005-2006:

Gunnar Zoëga, *formaður*
Torfi Magnússon, *varaformaður*
Guðmundur Guðjónsson
Hreiðar Þórðarson
Lárus Blöndal
Sveinn Zoëga

Formaður fjármálanefndarinnar er Svali Björgvinsson. Hann hefur fengið marga kraftmikla menn sér til aðstoðar. Með þessum hópi ásamt mörgum öðrum áhugasömum mönnum er ljóst að aukinn kraftur mun fylgja deildinni í vetur. Markmið meistaraflokksins er að komast upp í efstu deild og mæta sterkir til leiks að ári í nýju húsi. Markmið í starfi yngri flokkanna er að búa til breiðan og sterkan hóp af Völsurum en yngri flokka

starfið í körfunni hefur blómstrað undanfarin ár.

Kvennakarfa aftur í Val

Það er sérstaklega ánægjulegt að í haust var kvennakarfan í Val endurvakin en ákveðið var að vera með minniboltaflokk í vetur. Ein besta körfuknattleikskona landsins, Signý Hermannsdóttir, er að þjálfa kvennaflokkinn í vetur. Æfingarnar eru tvisvar í viku fyrir allar stelpur 12 ára og yngri og eru æfingarnar í Austurbæjarskólanum.

Meistaraflokkur

Eggert Maríuson hefur verið ráðinn þjálfari meistaraflokks næstu tvö árin. Eggert hefur þjálfað úrvalsdeildarlið ÍR undanfarin ár með góðum árangri en liðið komst alla leið í undanúrslit á Íslandsmótinu sem lauk í vor.

Eggert Maríuson tekur við þjálfun meistaraflokks af Birgi Guðfinnssyni sem stýrt hefur liðinu síðustu tvö ár. Körfuknattleiksdeild Vals vill við



Finnur K.

Richmond Pittmann í leik í haust.

þetta tækfæri þakka Birgi fyrir störf hans og gott samstarf.

Liðið var öðru sinni mjög nálægt því að komast upp í efstu deild í vor en beið lægri hlut í úrslitaleikjum gegn Hetti. Markmiðið á þessu tímabili er að komast upp í efstu deild og leika meðal hinna bestu á næsta tímabili.

Nokkur breyting hefur orðið á hópnum fyrir þetta tímabil. Ragnar Steinsson ákvað að snúa aftur til Vals frá Skallagrími. Ragnar hefur verið einn okkar sterkasti leikmaður um árabíl og var til að mynda valinn besti leikmaður liðsins á keppnistímabilinu 2003-2004. Það var ákveðið að styrkja hópinn með amerískum leikmanni og mun



Hópmynd af fjörmiklum krökkum í minniboltanum í körfunni.



Ragnar Níels Steinsson í harðri baráttu í 1. deildinni í haust.

Finnur K.

Richmond Pittman leika með liðinu í vetur. Ari Gunnarson hefur einnig snúið heim eftir langa fjarveru en hann hefur leikið með Skallagrími undanfarin ár. Þá hefur Guðjón Hauksson byrjað aftur, Jón Þorkell Jónasson kemur frá Grindavík, Skúli Ingibergur Þórarinsson frá ÍR og Valtýr Sigurðsson er kominn til baka frá Ármanni.

Nokkrir leikmenn hafa farið annað. Aðalsteinn Pálsson hefur skipt yfir í Breiðablik, Guðmundur Kristjánsson er farinn í skóla í Bandaríkjunum, Leifur Steinn Árnason og Steinar Örn Erlendsson fóru í ÍS. Auk þess hefur Gjorgji Dzolev farið til Stjórnunnar og leikur þar undir stjórn Birgis Guðfinnssonar sem þjálfar liðið.

Yngri flokkar

Valur hefur á að skipa frábærum þjálfurum sem hafa náð góðum árangri með yngri flokkana. Á síðasta tímabili þjálfaði Sævaldur Bjarnason unglinga-

flokk, drengjaflokk og 11. flokk. Ágúst Jensson þjálfaði 10. flokk og Bergur Már Emilsson þjálfaði fjóra yngstu flokkana.

Rúmlega 100 iðkendur voru í yngri flokkunum og er mikil áhugi og kraftur hjá öllum.

Gengi yngri flokkanna á síðasta tímabili

Unglingaflokkur, (fæddir 1985-1984), endaði í áttunda sæti í Íslandsmótinu.

Drengjaflokkur, (fæddir 1986-1987), komst í átta liða úrslit á Íslandsmótinu og í undanúrslit í bikarkeppninni en liðið var slegið út af Íslandsmeisturinum í báðum tilvikum.

11. flokkur, (fæddir 1988), var mjög nálægt því að vinna bæði bikarinn og Íslandsmótið en tapaði á síðustu sekúndunum í úrslitaleikjunum.

10. flokkur, (fæddir 1989), komst í úrslitakeppnina en tapaði í undanúrslitum í Íslandsmótinu. Flokkurinn komst í átta liða úrslit í bikarkeppninni og fékk

silfur í Reykjavíkurmótinu.

9. flokkur, (fæddir 1990), var fámennur og lék í c-riðli.

8. flokkur, (fæddir 1991), var stór og góður hópur sem hefur verið á mikilli uppleið og endaði í 2. sæti í b-riðli.

7. flokkur, (fæddir 1992), var stór og myndarlegur hópur eins og 8. flokkurinn sem endaði í 2. sæti í b-riðli á síðasta ári.

Minniboltaflokkarnir eru stór hópur sem náði mjög góðum árangri og sýndi framför á síðasta vetri.

Það er mjög ánægjulegt að allir okkar yngri flokka þjálfarar munu þjálfa áfram í vetur en þeir hafa staðið sig mjög vel í starfi yngri flokka hjá Val. Auk þess hefur Birgir Mikaelsson bæst í hópinn en hann þjálfar tvo minniboltaflokkana í vetur. Mikill fengur er að fá Birgi til Vals en hann er einn reyndasti þjálfari landsins.

Það verða því fjórir minniboltaflokkar í vetur: minnibolti karla 11 ára, minnibolti karla 10 ára, minnibolti karla 9 ára (og yngri) og minnibolti kvenna.

Valsmenn í landsliðum

Fjórir leikmenn Vals léku landsleiki á árinu.

Páll Fannar Helgason og Hjalti Friðriksson léku með U-16 (f. 1989) á Norðurlandamótinu og í A-deild Evrópukeppninnar á Spáni. Í Evrópukeppni náði landsliðið frábærum árangri og hélt sæti sínu á meðal 16 bestu þjóða Evrópu.

Páll Fannar Helgason og Hjalti Friðriksson hafa hvor um sig leikið 13 landsleiki.

Hörður Helgi Hreiðarsson lék með U-18 (f. 1987) á Norðurlandamótinu og í B-deild Evrópukeppninnar í Slóvakíu þar sem liðið náði þeim frábæra árangri að lenda í 2. sæti á mótinu og tryggja sér þar með farseðil í A-deild Evrópukeppninnar á næsta ári.

Hörður Helgi jafnaði í sumar landsleikjamet Bergs Emilssonar en þeir hafa hvor um sig leikið 27 landsleiki í yngri landsliðum Íslands.

Steingrímur Gauti Ingólfsson hefur leikið 13 landsleiki en hann lék með U-20 (1985) í Evrópukeppninni í B-deildinni í sumar.

Á Selfossi (FSU) er starfrækt körfuboltadeild fyrir stráka sem eru í fram-



Meistaraflokkur karla 2005. Efri röð frá vinstri: Sævaldur Bjarnason aðstoðarþjálfari, Guðjón Hauksson, Skúli Þórarinnsson, Kolbeinn Soffússon, Richmond Pittman JR, Jón Þorkell Jónasson, Gústaf Hrafn Gústafsson, Matthías Ásgeirsson og Eggert Marússon þjálfari. Fremri röð frá vinstri: Valtýr Sigurðarson, Ragnar Níels Steinsson, Gylfi Geirsson, Steingrímur Gauti Ingólfsson og Magnús Guðmundsson.

haldsskóla (16-20 ára) og verður skólinn með lið í 1. deildinni í vetur. Brynjar Karl Sigurðsson hefur fengið 16 efnilegustu körfuboltaleikmenn landsins í þetta lið og getur Valur verið stoltur af því að eiga fjóra leikmenn í þessum hópi. Leikmennirnir eru Alexander Dungal, Hallgrímur Pálmi Stefánsson, Gissur Jón Helguson og Hörður Helgi Hreiðarsson

en Hörður lék lykilhlutverk í meistaraflokki Vals á síðustu leiktíð. Við vonum að strákunum vegni vel í skólanum og í körfunni á Selfossi í vetur en það verður gaman að fylgjast með þeim í vetur.

Gunnar Zoëga, formaður körfuknattleiksdeildar Vals

Verðlaun á uppskeruhátíð körfuknattleiksdeildar

Leikmaður ársins:

Gylfi Geirsson.

Efnilegasti leikmaður:

Steingrímur Gauti Ingólfsson.

Drengjaflokkur

Leikmaður flokksins:

Hafsteinn Rannversson.

Mestu framfarir:

Guðmundur Kristjánsson.

Besta mæting:

Guðmundur Kristjánsson.

11. flokkur

Leikmaður flokksins:

Gissur Jón Helguson.

Mestu framfarir:

Ólafur Þór Stefánsson.

Besta mæting:

Ólafur Þór Stefánsson.

10. flokkur

Leikmaður flokksins:

Hjalti Friðriksson.

Mestu framfarir:

Grímur Stígsson.

Áhugi og ástundun:

Atli Barðarson.

9. flokkur

Leikmaður flokksins:

Atli Barðarson.

Áhugi og ástundun:

Gísli Þórðarson.

8. flokkur

Leikmaður flokksins:

Pape Mamadou Faye.

Mestu framfarir:

Örn Arnar Karlsson.

Besta mæting:

Páll Ólafsson.

7. flokkur

Leikmaður flokksins:

Rúrik Andri Þorfinnsson.

Mestu framfarir:

Helgi Helgason.

Áhugi og ástundun:

Jón Kristinn Einarsson.

Minnibolti

Leikmaður flokksins:

Jón Ingi Ottósson.

Mestu framfarir:

Knútur Ingólfsson.

Áhugi og ástundun:

Ragnar Ragnarsson.

Valsari ársins

Ólafur Þór Stefánsson var útnefndur Valsari ársins, en sá heiðurstíll er veittur leikmanni sem skarað hefur fram úr í félagsstörfum fyrir deildina.

Einarsbikarinn

Verðlaun, sem veitt eru til minningar um Einar Örn Birgis, voru gefin í fimmta sinn. Verðlaunin eru veitt þeim leikmanni í yngri flokkum félagsins sem valinn er efnilegastur. Í ár hlaut Páll Fannar Helgason Einarsbikarinn.

Uppskeruhátíð körfuknattsleiksdeildar 2005



Minnibolti. Leikmaður flokksins: Jón Ingi Ottósson.



9. og 10. fl. Áhugi, ástundun og leikmaður flokksins: Atli Barðarson.



11. fl. Besta mæting og Valsari ársins í körfu: Ólafur Þór Stefánsson.



8. fl. Leikmaður flokksins: Pape Mamadou Faye.



10. fl. Mestu framfarir: Grímur Stígsson.



11. fl. Leikmaður flokksins: Gissur Jón Helguson.



9. fl. Mestu framfarir: Gísli Valur Þórðarson.



10. fl. Leikmaður flokksins: Hjalti Friðriksson.



Drengjafl. Mestu framfarir og besta mæting: Guðmundur Kristjánsson.



9. fl. Besta mæting: Páll Ólafsson.



10. fl. Mestu framfarir: Örn Arnar Karlsson.



Einarsbikarinn, Páll Fannar Helgason.

Munið getraunanúmer Vals – 101

Stelpurnar voru **100% tilbúnar** í Evrópukeppnina

Elísabet Gunnarsdóttir þjálfari meistaraflokks kvenna í knattspyrnu tekin tali eftir viðburðaríkt keppnistímabil

Elísabet segir að erfitt sé að skýra frá-
bært gengi liðsins í Evrópukeppninni
á einhvern einn hátt. Þegar hún tók við
liðinu sem þjálfari fyrir tveimur árum
setti hópurinn sér það langtíamarkmið
að vinna Íslandsmeistaratitilinn og vinna
þar með þátttökurétt í Evrópukeppninni.
Þegar Íslandsmeistaratitilinn var í
höfn 2004 þá setti liðið sér markmið í
Evrópukeppninni og alltaf var talað um
að freista þess að ná í 8 liða úrslitin en
það væri raunhæfur möguleiki að sögn
Elísabetar. „Þrátt fyrir það vissum við
að allt þyrfti að ganga upp í leik liðsins,
samstaða og leikgleði yrði að vera 100%.
Það má því segja að draumar okkar hafi

ræst og marmiðunum hafi verið náð,“
segir Elísabet kampakát.

Hvernig var liðið undirbúið sér- staklega fyrir Evrópukeppnina?

„Í rauninni undirbyggum við okkur ein-
staklega vel undir leiki okkar í keppni-
inni. Við töluðum mikið um þessa keppni
allan veturinn og allt fram að fyrsta leik.
Við bjuggumst við sterkum mótherj-
um strax frá byrjun og undirbyggum
okkur vel undir það að þurfa að verjast
á annan hátt en hérna heima og spila
öðrúvísi sóknarleik. Það má því segja að
þegar við mættum til leiks þá vorum við

100% tilbúnar enda tilhlökkunin mikil
og hungrið í að fara lengra í keppninni
og ná þeim markmiðum sem við höfðum
sett okkur fóru með okkur langt.“

Hversu mikilvægt er fyrir íslenska kvennaknattspyrnu að ná svona langt í Evrópukeppninni?

„Umfjöllunin sem við höfum fengið á
erlendri grundu er mjög mikil því það
þykir mjög fréttæmt að lið frá svo lít-
illi og óþekktri knattspyrnuþjóð skuli ná
svo langt. Í kjölfarið hafa leikmenn liðs-
ins vakið athygli erlendra liða í sterk-
um deildum og einhverjum þeirra verið



Litríkir stuðningsmenn á Evrópuleiknum við Potsdam á Laugardalsvelli skemmtu sér konunglega.



Valsstílkurnar fagna einu af fjölmörgum mörkum í sumar.

Finnur K.

boðnir samningar. Að mínu mati er gríðarlega mikilvægt að íslenskar stelpur fari í auknum mæli til útlanda til sterkari liða og í sterkari deild en hér heima til að styrkja landslið okkar. Íslenska landsliðið er í dag mjög efnilegt og líklegt til afreka í framtíðinni og sú reynsla sem stelpurnar fá með því að spila erlendis mun án efa hjálpa til við það. Um leið og fleiri stelpur fara til útlanda þá fá fleiri tækifæri í deildinni hér heima og því mun breiddin aukast um leið.“

Kom þessi árangur Valsliðsins þér á óvart?

„Það kom mér í raun ekki á óvart hversu langt við fórum í keppninni því þangað höfðum við talað um að reyna að komast. Það sem kom mér þó á óvart var hversu sterk lið okkur tókst að slá út úr keppninni. Við urðum fyrir smá áfalli þegar dregið var í undanriðla en þar lentum við með norsku og finnsku meisturunum sem bæði voru talin sigurstranglegri en við og eru með sterkari lið á pappírnum. Það kom mér mikið á óvart að ákveðnir hlutir í leik okkar sem gengu ekki upp hér heima, smullu fullkomlega saman í Finnlandi. Við munum líklega aldrei gleyma leiknum á móti norsku meisturunum Röa þar sem við lékum betur en nokkru sinni fyrr og náðum að slá þær út. Það var án efa ánægjulegasta og óvæntasta stund okkar í keppninni.“

Hvað viltu segja um leikina við Evrópumeistarana í Potsdam?

„Leikirnir við Potsdam voru okkur mjög erfiðir, ekki bara inni á vellinum heldur

fyrst og fremst andlega. Það var komin mikil þreyta í hópinn eftir langt og þétt tímabil. Marmiðunum var náð áður en við lékum gegn þeim og erfitt að sannfæra mannskapinn um að við gætum slegið Evrópumeistarana út. Munurinn á liðinum er mjög mikill en þó ekki svo mikill að við eigum að tapa með 17 mörkum í 2 leikjum. Ég tel að við höfum verið mjög sáttar við frammistöðu okkar áður en við spiluðum þá leiki og ekki lagt það sem þurftum í þá til að ná fram betri úrslitum.“

Hvað viltu segja um Íslandsmótið hér heima og bikarkeppnina?

„Mótin hér heima voru mikil vonbrigði fyrir okkur. Við spiluðum frábæran sóknarleik nánast allt sumarið og sköpuðum okkur mikið af marktækifærum í nánast hverjum leik. En varnarleikurinn er það sem felldi okkur í baráttunni við Breiðablik. Breiðablik var sterkasta varnarlið deildarinnar, þær útfærðu skyndisóknir sínar nánast fullkomlega á móti okkur en innbyrðis viðureignir okkar voru úrslitaleikir sumarsins í báðum mótunum. Það voru mikil vonbrigði að ná ekki titli í sumar því við vorum svo sannarlega með liðið í það.“

Hvaða væntingar hefur þú sem þjálfari fyrir næsta tímabil?

„Við ætlum okkur að taka því mjög rólega fyrir áramót þar sem að tímabilið var mjög langt. Það er ljóst að einhverjar breytingar verða á hópnum fyrir næsta tímabil, við munum að öllum líkindum missa 3 lykilleikmenn og munum væntanlega bæta við okkur einhverjum leikmönnum. Valsliðið hefur alltaf haft metnað til að berjast um alla þá titla sem í boði eru og á því verður engin breyting.“

Hvernig líst þér á yngri flokkana í fótbolta hjá félaginu?

„Yngri flokkar okkar hafa sjaldan verið jafn efnilegir og þeir eru í dag. Við höfum ráðið til okkar fyrsta flokks þjálfaralið sem fer mjög vel af stað. Næsta ár verður félaginu erfitt vegna aðstöðuleysis og þeirra framkvæmda sem eiga sér stað að Hlíðarenda. Það er mikilvægt að þjálfarar, iðkendur og foreldrar sýni félaginu þolinmæði þar til ný aðstaða hefur verið byggð að fullu. Við munum án efa eiga eitt glæsilegasta æfingarsvæði landsins í framtíðinni og veldi okkar stækkar og stækkar og það er gaman að taka þátt í þeirri uppbyggingu,“ segir Elísabet að lokum full bjartsýni.



Elísabet Gunnarsdóttir einbeittur þjálfari.

Finnur K.

Evrópuævintýri meistaraflokks kvenna í knattspyrnu í hnotskurn

Eftir Guðbjörgu Gunnarsdóttur markmann meistaraflokks

Finnland / Kokkola

Fyrsti leikur okkar í Evrópukeppninni var 9. ágúst og var hann á móti norsku meisturunum Röa Itrettslag. Fyrirfram bjóst enginn við mikilli mótspyrnu frá okkur enda vorum við mjög langt fyrir neðan öll hin liðin á styrkleikalista sem UEFA gaf út. Við vissum þó að við værum mun sterkara lið en þessi listi gaf til kynna. Leikurinn á móti Röa endaði 4-1 en okkur þótti nokkuð líklegt að þær norsku hefðu vanmetið okkur og skotið sig í fótinn þar. Þetta var opinn og skemmtilegur leikur á að horfa, við nýttum færin okkar en þær ekki og tölurnar segja sitt, 4-1 sanngjarn sigur.



FC United – Valur.

11. ágúst spiluðum við síðan við heimastúlkur frá Finnlandi í FC United, og þetta var án efa einn erfiðasti leikur sem liðið hefur spilað. Við komumst í 2-0 og þær náðu að minnka muninn í 2-1 og þar við sat. Seinni hálfleikur mun seint talinn vel spilaður en hann einkenndist alfarið af gríðarlegri baráttu og þvífkri samstöðu en leikurinn fór fram aftarlega á okkar vallarhelmingi og börðumst við eins og ljón þangað til dómariinn flautaði af á 95. mínútu. Eftir leikinn var okkur síðan sagt að við værum komnar áfram vegna innbyrðis úrslita og gríðarlegur fögnuður barst út hjá hópnum enda hafði aldrei neitt íslenskt knattspyrnulið komist áfram í 16 liða úrslit.

Síðasti leikur okkar í Finnlandi var 13. ágúst á móti eistnesku meisturunum



Dóra María og Dóra Stefáns á flugi eftir síðasta leik í Finnlandi.

Þáru FC sem var með áberandi slakasta liðið í þessum riðli (þær voru samt fyrir ofan okkur á þessum UEFA lista). Við fórum mjög afslappaðar í þennan leik en spiluðum fínan leik og unnum mjög sannfærandi 8-1.

Síðasta deginum var síðan eytt í Helsinki þar sem við fengum að versla og hitta frægt frjálssíþróttafólk en HM í frjálsum var í Helsinki á sama tíma.

Frábær ferð í alla staði og á þessum tímamarki höfðum við svo sannarlega ekki hugmynd um að ævintýrið var bara rétt að byrja. Unnar framkvæmdastjóri hafði heitið á okkur að taka þátt í Idolinu ef við kæmumst áfram en það klikkaði víst eitthvað í skráningu!



Eftir síðasta leikinn í Finnlandi.

Svíþjóð / Eskilstuna

Andstæðingar okkar í næsta riðli voru sænsku meistaramir Djurgården / Alvsjö, meistaramir frá Serbíu ZFK Masinac-

Classic Nis og meistaras Kazakstan Alma. Þessi riðill fór fram í Svíþjóð, okkur til mikilla ánægju, vorum ekkert alltof spennar fyrir að spila í Serbíu eða Kazakstan. Maturinn var reyndar ekki eins og við bjuggumst við og uppistaðan í fæðu hópsins var brauð, kók og salat. En það hafði ekki áhrif á spilamennsku okkar.



Valur – Djurgården.

Fyrsti leikurinn var 13. september á móti heimaliðinu Djurgården / Alvsjö. Þær skoruðu fyrsta mark leiksins og við jöfnuðum fljótt leikinn með frábæru marki og staðan var 1-1 í hálfleik. Seinni hálfleikur var frekar tíðindalítil og fá opin marktækifæri litu dagsins ljós. Það var ekki fyrir en þegar leikkluukkan sýndi 92 mín. að sænski markahrókurinn Viktoria Svensson náði að skora sigurmarkið eftir fyrirgjöf og var mjög mikill rangstöðufnykur af þessu marki. Allir gátu séð að þetta var ekki löglegt mark, en svona er fótboltinn. 4. dómari leiksins kom meira að segja eftir leikinn til þjálfarateymisins og baðst afsökunar á þessu. Okkur finnst við enn hafa verið rændar þessu jafntefli en við lærum á þessu og 2-1 tap var staðreynd.

Næsti leikur okkar var 15. september á móti Masinac-Classic Nis frá Serbíu. Fyrri hálfleikur gekk frekar brösuglega og okkur gekk illa að fá marktækifæri, þær fengu besta færi fyrri hálfleiksins en hvorugt liðið náði að skora og í hálfleik var staðan 0-0. Við náðum síðan að skora

snemma í seinni hálfleik eftir hornspyrnu og náðum síðan að bæta 2 mörkum við áður en leiknum lauk. 3-0 var niðurstaðan í góðum sigri.



Það var ekki bara spilaður fótballi.

Daginn fyrir síðasta leikinn var síðan farið á McDonalds og hlaðið á orku-birgðir líkamans en fólk var orðið heldur þreytt á brauðinu og kókinu.

17. september var síðan síðasti leikurinn en hann var á móti Alma frá Kazakstan, mjög mikill spenningur var í hópnum, okkur dugði jafntefli til að komast í 8 liða úrslit. Fyrri hálfleikur var hrein flugeldasýning, við komum svo ákveðnar til leiks að staðan var orðin 3-0 eftir 7 mínútur og staðan í hálfleik var 5-0 og við nokkuð öruggar um að fara áfram þannig við tókum nokkur fögn að okkar hætti í hálfleik inn í klefa. Seinni hálfleikurinn gekk nokkuð erfiðlega og fékk Alma fjölmörg góð marktækifæri en náði ekki að koma boltanum í netið. Í lok leiksins náðum við síðan að bæta við mörkum og leikurinn endaði 8-0 og fögnuðum við að sjálfsögðu gríðarlega mikið í leiklok enda komnar í 8-liða úrslit.



Sigurhringur í hálfleik enda staðan 5-0.

Um kvöldið var síðan „lokahóf“ hjá liðunum og þar fóru fram nokkrar vígslur og fleiri skemmtilegheit og tókst það allt stórvel. Mikið var talað um hvað við virtumst vera langskemmtilegasta liðið enda var aldrei þögn í kringum okkar lið á meðan maður leit yfir á borð hjá t.d. Serbunum að maður sá varla eitt bros á vör.

Liðsheildin, leikgleðin og samstaðan í liðinu var án efa það sem skilaði okkur í 8 liða úrslit. Þegar við komum heim var móttökunefnd í Valsheimilinu sem tók á móti okkur með glæsilegum veitingum og hrósaði okkur fyrir frábæran árangur, og get ég sagt hér með að á þeim tímapunkti hef ég aldrei verið eins stoltur Valsari.

Valur - Potsdam

Næsta verkefni okkar var að etja kappi við sjálfa Evrópumeistarana í 8 liða úrslitum en þær höfðu áður farið mjög sannfærandi í gegnum sinn riðil í keppinni. Undirbúningurinn fyrir leikinn var kannski ekki alveg eins góður og best væri á kosið, aðallega vegna kulda (enda kominn október) þreytu í mannskapnum, veikinda og smávægilegra meiðsla vegna álags. En það stoppaði okkur ekki í að fara í leikinn með engu öðru en sigur í huga og við ætluðum svo sannarlega að gera okkar besta.



Hópmýnd eftir æfingu fyrir Evrópuleik.

Mikil eftirvænting var hjá okkur stelpunum fyrir þennan leik og gístum við á Hótel Selfossi fyrir leikinn til að þjappa hópnum betur saman. Leikurinn byrjaði svo sem ágætlega og var vel spilaður af okkar hálfu í fyrri hálfleik þó svo að staðan hafi verið 1-2 í hálfleik fyrir Potsdam. Seinni hálfleikurinn var algjörlega þeirra og sáum við vart til sólar í honum. Margrét Lára var eiginlega eini leikmaður liðsins sem náði sér á strik og stóð sig reyndar frábærlega, lék sér oft að vörn Potsdam og kom sér í mörg opin færi sem hún var óheppin að nýta ekki. Lokatölur voru 8-1 sem við viljum meina að hafi verið alltof stórar tölur miðað við gang mála. Eftir leikinn voru allir í hálfgerðu sjokki enda ekki á hverjum degi sem undirrituð hefur þurft að sækja boltann svo oft í netið, en þarna gerðum við okkur ekki almennilega grein fyrir því að við áttum eftir að fara á útivöll Evrópumeistaranna til að reyna

að rétta okkar hlut. Á þessum tímapunkti var augljóslega komin mikil þreyta í mannskapinn enda flestar okkar búnar að fara í fjölmargar keppnisferðir þetta árið. Þrátt fyrir það fórum við með því markmiði að sigra, (við munum aldrei leggja í vana okkar að fara með annað markmið en sigur í leik) við höfum ekki áhuga á að spila leik og vinna með sem minnstum mun eða „ná hagstæðum úrslitum“. Það er ekki okkar leikstíll.

Við fórum síðan til Þýskalands og fengum að njóta þess sem Berlín hefur upp á að bjóða, fórum í verslunarleiðangur og sýnisferð um borgina svona rétt áður en í alvöruna var farið og það var leikurinn. Þegar við mættum á leikstað var þegar komið fólk í stúkurnar til að hvetja sitt lið til dáða, maður er ekki vanur því að hafa áhorfendur mætta meira að segja þegar maður fer út til að skoða völlinn! En þarna var rífandi stemning meðal áhorfenda. Það sem skemmdi augljóslega svoltíð fyrir okkur var að við fengum á okkur mark, strax í byrjun leiks sem braut okkur mikið niður þar sem við ætluðum að sjálfsögðu að reyna að halda markinu hreinu. Eftir það var eiginlega bara ekki aftur snúið. Það mætti segja að við værum nánast áhorfendur í eigin leik. Mörkin komu af öllum regnbogans litum, sum stórglæsileg þótt ég segi sjálf frá. Okkar hagur batnaði ekki þegar Margrét Lára fór út af tábrotin um miðjan fyrri hálfleik. Lokatölur urðu 11-1 eins og flestir vita.

Þrátt fyrir þetta stórtap okkar á móti Evrópumeisturunum fórum við allar sáttar frá keppni enda hefur ekkert íslenskt knattspyrnuhlíð í sögunni náð jafnlangt í Evrópukeppni eins og við gerðum í sumar. Þetta mun nýtast okkur sem dýrmæt reynsla í framtíðinni og hafa opnað margar dyr og drauma fyrir leikmenn liðsins. Dæmi um það er Dóra Stefánsdóttir, sem er að fara til Svíþjóðar að reyna fyrir sér, og Margréti Lára var boðinn samningur frá Potsdam. Evrópukeppnin gaf mörgum okkar nýja sýn á kvennaknattspyrnu í Evrópu auk þess sem ég held að góður árangur okkar hafi verið fín auglýsing fyrir íslenska kvennaknattspyrnu.

Við komum allar reyndari og betri leikmenn frá þessari keppni og getum sagt stoltar að við gerðum okkar besta sem skilaði okkur á topp 8 listann í Evrópu sem er betri árangur en okkur hefði nokkuð tímann dottið í hug áður en þessi keppni hófst.

Hetjur hússins eftir kveðjuleik 15. júní 2005. Efsta röð vinstri: Óskar Bjarni Óskarsson, Ólafur Stefánsson, Jóhannes Lange, Hlynur Jóhannesson, Orri Freyr Gíslason, Örvar Rúðólfsson, Kári Guðmundsson, Finnur Jóhannsson, Markús Máni Maute, Guðmundur Hrafnkelsson, Valdimar Grímsson, Júlíus Gunnarsson, Eyþór Gunnarsson, Dagur Sigurðsson, Brynjar Harðarson, Geir Sveinsson, Ingi Rafn Jónsson, Jón Kristjánsson, Þorbjörn Jensson, Guðmundur Árni Sigfússon, Reynir Vignir, Jóhann Birgisson og Stefán Carlsson. Þrjú rauðir í miðröð fyrir framan Dag, Brynjar og Geir eru: Davíð Höskuldsson, Hjalti Pálmason og Ingvar Arnason. Neðri röð frá vinstri: Jakob Sigurðsson, Reinhold Richter, Atili Rúnar Steinþórsson, Birkir Marínósson, Pálmar Pétursson, Einar Örn Jónsson, Fannar Þór Friðgeirsson, Sveinn Skorri Höskuldsson, Júlíus Jónasson, Snorri Steinn Guðjónsson, Kristinn Guðmundsson og Elvar Friðriksson.



Finnur K.

Hetjur hússins í handbolta

Stiklað á stóru í sögu hússins frá 1987-2005

Það voru erfiðar tilfinningar fyrir Valsmenn þegar „sigurkofinn“ var rifinn í júní í sumar. Húsið var tekið í notkun tímabilið 1987-1988 og þá átti eftir að hefjast gullöld Valsmanna í handknattleik. Frá því að „mulningsvélin“ var og hét þá höfðu titlar ekki komið í 8 ár og voru menn farnir að efast um að 1964-65 kynslóðin væru sigurvegarar. En á fyrsta tímabili í nýju húsi þá vannst loksins titill undir stjórn Pólverjans Stanislaw Modrowski. Valsmenn fengu hann fyrir tímabilið ásamt Einar Þorvarðarsyni og Jóni Kristjánssyni. En markmann og miðjumann hafði jú vantar undanfarin tímabil. Nú var ekki aftur snúið og í lokaleikurinn á tímabilinu verður í minningunni einn af þeimur stærstu leikjum hússins en þá unnu okkar menn FH í hreinum úrslitaleik. Valsmenn urðu einnig bikarmeistarar þetta árið eftir sigur á Breiðablik. Á þeim átján árum sem leikið var í húsinu þá unnust átta Íslandsmeistaratitlar og fjórir bikarmeistaratitlar. Þess ber að geta að ekkert félag á Íslandi hefur orðið jafn oft Íslandsmeistarar og Valur eða 20 sinnum.

Hér verður stiklað á stóru í sögu hússins

1987-1988. Íslands- og bikarmeistarar: Þjálfari Stanislaw Modrowski. Fyrirliði, Geir Sveinsson, besti markvörður Íslands 1988: Einar Þorvarðarson, besti varnarmaðurinn: Geir Sveinsson. Þeir sem fóru á Ólympíuleikana í Seúl: Einar Þorvarðarson, Geir Sveinsson og Jakob Sigurðsson.

1988-1989. Íslandsmeistarar: Þjálfari Stanislaw Modrowski. Fyrirliði, Geir Sveinsson, besti varnarmaður Íslands 1989: Geir Sveinsson, besti sóknarmaður: Sigurður Sveinsson. Þeir sem urðu B-meistarar í Frakklandi með íslenska landsliðinu árið 1989: Einar Þorvarðarson, Valdimar Grímsson, Jakob Sigurðsson, Geir Sveinsson, Sigurður Sveinsson og Júlíus Jónasson.

1989-1990. Bikarmeistarar: Þjálfari Þorbjörn Jensson. Fyrirliði, Einar Þorvarðarson. Þeir sem léku með íslenska landsliðinu á HM í Tékklandi: Einar Þorvarðarson, Valdimar Grímsson og Jakob

Sigurðsson (fyrirverandi Valsmenn: Geir Sveinsson og Júlíus Jónasson).

1990-1991. Íslandsmeistarar: Þjálfari Þorbjörn Jensson. Fyrirliði, Jakob Sigurðsson, besti markvörður Íslandsmeistarans: Einar Þorvarðarson, besti leikmaður Íslandsmeistarans: Valdimar Grímsson.

1991-1992. 9. sæti á Íslandsmóttinu og úrslit í bikar: Þjálfari, Þorbjörn Jensson. Fyrirliði, Jakob Sigurðsson. Dagur Sigurðsson valinn efnilegasti leikmaður Íslandsmeistarans. Þeir sem léku með íslenska landsliðinu á Ólympíuleikumum í Barcelona árið 1992. Jakob Sigursson, Guðmundur Hrafnkelsson og Valdimar Grímsson (fyrirverandi Valsmenn: Geir Sveinsson, Júlíus Jónasson og aðstoðarþjálfarinn Einar Þorvarðarson). Guðmundur Hrafnkelsson og Valdimar Grímsson voru valdir í úrvalslið Evrópu.

1992-1993 Íslands-, bikar- og deildarmeistarar: Þjálfari Þorbjörn Jensson. Fyrirliði, Geir Sveinsson, besti varnarmaður Íslandsmeistarans: Geir Sveinsson,

besti markvörður: Guðmundur Hrafnkelsson, efnilegasti leikmaður mótsins: Ólafur Stefánsson. Þeir sem léku með íslenska landsliðinu á HM í Svíþjóð árið 1993: Valdimar Grímsson, Guðmundur Hrafnkelsson og Geir Sveinsson (fyrirverandi Valsmenn: Júlíus Jónasson, Sigurður Sveinsson og aðstoðarþjálfarinn Einar Þorvarðarson).

1993-1994. Íslandsmeistarar: Þjálfari Þorbjörn Jensson. Fyrirliði, Dagur Sigurðsson, besti sóknarmaður Íslandsmótsins: Ólafur Stefánsson, besti leikmaður mótsins: Ólafur Stefánsson.

1994-1995. Íslandsmeistarar: Þjálfari Þorbjörn Jensson. Fyrirliði, Dagur Sigurðsson, Valdimarsbikarinn: Dagur Sigurðsson. Þeir sem léku með íslenska landsliðinu á HM á Íslandi 1995: Guðmundur Hrafnkelsson, Ólafur Stefánsson, Dagur Sigurðsson, Jón Kristjánsson og Geir Sveinsson (fyrirverandi Valsmenn: Valdimar Grímsson, Sigurður Sveinsson og aðstoðarþjálfarinn Einar Þorvarðarson). Geir Sveinsson var valinn línumaður mótsins og valinn í úrvalsið HM 1995.

1995-1996. Íslandsmeistarar: Þjálfari Jón Kristjánsson. Fyrirliði, Dagur Sigurðsson.

1996-1997. 5.-8. sæti eftir tap gegn Haukum í 8-liða úrslitum. Þjálfari Jón Kristjánsson. Fyrirliði, Guðmundur Hrafnkelsson. Þeir sem léku með íslenska landsliðinu á HM í Japan 1997: Guðmundur Hrafnkelsson (fyrirverandi Valsmenn: Geir Sveinsson, Júlíus Jónasson, Dagur Sigurðsson, Ólafur Stefánsson, Valdimar Grímsson og þjálfararnir Boris Bjarni og Þorbjörn Jensson).

1997-1998. Íslands- og bikarmeistarar: Þjálfari Jón Kristjánsson. Fyrirliði, Guðmundur Hrafnkelsson, besti markvörður Íslandsmótsins: Guðmundur Hrafnkelsson, besti þjálfarinn: Jón Kristjánsson.

1998-1999. 9. sæti: Þjálfari Jón Kristjánsson. Fyrirliði, Guðmundur Hrafnkelsson.

1999-2000. 9. sæti: Þjálfari Geir Sveinsson. Fyrirliði, Júlíus Jónasson. Markús Máni Mikalesson var valinn efnilegasti

leikmaður Íslandsmótsins. Þeir sem léku fyrir íslenska landsliðið á EM í Króatíu. Enginn úr Val! (fyrirverandi Valsmenn: Dagur Sigurðsson, Ólafur Stefánsson, Valdimar Grímsson, Guðmundur Hrafnkelsson og Þorbjörn Jensson).

2000-2001. 3.-4. sæti bæði í bikar og Íslandsmóti: Þjálfari Geir Sveinsson. Fyrirliði, Júlíus Jónasson. Roland Eradze valinn besti markvörður Íslandsmótsins. Þeir sem léku fyrir hönd Íslands á HM í Frakklandi (12. sæti): Valgarð Thoroddsen (fyrirverandi leiksmenn Vals: Guðmundur Hrafnkelsson, Dagur Sigurðsson, Ólafur Stefánsson og Einar Örn Jónsson).



Sigfús Sigurðsson í kunnuglegri stellingu og boltinn söng í netinu.

2001-2002. 2. sæti í Íslandsmóti og 3.-4. sæti í bikar: Þjálfari Geir Sveinsson. Fyrirliði, Snorri Steinn Guðjónsson. Roland Eradze valinn besti markvörður Íslandsmótsins. Þeir sem léku fyrir Ísland á EM í Svíþjóð (4. sæti) Sigfús Sigurðsson (fyrirverandi leikmenn Vals: Ólafur Stefánsson, Dagur Sigurðsson, Guðmundur Hrafnkelsson og Einar Örn Jónsson).

2002-2003. 3.-4. sæti á Íslandsmóti og 3.-4. sæti í bikar: Þjálfari Geir Sveinsson, fyrirliði; Snorri Steinn Guðjónsson, Roland Valur Eradze valinn besti markvörður Íslandsmótsins. Þeir sem léku með íslenska landsliðinu á HM í Portúgal (7. sæti); Snorri Steinn Guðjónsson og Roland Valur Eradze (fyrirverandi Valsmenn: Ólafur Stefánsson, Dagur Sigurðsson, Guðmundur Hrafnkelsson, Einar Örn Jónsson og Sigfús Sigurðsson).

2003-2004. 2. sæti á Íslandsmóti og 3.-4. sæti í bikar: Þjálfari Óskar Bjarni Óskarsson. Fyrirliði, Bjarki Sigurðsson.

Þeir sem léku fyrir íslenska landsliðið á EM í Slóveníu. (Fyrirverandi Valsmenn: Dagur Sigurðsson, Ólafur Stefánsson, Guðmundur Hrafnkelsson, Sigfús Sigurðsson, Snorri Steinn Guðjónsson og Einar Örn Jónsson). Þeir sem léku fyrir Íslands hönd á Ólympíuleikunum í Aþenu (12. sæti). Roland Valur Eradze (fyrirverandi Valsmenn: Dagur Sigurðsson, Ólafur Stefánsson, Guðmundur Hrafnkelsson, Sigfús Sigurðsson, Snorri Steinn Guðjónsson og Einar Örn Jónsson).

2004-2005. 3.-4. sæti eftir tap gegn Haukum: Þjálfari Óskar Bjarni Óskarsson. Fyrirliði, Heimir Örn Árnason. Þeir sem léku á HM í Alsír (13. sæti): Vilhjálmur Ingi Halldórsson (fyrirverandi Valsmenn: Dagur Sigurðsson, Markús Máni og Ólafur Stefánsson).

Jón Kristjánsson konungur hússins

Ótrúlega saga í sigursælu húsi er nú lokið en bjartir tímar eru nú framundan og Valsmenn eru nú á toppnum í DHL deildinni og spurningin er hvort enn ein gullöldin sé framundan með ungum og ferskum Valsmönnum í glæsilegu húsi sem vígt verður árið 2006. Það er þó ekki hægt annað

en að enda á að krýna konung hússins en af öllum þessum stórkostlegu handbolta mönnum þá stendur Jón Kristjánsson upp úr enda vann hann alla titla hússins og er líklega einn sigursælasti boltaþróttamaður Íslands.



Finnur K.

Jón Kristjánsson konungur hússins og Júlíus Jónasson í kveðjuleiknum 15. júní.

Tölfræði Vals í handbolta

Samantekt: Óskar Bjarni Óskarsson þjálfari meistaraflokks

Valsmenn í öðrum félögum:

Ólafur Stefánsson, Ciudad Real, Spáni
Dagur Sigurðsson, Bregens, Austurríki
Snorri Steinn Sigurðsson, Minden, Þýskalandi
Markús Máni, Dusseldorf, Þýskalandi
Sigfús Sigurðsson, SC Magdeburg, Þýskalandi
Ólafur Haukur Gíslason, Wintertur, Sviss
Einar Örn Jónsson, Torriaveja, Spáni
Theódór Hjalti Valsson, Haslum H.K., Noregi
Hannes Jón Jónsson, Ajax, Danmörku
Fannar Örn Þorbjörnsson, Frederica, Danmörku
Danfél Snær Ragnarsson, Helsingø, Danmörku
Vilhjálmur Ingi Halldórsson, Skjern, Danmörku (uppeldislið Stjarnan)
Guðmundur Hrafnkelsson, Aftureldingu (uppeldislið Fylkir)
Friðrik Brendan Þorvaldsson, Þór
Freyr Brynjarsson, Haukar
Ísleifur Sigurðsson, ÍR
Heimir Örn Árnason, Fylkir (uppeldislið KA)
Ásbjörn Stefánsson, Fylkir
Einar Örn Guðmundsson, Selfoss
Roland Valur Eradze, Stjarnan (Georgía)
Björn Óli Guðmundsson, Stjarnan
Valur Örn Arnarson, FH

Samtals eru þetta því 22 leikmenn sem hafa komið við sögu í „gamla þróttahúsinu“.

Valsmenn fyrirliðar í íslenska landsliðinu í handknatt-leik

Valsmenn hafa borið fyrirliðabandið undanfarin 14 ár



Fyrirliði 1992 Jakob Sigurðsson.



Fyrirliði 1993-2000 Geir Sveinsson.



Fyrirliði 2000-2005 Dagur Sigurðsson.



Fyrirliði 2005-??? Ólafur Stefánsson.



Úrvalslið Þorbjarnar Jenssonar í kveðjuleik hússins 15. júní 2005. Efri röð f.v.: Brynjar Harðarson, Ólafur Stefánsson, Jón Kristjánsson, Dagur Sigurðsson, Eyþór Guðjónsson, Júlíus Jónasson, Sigfús Sigurðsson, Júlíus Gunnarsson, Finnur Jóhannsson, Þorbjörn Jensson og Stefán Carlsson. Neðri röð f.v.: Geir Sveinsson, Guðmundur Hrafnkelsson, Valdimar Grímsson (sonur Grímur Valdimarsson), Einar Örn Jónsson, Örvar Rúðólfsson, Jakob Sigurðsson, Ingi Rafn Jónsson og Kári Guðmundsson.

Valsmenn markahæstir á stórmótum með íslenska landsliðinu

Valsmenn hafa átt markahæstu leikmenn á stórmótum íslenska landsliðs frá árinu 1992:

ÓL 1992: Valdimar Grímsson 35 mörk (3. sæti yfir alla á mótinu). Valdimar og Guðmundur Hrafnkelsson valdir í úrvalslið Evrópu.

HM 1993: Sigurður Valur Sveinsson 37 mörk.

HM 1995: Valdimar Grímsson 34 mörk. Geir Sveinsson valinn besti línumaður mótsins og valinn í úrvalslið mótsins.

HM 1997: Valdimar Grímsson 52 mörk (3. sæti)

EM 2000: Valdimar Grímsson 41 mörk (2. sæti)

HM 2001: Ólafur Stefánsson 32 mörk

EM 2002: Ólafur Stefánsson 58 mörk (1. sæti) og valinn í úrvalslið mótsins.

HM 2003: Ólafur Stefánsson

EM 2004: Ólafur Stefánsson

ÓL 2004: Ólafur Stefánsson

HM 2005: Ólafur Stefánsson

Landsliðskempur Valsmanna í handbolta

Valsmenn geta verið stoltir af því að eiga nú leikmenn sem hafa leikið 200 landsleiki eða fleiri fyrir Íslands hönd. Þess ber einnig að geta að við eigum fjóra Valsmenn á toppnum, þeir eru Guðmundur Hrafnkelsson, Geir Sveinsson, Júlíus Jónasson og Valdimar Grímsson. Þetta er frábær og athyglisverður árangur hjá sigursælasta félagsliði Íslands í handbolta.

Valsmenn með fleiri en 200 landsleiki í handbolta

Guðmundur Hrafnkelsson 400

Geir Sveinsson 328

Júlíus Jónasson 272

Valdimar Grímsson 258

Jakob Sigurðsson 236

Sigurður Sveinsson 236

Einar Þorvarðarson 226

Ólafur Stefánsson 220

Dagur Sigurðsson 220

Þorbjörn Jensson yfir 200 leiki sem þjálfari

Stefán Carlsson yfir 200 leiki sem læknir íslenska liðsins



Finnur K.

Valdimar Grímsson í hraðaupphlaupi. Guðmundur Hrafnkelsson.



Valsmenn eiga fjóra leikmenn sem hafa skorað meira en 500 mörk með landsliðinu

Fjórir Valsmenn hafa skorað 500 mörk eða fleiri með íslenska landsliðinu en þeir eru allir á topp 5 listanum og kemur það engum á óvart, Þeir eru Ólafur Stefánsson, Valdimar Grímsson, Sigurður Sveinsson og Júlíus Jónasson.

Þegar ungu strákarnir í Val unnu fyrrverandi Valsmenn í kveðjuleik kofans þá var á tímabili sett heimsmet en þá voru saman komnir á vellinum í úrvalsliði Tobba Jens þeir Jakob Sigurðsson 236, Júlíus Jónasson 272, Dagur Sigurðsson 220, Ólafur Stefánsson 220, Valdimar Grímsson 258, Geir Sveinsson 328 og kóngurinn sjálfur Guðmundur Hrafnkelsson 403! En samtals voru því 1937 landsleikir inn á vellinum á sama tíma og í sama félagsliði! Geri aðrir betur!

Uppbygging Íþróttamannvirkja að Hlíðarenda

Verkefnið *Uppbygging íþróttamannvirkja að Hlíðarenda* var boðið út fyrir hluta ársins 2005. Framkvæmdir við verkefnið hófust um mitt árið. Í útboðinu var gert ráð fyrir stuttum framkvæmdatíma, 14-16 mánuðum og að framkvæmdum verði lokið haustið 2006.

En hver er þessi uppbygging?

Yfirlit yfir helstu verkþætti:

- Stækkuð og endurbætt tengibygging.
- Nýtt fjölnota íþróttahús.
- Nýr keppnisvöllur í knattspyrnu með áhorfendastúku sambyggðri hinu nýja íþróttahúsi.
- Upphitaður gervigrasvöllur með flóðlýsingu og undirstöðum fyrir knattstús.
- Ný og verulega stækkuð grasæfingasvæði.
- Viðgerðir og endurbætur á gamla íþróttahúsinu.
- Ýmis konar lóðarfrágangur.

Eins og öllum Valsmönnum er kunnugt áskotnaðist Val byggingarréttur á íbúðum og atvinnuhúsnæði á Hlíðarenda í samningum við Reykjavíkurborg, sem undirritaðir voru á afmæli Vals hinn 11. maí árið 2002. M.a. fóru fram makaskipti á landi skv. þessum samningi, en Reykjavíkurborg hefur þegar nýtt landskika frá Val undir nýja Hringbraut.

Um er að ræða stærsta uppbyggingarverkefni nokkurs íþróttafélags á Íslandi fyrr og síðar, en heildarkostnaður er á annan milljarð króna. Auk þess verða allar langtímaskuldir félagsins, sem nú eru 265 milljónir króna greiddar upp og Valur verður skuldlaust félag.



Staða framkvæmda að Hlíðarenda um miðjan desember 2005.



Nýtt og glæsilegt íþróttahús rís hratt.

Gleðileg jól



Óskum starfsmönnum og velunnurum
vals gleðilegrar hátíðar og þökkum
fyrir gott samstarf við bygginga-
framkvæmdir á árinu.



Merk tímamót í sögu Knattspyrnufélagsins Vals

Stórhátíð að Hlíðarenda 15. júní 2005



Finnur K.

Dagur Sigurðsson og Sverrir Traustason umsjónarmaður mannvirkja.

Hinn 15. júní var mikið um að vera að Hlíðarenda. Knattspyrnufélagið Valur fagnaði því að framkvæmdir hófust við ný íþróttamannvirki með allsherjar fjölskylduhátíð.

Sérstök hátíðardagskrá fór einnig fram, þar sem tekin var fyrsta skóflustungan að nýjum íþróttamannvirkjum og fjölúr gólfi íþróttahúss Vals var fjarlægð og færð til varðveislu.

Í íþróttahúsi Vals var haldinn kveðju-leikur þar sem meistaraflokkur Vals í handknattleik karla spreytti sig gegn gömlum kempum félagsins. Leikmenn á borð við Geir Sveinsson, Valdimar Grímsson, Júlíus Jónasson og Guðmund Hrafnkelsson tóku fram gömlu Valsskóna en þeir Þorbjörn Jensson og Jóhann Birgisson stýrðu liðinu. Gömlu kempurnar sýndu að þeir hafa engu gleymt en það fór þó að lokum að núverandi meistaraflokkur fór með sigur af hólmi.

Ræðumenn ávörpuðu hátíðargesti. Myndbrotum úr kapplekjum Vals var varpað á risatjald. Í lok hátíðardagskrár tóku allir núlifandi formenn félagsins

fyrstu skóflustunguna í sameiningu með sérhannaðri Vals-reku. Framkvæmdir við íþróttasvæði Vals hófust svo formlega eftir blessun Séra Vigfúsar Árnasonar.

Dagurinn endaði á toppslag Vals og FH í Landsbankadeildinni Landsbankadeild karla í knattspyrnu. Öll umgjörð leiksins var hin glæsilegasta og voru áhorfendur rúmlega 3000 og var stemningin á áhorfendapöllum mögnuð, bæði meðal stuðningsmanna FH og Vals. Leikurinn



Finnur K.

Jón Kristjánsson, Ólafur Sigurðsson, Dagur Sigurðsson og Geir Sveinsson afhenda fjölinu góðu til varðveislu.



Finnur K.

Einbeittir að finna fjölinu. Dagur Sigurðsson, Sverrir Traustason, Geir Sveinsson og Svanur Gestsson.

var ákaflega spennandi, en FH-ingar stóðu uppi sem sigurveg-arar í lok leiks 1-0 eftir baráttuleik.

Ljóst er að 15. júní 2005 er einn stærsti dagur í sögu félagsins. Veðrið lék við hátíðargesti og mikið fjölmenni tók þátt í hátíðardagskránni, fjölskylduhátíðinni og sáu toppslaginn um kvöldið. Annars staðar eru birt brot úr ávörpum Gríms Sæmundsen formanns Vals, Harðar Gunnarssonar varaformanns og séra Vigfúsar Árnasonar á þessari stórhátíð. Valsmenn munu lengi minnst þessa stóra dags í sögu félagsins.

Hér ríki friður, kærleikur, samheldni, fegurð og orka

Brot úr ávarpi Harðar Gunnarssonar varaformanns Vals á hátíðarsamkomu að Hlíðarenda í tilefni af skóflustungu að nýjum íþróttamannvirkjum 15. júní 2005

Íþróttahúsið sem við erum nú samankomin í var tekið í notkun árið 1987. Í ávarpi til félagsmanna í desember 1986 segir þáverandi formaður Vals, Pétur Sveinbjarnarson m.a.: „Samþykkt hefur verið að reisa á sama tíma ásamt íþróttahúsi tveggja hæða tengibyggingu milli íþróttahúsanna og verður hluti neðri hæðar tekin í notkun á sama tíma og nýtt íþróttahús. Þessi atburður mun marka tímamót. Valur verður fyrst íslenskra íþróttafélaga til þess að „flytja heim“ á sitt félagssvæði alla heimaleiki í þremur vinsælustu íþróttagreinum landsins.“

Gólfíjöl til varðveislu

Í þessu húsi hefur margur góður sigur unnist og m.a. hefur meistaraflokkur karla í handknattleik unnið 8 af 20 Íslandsmeistaratitlum félagsins á meðan hússins hefur notið við. Það er því við hæfi að hluti þeirra handknattleikskappa sem ekki hvað síst gerðu sögu þessa húss merkilega, leikmenn eins og Geir Sveinsson, Dagur Sigurðsson, Ólafur Stefánsson og Jón Kristjánsson loki þessu húsi á táknrænan hátt með því að taka fjöl úr gólfi hússins með aðstoð Sverris Traustasonar umsjónarmanns mannvirkja frá vígslu hússins og færi hana formanni félagsins til varðveislu. Þessi fjöl tengist mjög sögu hússins og handknattleiks að Hlíðarenda en hún er

sú hin sama og Dagur Sigurðsson steig á þegar hann skoraði jöfnunarmark Vals gegn KA í sögufrægum úrslitaleik (árið 1995), en Valur tryggði sér síðan sigur í framlengingu þess leiks eins og frægt var. Jafnframt er gaman að geta þess að Jón Kristjánsson sem gekk til liðs við Val 1989 vann hér 7 Íslandsmeistaratitla sem leikmaður og síðan leikmaður og þjálfari á þessu gullaldarskeiði. Auk þess var Jón einnig Íslandsmeistari í knattspyrnu á þessu tímabili og því áttfaldur Íslandsmeistari í flokkaíþrótt sem er einsdæmi, a.m.k. í sögu Vals.

Skóflustunga

Nú er komið að hápunkti þessarar hátíðardagskrár. Níu núlifandi formenn knattspyrnufélagsins Vals þeir Sigurður Ólafsson formaður 1946, Jóhann Eyjólfsson 1950-1951, 1966, Ægir Ferdinandsson 1967-1969 / 1975-1976, Þórður Þorkelsson 1970-1974, Bergur Guðnason 1977-1980, Pétur Sveinbjarnarson 1981-1987, Jón Zoëga 1988-1993, Reynir Vignir 1994-2002 og Grímur Sæmundsen frá 2002 taka nú fyrstu skóflustunguna að glæsilegum mannvirkjum sem munu rísa hér að Hlíðarenda á næstu misserum.

Við vígslu fyrsta vallar Vals 6. ágúst 1911 sagði síra Friðrik m.a. „Kærið ykkur ekki um að vinna með röngu eða ódrengilegu bragði. Þeir sterkari boli aldrei hinum yngri og linari frá réttum leik. Segið ávallt satt og venjið yður á að segja til ef ykkur verður á, og játa það. Hælist aldrei yfir þeim sem tapa, og gleðjist líka með vel leiknu sparki mótherjanna. Verið fljótir að hlýða þeim er leik stjórna, einnig þó að þeir séu yngri“. Og að lokum sagði síra Friðrik „Hér ríki friður, kærleikur, samheldni, fegurð og



Hörður Gunnarsson
varaformaður Vals.

orka. Hér þrífist aldrei neitt ósæmilegt og ljótt. Guð blessi svæði vort, leik vorn og líf. Og svo allir til starfa! Allir á sinn stað!“

Erfiðir mánuðir framundan hjá iðkendum

Næstu mánuðir verða félaginu erfiðir m.t.t. aðstöðu fyrir iðkendur. Þetta er ekki í fyrsta sinn í sögunni sem svo málin axlast þannig. Árið 1925 fór Valur á „flakk“ er svo má að orði komast en þá hafði félagið þrisvar sinnum þurft að færa sig um set á Melunum eftir að hafa búið sér til knattspyrnuvelli með eigin höndum. Þá eins og nú reynir á samstöðu, tillitssemi og þrek félagsmanna þangað til flutt verður í glæsilegustu íþróttaaðstöðu sem íslenskt félag hefur upp á að bjóða.

Glæsileg tilprif hjá Gumma Ben á móti FH.



Finnur K.

Knattspyrnufélagið **Valur** stendur nú á þröskuldi nýrrar **og** bjartar **fram tíðar**

Ávarp Gríms Sæmundsen formanns Vals á hátíðarsamkomu að Hlíðarenda 15. júní 2005

Frú borgarstjóri, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, heiðursfélagar Vals, Jóhannes Bergsteinnsson og Sigurður Ólafsson, ágætu Valsmenn, aðrir góðir gestir.

Ég býð ykkur öll velkomin til þessarar hátíðarsundar að Hlíðarenda.

Við erum hér saman komin til að kveðja þetta íþróttahús, þar sem Valsmenn hafa lagt grunn að mörgum Íslandsmeistaratitlum í handknattleik og síðan til að taka fyrstu skóflustungu að nýju íþróttahúsi, sem verður glæsilegasta mannvirki til iðkunar handknattleiks og körfuknattleiks á Íslandi, þegar það verður tekið í notkun haustið 2006. Því húsi er ætlað að skapa Valsmönnum og Valskonum bestu mögulegu aðstöðu til margra sigra og Íslandsmeistaratitla í handknattleik og körfuknattleik á komandi árum.

Segja má að aðdragandi þess, að við stöndum hér í dag, séu viðræður fulltrúa Vals og Reykjavíkurborgar um makaskipti á landi og fram tíðaruppyggingu á Hlíðarenda, sem hófust snemma árs 2000. Skrifað var undir samning aðila um þessa þætti á 91 árs afmæli Vals þann 11. maí 2002 og hefur síðan verið unnið að framkvæmd hans. Kjarni samningsins er, að Valur lætur af hendi land undir nýja Hringbraut og önnur umferðarmannvirki í kringum Hlíðarenda, og fær í staðinn byggingarrétt á 22500 m² atvinnu- og íbúðarhúsnæðis á Hlíðarendareit. Andvirði þessa byggingarréttar, sem nú hefur verið seldur Valsmönnum hf., hefur nú þegar að hluta verið nýttur til greiðslu allra skulda félagsins, og mun að hluta verða varið til uppbyggingar nýrra íþróttamannvirkja að Hlíðarenda, en að auki leggur Reykjavíkurborg fjárframlög til þessarar uppbyggingar.

Auk þess glæsilega íþróttahúss sem við munum nú brátt taka skóflustungu að, verður byggð hér viðbótartengibygg- ing milli gamla íþróttahússins, sem vígt var árið 1957, og þess nýja. Glæsileg stúkubygging verður áföst nýja íþróttahúsinu, en nýr keppnisvöllur félagsins í knattspyrnu verður þar sem malarvöllur okkar er nú. Eru þessi mannvirki hluti af þeim framkvæmdum, sem við munum með táknrænum hætti hefja í dag. Gerð nýrra grassvæða til knattspyrnuæfinga stendur nú yfir og verða þau tilbúin til notkunar vorið 2006. Gerð nýs keppnisvallar verður boðin út síðsumars og verður því verkefni lokið haustið 2006 og hinn nýi keppnisvöllur tilbúinn til notkunar sumarið 2007.

Síðast en ekki síst eru í gangi viðræður við borgaryfirvöld um, að í stað gervi- grasvallar, sem var hluti þessara framkvæmda og skyldi byggður við hlið hins nýja keppnisvallar, komi knattús. Er við það miðað, að framkvæmdir við knatt- húsið hefjist strax eftir áramót og það verði tilbúið til notkunar haustið 2007. Eru aðilar vongóðir um, að það takist að ljúka samningum um þessa framkvæmd á næstu vikum.

Eins og alltaf er raunin um verkefni sem þessi, hefur þetta ferli frá árinu 2000 ekki alltaf verið dans á rósum. Engu að síður hefur samstarfið við forráðamenn Reykjavíkurborgar einkennst af einurð og ríku trausti, sem skapast hefur milli okkar og þeirra á þessum tíma. Til gamans hef ég sagt frá því, að það hafa þrír borgarstjórar, þrír borgarverkfræðingar og þrír borgarlögmenn komið að þessu verkefni af hálfu Reykjavíkurborgar. Allir þessir aðilar hafa sýnt þessu verk- efni áhuga og skilning, og af hálfu



*Grímur Sæmundsen
formaður Vals.*

borgarstjórnanna fyrst Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, sem tók af skarið um, að til samninga yrði gengið. Þá Þórólfur Árnason, sem er með Valsstreng í brjósti, en er staddur erlendis í dag og bað fyrir kæra kveðju til allra Valsmanna með þökk fyrir samstarfið og síðast en ekki síst Steinunn Valdís Óskarsdóttir, sem er hér með okkur í dag, en hún hefur verið virkur þátttakandi í þessu verkefni frá byrjun fyrst sem formaður stjórnar íþrótt- og tómsundaráðs Reykjavíkurborgar, síðar sem formaður skipulagsnefndar og nú sem borgarstjóri. Þá vil ég nota þetta tækifæri til þakka að Ómari Einarssyni, framkvæmdastjóra íþrótt- og tómsundaráðs frábært sam- starf, en hann hefur verið virkur þátt- takandi fyrir hönd Reykjavíkurborgar í þessu starfi allt frá byrjun.



Sigurður Ólafsson heiðursfélagi og fyrrverandi formaður Vals.

Ágætu Valsmenn. Ég nefndi aðdraganda fyrr í ræðu minni. En hver er hinn raunverulegi aðdragandi þess að við stöndum hér í dag? Það er framsýni og frumkvæði forystumanna Vals á 4. áratug síðustu aldar, sem tóku ákvörðun um að kaupa Hlíðarenda, en gengið var frá þeim kaupum þann 10. maí 1939. Hvati að þessum kaupum voru hrakningar

félagsins um að fá sæmandi aðstöðu til íþróttaiðkunar fyrir félagsmenn sína.

Í þriðja tölublaði Vals, sem kom út á 30 ára afmæli félagsins árið 1941, skrifaði Ólafur Sigurðsson, þáverandi formaður Vals grein undir fyrirsögninni Framtíðarheimkynni Vals. Þar lýsi hann framtíðarsýn Vals með kaupum á Hlíðarenda með þessum hætti: „Þó kaupin hafi verið gerð, er takmarkinu ekki náð. Þau eru aðeins upphafið. Upphaf þess starfs, sem á að tryggja félaginu fagran og fullkominn samastað, þar sem unnt verði að einbeita allri orku félagsins að hinum eiginlegu verkefnum þess, íþróttaiðkunum, sakir fullkominna ytri skilyrða og efnalegs sjálfstæðis...“ Síðar í greininni segir Ólafur: „Hugsjónir okkar um fullkomnun staðarins í framtíðinni verða að vera háleitar og miklar. Við verðum að gera til hans meiri kröfur en nokkurn tíma hafa verið gerðar hér á landi í þessum efnum, svo miklar að þær standist kröfur tímans um næstu 100 ár a.m.k. Með það fyrir augum verður hvert handtak að vinnast og hver hugsun að miðast.“

Þarna talar sannur frumkvöðull. Það er gæfa okkar Valsmanna að hafa átt þessa framsýnu forystumenn, sem eftir kaupin á Hlíðarenda réðust ótrauðir í það risavaxna verkefni að skapa reykvískri


íþróttæsku aðstöðu til æfinga og keppni að Hlíðarenda á næstu áratugum eftir kaupin. Við Valsmenn erum svo gæfusamir að njóta enn samvista við einn af þessum stórkostlegu brautryðjendum, sem lögðu hinn raunverulega grunn þess að við stöndum hér í dag. Sá er enginn annar en Sigurður Ólafsson, heiðursfélagi Vals, sem heiðrar okkur með nærveru sinni hér í dag 89 ára gamall. Við skulum öll rísa úr sætum og hylla Sigurð með lófataki um leið og við þökkum honum og samherjum hans ómetanlegt starf fyrir Val.

Ágætu Valsmenn. Í dag er gleðidagur að Hlíðarenda. Það er uppgangur og kraftur í öllu starfi félagsins. Það hefur sannast enn og aftur að hinar sterku rætur sem séra Friðrik Friðriksson og Valsungarnir hans sköpuðu á öndverðri síðustu öld hafa ætíð dugað til að blása eldmóði í forystumenn Vals, sérstaklega í mótbyr. Þetta gerðist í aðdraganda kaupa á Hlíðarenda á sínum tíma og þetta hefur gerst í aðdraganda þeirrar uppbyggingar sem nú er að hefjast. Knattspyrnufélagið Valur stendur nú á þröskuldi nýrrar og bjartar framtíðar.

Ég óska okkur Valsmönnum og öllum Reykvíkingsum til hamingju með daginn.
Takk fyrir.



Hart barist í heimaleik við FH að kvöldi hátíðardagsins 15. júní 2005 fyrir framan á fjórða þúsund áhorfendur.



Ljóðið Knattspyrna eftir séra Friðrik Friðriksson

Gangið fram á svæðið, sveinar,
senn mun byrja þessi hríð,
mældar eru mönnum reinar,
markið skín við djörfum lýð.
Framherjanna á flýti reynir,
framverðirnir hlífi ei sér,
ef þeir verða allt of seinir,
allt í handaskolum fer.
Fram, fram, frækið lið!
Fram, fram, sækið þið!
Fram skal bruna og knöttinn knýja,
komist fram hjá línnum tveim,
afturverðir, ef dáð þá drýgja,
dugið vel á móti þeim.
Leikið saman og sætið færi,
sendið knöttinn burt úr þröng,
inn í markið ef hann bæri,
óp þá hefjið snjöll og löng.

Keppinautar knött ef taka,
Keppist við að stöðva þá!
Framverðirnir fljótt til baka
flýti sér í varðstöð ná,
afturvörðum lið svo ljái,
leiki hver á sínum bás,
óvinanna að framlið fái
fulla sneypu' af þeirri rás.
Fram, fram, frækið lið!
Fram, fram, sækið þið!

Enginn leiki, sem einn hann væri,
aldrei blessast sérdræg lund,
samleik eflíð og sætið færi,
sendið knöttinn yfir grund.
Sérhver veri til taks að taka
til hans knetti', ef leikið er,
látið alla limu vaka,
leiknum þar til hætta ber.

Helst mun leiksins heiður styðja
hófstillt lund, en framagiörn.
Drengileg sé dáð og iðja,
drengileg í sókn og vörn.
Engin þeysing út í bláinn,
ekkert spark í fáti sett.
Öll sé leikmanns ædsta þráin,
að all sé fagurt, djarft og rétt.
Fram, fram, frækið lið!
Fram, fram, sækið þið!
Að því marki, sem leikinn láti,
lærdóm verða á þroskabraut,
tamning viljans með glóð í gáti,
glæðing dyggða' í hverri þraut.
Þá að lokum, er lífið þrýtur,
leik er slitið, marki náð,
sigurlaun og hnossið hlýtur
hann, er sýndi trú í dáð.

*eftir sr. Friðrik Friðriksson
(Tíleinkað Val)*



Sera Vigfús Árnason.

Í tengslum við hátíðahöld að Hlíðarenda 15. júní 2005 og fyrstu skóflustunguna að nýjum íþróttamannvirkjum fjallaði sr. Vigfús Árnason um sr. Friðrik Friðriksson, sem stofnaði fyrsta skátafélagið á Íslandi, Væringja, KFUM og K, Karlakórinn Fóstbræður, Knattspyrnufélagið Hauka og síðast en ekki síst Knattspyrnufélagið Val. Eftir að hafa fjallað í stuttu máli um prestinn og æskulýðsleiðtogann sr. Friðrik, atorku hans og kraft, flutti sr. Vigfús ljóðið Knattspyrna sem var á tímabili Valsöngurinn en lagið þótti erfitt í flutningi.

Vigfús segir að tvær setningar komi ávallt upp í hugann þegar við hugsum til frumherjans, stofnandans séra Friðriks Friðrikssonar, æskulýðsleiðtogans og prests. Það eru annars vegar einkunnarorð hans úr ritningunni er segja: „Þér munuð með fögnuði vatni ausa úr lindum hjálpræðisins“ og orðin sem hann ávallt benti á: „Látið aldrei kappið bera fegurðina ofurlíði,“ orðin sem eru letuð á brjóstmynd af séra Friðriki að Hlíðarenda.

Slakandi

HVÍTA HÖSUD / SÍA

Opið alla daga í Bláa Lóninu – heilsulind

Dekraðu við þig og þína með heimsókn í Bláa Lónið – heilsulind þar sem spa-meðferðir, nudd, eimböð, sauna, fígulegur foss og freistandi veitingar eru meðal þess sem bíður gesta.

www.bluelagoon.is • 420 8800

 **upplifðu**
ISLAND-SÆKJUM ÞAD HEIM

 **BLUE LAGOON**
ICELAND

Það er alltaf sól á Siglufirði

Við tókum gullið, gullið

Við tókum gullið

Texti eftir Hörpu Brynjarsd. í 6. flokki við lagið „We Will Rock You“ með Queen.

Hjá Valsstelpum er gaman, gaman, spilum nú saman, köllum á boltann, við verjum mörk og við skorum mörk og við leggjum af stað með bikarinn heim. Við tókum gullið, gullið. Við tókum gullið, gullið.

Þetta lag sló svo sannarlega í gegn á Siglufirði í sumar og á örugglega oft eftir að hljóma meðal Valsstúlkna.

Yngri flokkar kvenna hjá Val tóku í sumar í þriðja sinn þátt í Þæjumótinu á Siglufirði sem haldið var í byrjun ágúst. Valur sendi til leiks tvö lið í 4. flokki kvenna, þrjú lið í 5. flokki og tvö lið í 6. flokki. Um 1400 stúlkur í um 160 liðum tóku þátt í Þæjumótinu að þessu sinni í 4.-7. flokki. Valsstúlkurnar stóðu sig frábærlega í ferðinni, bæði innan vallar sem utan. Bestum árangri náði 5. flokkur A sem tapaði í úrslitaleiknum fyrir Breiðabliki á hlutkesti eftir 0-0 jafntefli. Sjötti flokkur A endaði í 2. sæti og var hársbreidd frá gullinu, eftir 2-1 tap fyrir Fylki í dramatískum úrslitaleik.



Það var banastuð á kvöldvökunni á Þæjumótinu og Valsstúlkunar skemmtu sér konunglega með þjálfurum sínum og foreldrum.

Í þessari grein verður einkum reynt að fanga stemninguna sem myndaðist í hópi Valsstúlkna, þjálfara þeirra og allra stuðningsmanna úr hópi foreldra. Ferð á fótboltamót eins og þetta er nefnilega eitt samfellt ævintýri þar sem bæði iðkendur, þjálfarar og foreldrar skemmta sér saman. Fullyrða má að gott starf af þessu tagi hjá Íþróttafélagi er ein albesta forvörn sem hægt er að hugsa sér.

Það voru syngjandi kátar Valsstúlkur sem lögðu af stað frá Valsheimilinu fimmtudaginn 4. ágúst 2005 ásamt nokkrum fararstjórum og var gríðarleg stemning í rútunni, mikið sungið og ýmsir brandarar fengu að flakka. Stelpurnar fylgdust með hluta af undanúrslitaleik Vals og Fylkis í rútunni og var mikið fagnað þegar Garðar Gunnlaugsson skoraði strax í uppafi leiksins. Stelpurnar gistu ásamt þjálfurum og fararstjórum í ágætri aðstöðu rétt við keppnisvöllina á Siglufirði en fyrsta kvöldið var mikil spennan í loftinu fyrir mótið og misjafnlega gekk að sofna. Fjölmargir foreldrar voru þegar komnir á svæðið og tjölduðu nálægt völlum og strax myndaðist góð stemning í tjaldbúðunum þar sem Valsfáninn blakti við hún.

Á föstudaginn rigndi talsvert á Siglufirði og vellirnir urðu sumir fljótt erfiðir fyrir knattspyrnuíðkun, en stelpurnar létu það ekkert á sig fá og sögðu að það væri alltaf sól á Siglufirði, hvernig sem annars viðraði í raun. Strax fyrsta daginn kom í ljós að Valsstúlkur ætluðu sér stóra hluti á mótinu, en 4. flokkur A, fimmti flokkur A og 6. flokkur A byrjuðu afar vel og unnu alla sína leiki örugglega fyrsta daginn. Hins vegar gekk ekki vel í rigningunni hjá hinu sigursæla liði í 5. flokki B, sem nánast hefur verið ósigrandi undanfarin tvö ár frá því að liðið vann gullverðlaun á Þæjumótinu á Siglufirði 2003. Liðið tapaði



Nokkrar stelpur í 5. flokki í banastuði. Katrín Gylfadóttir, Gerður Guðnadóttir, Svana Hermannsdóttir og Sæunn Sif Heiðarsdóttir skemmtu sér vel á Þæjumótinu.

tveimur leikjum fyrsta daginn, 2-1 fyrir Fjölni og 1-0 fyrir Stjörnunni, eftir að hafa verið betra liðið í báðum leikjunum. Öðrum liðum gekk flestum ágætlega fyrsta daginn. Það voru þreyttar og lúnar stelpur sem skriðu snemma í svefnpokana þennan blauta dag, eftir sundferð og fiskibollur, ákveðnar að gera enn betur á laugardeginum. Um kvöldið fjölgaði einnig foreldrum á svæðinu og sumir hverjir áttu erfitt með að finna tjaldstæði, allir grænir blettir á Siglufirði voru þaktir tjaldvögnum og fellihýsum. Ein Valsfjölskyldan tjaldaði á golfvöllum, á flöt við eina holuna við litlar vinsældir golfáhugamanna á staðnum.

Á laugardeginum var sannkölluð bongóblíða, heiður himinn og sólskin allan daginn og ákjósanlegar aðstæður til að leika knattspyrnu, nema á blautustu völlum sem urðu að svæði daginn áður. Valsstúlkur mættu einbeittar í leikina, studdar áfram af fjölmörgum stuðningsmönnum úr hópi foreldra og iðkenda í öðrum flokkum. Margir spennandi leikir fóru fram þennan dag í öllum flokkum og gekk flestum Valsliðunum ágætlega. Sjötti flokkur A tryggði sér öruggt sæti í úrslitum um 1.-3. sæti og vann flesta leiki með yfirburðum, en liðið skoraði 39 mörk í riðlakeppninni, flest allra liða á mótinu og fékk á sig tvö mörk. Fimmti flokkur A tryggði sér einnig sæti í undan-



Foreldrar og þjálfarar í sólskinsskapi nýttu tímann til sólbada í bongóblíðu á Þæjumótinu á Siglufirði.

úrslitum og loks tryggði 4. flokkur A sér sæti í undanúrslitum. Fimmta flokki B gekk mun betur í sólinni en daginn áður og tryggði sér leiki um 5.-8. sæti. Öðrum Valsliðum gekk ekki alveg eins vel en allir skemmtu sér konunglega, bæði leikmenn, þjálfarar, fararstjórar og fjölmargir stuðningsmenn úr hópi foreldra sem hvöttu stelpurnar til dáða. Eftir verkefni dagsins á fótboltavellinum var haldið á skemmtilega tónleika á torginu þar sem mikið var dansað og gaman var að sjá glaða iðkendur, þjálfara og foreldra skemmta sér konunglega saman. Það voru þreyttar stúlkur sem sofnuðu fljótt að loknum tónleikunum, staðráðnar í því að gefa allt í úrslitaleikna. Á sunnudeginum var leikið til úrslita og spilað um sæti. Veðrið var þokkalegt. Mikil spennan lá í lofti meðal allra á Siglufirði enda keppikefli allra liða að ná sem bestum árangri innan vallar þótt fjölmargt annað skipti máli í ferðum sem þessum eins og góður félagsskapur og leikgleði. Sjötti flokkur A byrjaði á leik við sterkt lið Fylkis og komst fljótlega yfir 1-0, en skömmu fyrir hálfleik jöfnuðu Fylkisstúlkur. Í seinni hálfleik sóttu Valsarar ákaft án þess að takast að skora en á lokamínúttunni komust Fylkisstelpur yfir 2-1 eftir hornsþyrnu og þar við sat. Leikurinn var ákaflega vel leikinn og sýnir hversu öflugt uppbyggingarstarf er í kvennaknattspyrnu hér á landi. Silfur var því staðreynd hjá okkar stelpum og mega þær vel við una en um 20 lið kepptu í 6. flokki. Síðar um sumarið urðu Valsstúlkurnar í 6. flokki Íslandsmeistarar og voru vel að þeim titli komnar.

Í fimmta flokki A léku Valsstelpurnar við Þrótt Reykjavík og lentu 2-0 undir

í fyrri hálfleik. Þær komu vel einbeittar til leiks í síðari hálfleik og náðu með harðfylgi að jafna leikinn 2-2 og þar við sat. Þá var uppkast sem lenti okkar megin og fögnuðu stelpurnar og stuðningsmenn ákaflega. Það sama gerðist í úrslitaleiknum á mótinu Breiðablik, eftir jafnan baráttuleik sem endaði með markalausum jafntefli var uppkast sem Blikar unnu og okkar stúlkur sátu eftir með sárt

ennið, en mega þó vel við una að ná silfursæti en 24 lið léku í 5. flokki. Þess má geta að Blikar urðu síðar um sumarið Íslandsmeistarar í 5. flokki eftir harða baráttu við Skagastúlkur. B lið Vals vann síðan örugglega báða sína leiki og endaði í 5. sæti sem telst gott eftir erfiða byrjun á mótinu. C liðið endaði í 10. sæti eftir tvo góða sigra á sunnudeginum og sótti það lið mjög í sig veðrið eftir því sem leið á mótinu.

Í 4. flokki töpuðu Valsstúlkurnar í undanúrslitum fyrir Þrótti frá Neskaupstað í miklum baráttuleik 1-0. Síðan tapaðist leikurinn um bronsverðlaun á mótinu Breiðablik 1-0 og voru þetta fyrstu tapleikir A liðsins í 4. flokki um sumarið. Stelpurnar mega þó vel við una en um 25 lið kepptu í 4. flokki á mótinu. Síðar um sumarið tryggðu Valsstúlkurnar sé sæti í A riðli í 4. flokki.

Að loknum öllum þessum úrslitaleikjum var grillveisla fyrir alla keppendur og verðlaunaafhending. Það voru lúnar stúlkur sem stigu í rútna eða fóru með foreldrum sínum heim á leið eftir vel heppnað Þæjumót. Rútuferðin gekk vel þar sem áð var í Staðarskála í hamborgaraveislu og að Hlíðarenda kom hópurinn um kl. 11 um kvöldið. Þæjumótinu var þar með formlega lokið og sumar stelpurnar voru strax farnar að tala um að fara til Siglufjarðar á næsta Þæjumót að ári.

Myndir og úrslit og ýmislegt fleira

um Þæjumótinu má sjá á slóðinni: www.simnet.is/ks/paejumot

Ný Valslög

Í þessari ferð var mikið sungið af gömlum og nýjum Valslögum og stelpurnar sömdu nýja söngtexta sem sumir hittu vel í mark og hér verður birt sýnishorn af sköpun stelpnanna sem mest fór fram í rúttunni á leið til Siglufjarðar.

Við erum öll Valsarar
já Valsarar, já Valsarar.
Þið eruð öll Valsarar, já Valsarar, já Valsarar.
Það eru allir Valsarar, inni í sér, já Valsarar.

Samíð við Ramsteinlag

Aumingja ég
ÚBS, ég skaut óvart útaf.
Aumingja ég.
Það er innkast.

Ó, Valur, Valur
Flottar Valsstelpur
Við erum flottar Valsstelpur,
við vinnum allar telpur í KR,
við erum að fara á Þæjumót á Siglufirði.
Við ætlum að vinna alla leikina fyrir Val.

Fótbolti

Í fótbolta er gaman þar spila liðin saman, við mölum alltaf alla því við erum Valsarar. Við skorum fullt af mörkum og vinnum leikina. Við fáum alla titlana á Þæjumótinu.

Samantekt: Guðni Olgeirsson fararstjóri.



Mikil spennan á hliðarlínunni. Foreldrar, þjálfarar og iðkendur fylgjast spennit með gangi mála.

Valur VISA bikarmeistarar í kna

Valur varð í sumar bikarmeistari í meistaraflokki karla eftir æsispennandi leik gegn Fram á Laugardalsvelli. Gríðarleg stemning var í stúkunni og fjölmenntu stuðningsmenn Vals og Fram á leikinn í fallegu síðsumarsveðri. Baldur Ingimar Aðalsteinsson skoraði eina mark leiksins með glæsilegu skoti af löngu færi og kampakátir Valsmenn fögnuðu sigri eftir dramatískan úrslitaleik.

Valur lenti í öðru sæti í Landsbankadeildinni í sumar og stuðningsmenn liðsins eru vitaskuld í skýjunum með árangurinn í sumar en liðið sýndi oft á tíðum frábæran leik og var eina liðið sem hélt í við Íslandsmeistara FH fram eftir sumri og endaði í 2. sæti í deildinni. Bikarmeistaratitillinn toppaði árangur sumarsins og er fyrsti stóri titill Vals í karlaknattspyrnu frá bikarmeistaratitlinum 1992. Tími til kominn myndu sumir segja.

Hér má sjá ýmsar myndir frá bikarúrslitaleiknum sem Finnur Kári Guðnason tók sem sýna vel stemninguna og baráttuna á vellinum og sigurgleði leikmanna.



Stefán Hilmarsson söng stuðningsmenn í stuð fyrir bikarúrslitaleikinn.



Bjarni Ólafur Eiríksson hefur betur í skallaeinvígi við Framara.



VISA bikarmeistarar Vals 2005. Efri röð f.v.: Halldór Eypórsson liðsstjóri, Þór Hinriksson aðstoðarþjálfari, Óthar Edvardsson, E. Börkur Edvardsson formaður kn. með son sinn Edvard Edvardsson, Guðjón Ólafur Jónsson umsjónarmaður leikskrár, Garðar Gunnlaugsson, Birkir Már Sævarsson, Grétar Sigfinnur Sigurðsson, Hálfván Gíslason, Bjarni Ólafur Eiríksson, Matthías Guðmundsson, Steinþór Gíslason, Baldur Þórólfsson, Ágúst Bjarni Garðarsson, Sigurður Sæberg Þorsteinsson, Þórður Steinar Hreiðarsson, Kristinn Ingi Lárusson og Willum Þór Þórsson hjálfari. Nedri röð f.v.: Kristinn Geir Guðmundsson, Kjartan Sturluson, Stefán Helgi Jónsson, Baldur Ingimar Aðalsteinsson, Sigurbjörn Örn Hreiðarsson fyrirlíði, Guðmundur Benediktsson, Síghór Júlíusson og Björgvin Björgvinsson dyggur stuðningsmaður.

ttspyrnu 2005 **Valur 1** – **Fram 0**

Leið Valsmanna í bikarnum

Valsmenn léku við Reyni Árskógsströnd í 32 liða úrslitum og unnu næsta örugglega 7-0 á útivelli. Í 16. liða úrslitum lágu Haukar sannfærandi á heimavelli, 5-1. Í 8 liða úrslitum vannst naumur baráttusigur á KR á útivelli 2-1 og síðan vannst góður sigur á Fylki í undanúrslitum 2-0 að Hlíðarenda. Loks lágu Framarar 1-0 í sjálfum úrslitaleiknum á Laugardalsvelli.



Gummi Ben sýnir listir sínar með boltann.



Baldur Ingimar Aðalsteinsson markahrókur.



Garðar Gunnlaugsson nálægt því að skora.



Stuðarar á pöllumum.



Grétar Sigfinnur Sigurðsson og Bjarni Ólafur í kröppum dansi.



Og það var sigurmark! Óverjandi.



Sigurbjörn Hreiðarsson fyrirliði Vals í baráttu um boltann.

Stefnt hærra og hærra

Valur ætlar sér stóra hluti í framtíðinni, innan vallar sem utan, en nú hefur verið hafist handa á mikilli uppbyggingu á Hlíðarendasvæðinu. Willum Þór Þórsson þjálfari liðsins segir það svo sannarlega vera raunhæft fyrir Val að stefna á Íslandsmeistaratitilinn á næsta ári.



Hitað upp í Valsheimilinu fyrir bikarúrslitaleikinn og Valslagið sungið.



Langþráður bikar-meistaratitill í höfn.



Bikarnum fagnað með stuðningsmönnum.





Bein lína heim!

Þegar þú ert á ferð í útlöndum ættir þú að vera með allt þitt á eins hreinu og kostur er. Kynntu þér tryggingaskilmála VISA-korta og neyðarnúmer áður en þú leggur af stað. Við erum við símann, tilbúin að aðstoða þig, allan sólarhringinn, alla daga vikunnar, allan ársins hring.

Sjá nánar á www.visa.is.

VISA Ísland - Greiðslumiðlun hf. Sími 525 2000 www.visa.is

Frábært tímabil hjá strákunum og Evrópuævintýri hjá stelpunum

Ársskýrsla knattspyrnudeildar árið 2005



Stoltir og gladdir Íslandsmeistarar í 6. flokki kvenna 2005 ásamt þjálfurum sínum Leu Sif Valsdóttur og Hildigunni Jónasdóttur. Efri röð frá vinstri: Katla Rún Arnórsdóttir, Vaka Njálisdóttir, Harpa Brynjarsdóttir, Ása Bríet Bratteberg, Kolbrún Eypórsdóttir, Lára Theódóra Magnúsdóttir, Unnur Björk Elíasdóttir. Neðri röð frá vinstri: Katla Rúnarsdóttir, Klara Sigurðardóttir, Kristín Jónsdóttir, Rína Oddsdóttir, Elín Metta Jensen, Hildur Antonisdóttir og Berglind Rós Ágústsdóttir. Liggjandi fyrir framan eru Ásta Rún Agnarsdóttir og Morgan Marie Porkelsdóttir.

Stjórn knattspyrnudeildar Vals starfsárið 2004-2005 skipuðu:

E.Börkur Edvardsson, *formaður*
Jón Grétar Jónsson, *varaformaður*
Guðjón Ólafur Jónsson, *meðstjórnandi*
Kjartan Georg Gunnarsson, *meðstj.*
Óthar Edvardsson, *form. m.fl.ráðs karla*
Bragi Bragason, *meðstjórnandi*
Erla Sigurbjartsdóttir, *form. kvennaráðs*
Jón Höskuldsson, *form. unglíngaráðs*

Þjálfarar yngri flokka

Kvennaflokkar

Á liðnu starfsári störfuðu 20 þjálfarar við 10 flokka iðkenda, bæði aðalþjálfarar og aðstoðarþjálfarar með skriflega samninga til eins eða tveggja ára. 7. fl. kv. var starfræktur sjálfstætt í fyrsta sinn

undir stjórn Rakelar Adolphsdóttur og Kristínar Jónsdóttur og voru tæplega 25 stúlkur skráðar í floknum um haustið. Eins og alltaf varð nokkur breyting á skipan þjálfara á liðnu ári og þær helst ar að Soffía Ámundadóttir tók við 3. fl. kvenna með aðstoð Oddnýjar Önnu Kjartansdóttur. Margrét Jónsdóttir fyrrum leikmaður meistaraflokks kvenna tók við 4. fl. kv. en hvarf í fæðingarorlof í júnímánuði og þó tók Sóley Ósk Elíadóttir við hennar starfi. Aðstoðarþjálfari var Signý Heiða Guðnadóttir. Aðrar breytingar urðu ekki stúlnamegin. Elísabet Gunnarsdóttir þjálfaði 5. fl. kv. með aðstoð Margrétar Láru Viðarsdóttur, Lea Sif Valsdóttir þjálfaði 6. fl. kv. með aðstoð Hildigunnar Jónasdóttur.

Elísabet Gunnarsdóttir sem verið hefur lengi við þjálfun yngri flokka félagsins

hættir yngri flokkaþjálfun en þó ekki öllum afskiptum af þjálfun stúlknaflókka eins og getið verður um hér á eftir.

Karlaflokkar

Guðmundur Brynjólfsson var aðalþjálfari 3. fl. karla og honum til aðstoðar um sumarið var Davíð Bergmann Davíðsson. Þór Hinriksson tók við 4. fl. karla og hafði Elvar Már Svansson sér til aðstoðar. Gylfi Sigurðsson var áfram þjálfari 5. fl. karla og Þórður Jensson aðstoðarþjálfari. Með 6. fl. karla voru þeir Skúli Sigurðsson og Jónas Hróar Jónsson eins og áður og Benedikt Bóas Hinriksson var þjálfari 7. fl. karla til loka maímánaðar sl., en hvarf þá til annarra starfa. Það var föngulegur hópur þjálfara sem leysti þá Benedikt af hólmi, Baldur Þórólfsson, Dóra Stefánsdóttir og Rakel Logadóttir. Gerð var tilraun í sumar með að breyta æfingatíma 7. fl. drengja og tengja æfingar starfi Sumarþúða í borg og tókst það með ágætum.

Unglingaráð þakkar þeim þjálfurum sem létu af störfum á síðasta tímabili fyrir samstarfið á liðnum árum og óskar öllum núverandi þjálfurum velfarnaðar í krefjandi starfi.

Yfirþjálfari

Yfirþjálfari var ekki starfandi á liðnu starfsári en Þórður Jensson var í starfi íþróttafulltrúa félagsins. Til að bæta enn við og auka veg þjálfunar yngri flokka félagsins voru á haustmánuðum ráðnir tveir yfirþjálfarar sem sinna því starfi aðgreint eftir flokkum. Verður Elísabet Gunnarsdóttir yfirþjálfari 2. fl. kv. og allra yngri flokka kvenna og Þór Hinriksson tekur að sér sömu flokka karla. Verður þessi ákvörðun án efa mikil lyftistöng við allt starfið í yngri flokkum félagsins og nú hafa þjálfarar aðgang að faglegri aðstoð sem jafnframt er kærkomið aðhald fyrir vandasamt starf barna- og unglíngþjálfara.



Fánaberi á Essomóti á Akureyri.



Strákar í 5. flokki á Essomóti í stuði.

Knattspyrnuskóli

Knattspyrnuskóli VALS og SMITH & NORLAND var rekinn með sama fyrirkomulagi og 2004 þar sem áhersla var lögð á einstaklingsþjálfun eldri þátttakenda. Að venju var starfstími skólans um 10 vikur í sumar og var skólinn mjög vel sóttur af drengjum og stúlkum.

Skólastjóri eins og áður var Elísabet Gunnarsdóttir og naut hún aðstoðar liðsmanna meistaraflokks kvenna.

Uppeldis og knattspyrnustefna Vals og Íþróttanámskrá

Á vegum unglingaráðs er unnið eftir Uppeldis- og knattspyrnustefnu Vals sem samþykkt var í janúar 2002. Nokkur reynsla er þegar kominn á þessa mikilvægu markmiðssetningu í störfum félagsins og eru t.d. starfslýsingar fyrir þjálfara þegar hluti af ráðningasamningum þjálfara. Uppeldis- og knattspyrnustefnan er birt á valur.is

Þá má minna á Íþróttanámskrá Knattspyrnufélagsins Vals í samstarfi við Íþróttabandalag Reykjavíkur. Eru þjálfarar hvattir til að kynna sér námskrána rækilega og haga störfum sínum til samræmis við boðskap hennar. Mun það gera störf þjálfara skilvirkari og markvissari.

Námskeið KSÍ

Þjálfarar unglingaráðs, sem starfa hjá félaginu eru hvattir og raunar skyldaðir til þátttöku í námskeiðum á vegum

KSÍ og eru þau námskeið greidd af félaginu. Nýttu margir þjálfarar sér námskeiðin og munu þjálfarar unglingaráðs verða áfram hvattir til að sækja námskeið KSÍ. Íþróttafulltrúi hefur fylgt því eftir að þjálfarar sæki námskeiðin.

Uppskeruhátíð yngri flokka 2005

Uppskeruhátíð deildarinnar 2005 var haldin sunnudaginn 9. október að viðstöddu miklu fjölmenni. Var hátíðin haldin í fyrsta sinn í litla íþróttasalnum,

enda sá stóri horfinn! Viðurkenningar voru veittar og gerðu þjálfarar grein fyrir gengi sinna flokka. Að lokinni afhendingu viðurkenninga bauð knattspyrnudeild Vals til kaffisamsætis í hátíðarsal félagsins. Að því loknu var boðið upp á andlitsmálningu fyrir krakkana og sætaferðir í Laugardalinn á stórleik Vals og Potsdam í 8 liða úrslitum Evrópukeppninnar.

Sá háttur var hafður á verðlaunaafhendingu yngri flokka Vals í ár að veita öllum iðkendum verðlaunapening. Að auki er í 4. - 7. flokki drengja og 4. - 6. flokki stúlkna veitt viðurkenningin „Liðsmaður flokksins“. Var sú viðurkenning veitt í þriðja sinn í stað viðurkenningarinnar „Leikmaður flokksins“. Er þetta gert í anda stefnuyfirlýsingar ÍSÍ um barna- og unglingaíþróttir og einnig Knattspyrnu- og uppeldisstefnu Vals.

Um verðlaun og viðurkenningar segir

Iðkendur 10 ára og yngri fá allir jafna viðurkenningu fyrir þátttöku ef um slíkt er að ræða, t.d. á uppskeruhátíð. Í ljósi þessa fá allir iðkendur í 6. og 7. flokki drengja og 5. og 6. flokki stúlkna viðurkenningarpening frá félaginu. Viðurkenninguna „Liðsmaður flokksins“ hlýtur sá einstaklingur sem að mati þjálfara og annarra þeirra er flokkinn annast hefur verið öðrum iðkendum flokksins til fyrirmyndar, haft jákvæð og hvetjandi



Efri mynd: Hinn sigursæli 5. flokkur kvenna A og B lið eftir sigur á einu af mótuum sumarsins. Efri röð frá vinstri: Hugrun Arna Jónsdóttir, Bjarnheiður Sigurbergisdóttir, Helga Birna Jónsdóttir, Birna Kolbrún Birgisdóttir, Villímey Líf Friðriksdóttir, Gunnhildur Ýr Valdimarsdóttir. Nedri röð frá vinstri: Elín Metta Jensen, Berglind Rós Ágústsdóttir, Svænn Sif Heiðarsdóttir, Svana Hermannsdóttir, Katrín Gylfadóttir, Hekla Dögg Sveinbjarnardóttir og Gerður Guðnadóttir. Liggjandi fyrir framan: Elva Björk Haraldsdóttir og Bryndís Bjarnadóttir. Nedri mynd: Og það var mark!

áhrif á félagi sína og sýnt þrúðmennsku gagnvart samherjum sínum og þjálfara, innan vallar og utan.

Landsbanki Íslands kostaði allar hefðbundnar viðurkenningar yngri flokkanna þetta árið. Var Þórey Árnadóttir fulltrúi bankans sérstakur gestur uppskeruhátíðarinnar að þessu sinnu. Var þátttaka bankans á grundvelli sérstaks samstarfs-samnings félagsins og bankans. Var inntak samningsins lauslega kynnt á hátíðinni og þótti vel til takast. Að mati unglingaráðs er reynslan af samstarfi við Landsbankann verðmæt fyrir unglingsstarf á vegum félagsins.

„Friðriksbikarinn“

Á uppskeruhátíð yngri flokkanna 2005 var Friðriksbikarinn veittur í annað sinn. Um er að ræða viðurkenningu fyrir iðkendur í 3. fl. karla og kvenna. Gefandi Friðriksbikarsins er KB banki við Hlemm og er bikarinn að sjálfsögðu kenndur við Sr. Friðrik Friðriksson. Þorsteinn Ólafs útibússtjóri KB Banka veitti viðurkenninguna, sem er veglegur farandbikar og annar til eignar og veitt er árlega til iðkenda í 3. fl. karla og kv. sem þykja skara framúr í félagsþroska innan vallar sem utan. Í ár hlutu viðurkenninguna þau Ingibjörg Magnúsdóttir og Ellert Finnboði Eiríksson. Unglingaráð færir KB banka sérstakar þakkir við aðkomuna að þessum verðlaunum sem eru félaginu til sóma.

Lollabikarinn

Lollabikarinn var að venju veittur á uppskeruhátíðinni. Að þessu sinni fékk



Elísabet Gunnarsdóttir hvetur stelpur í 5. flokki til dáða í hálfleik.

Ingólfur Sigurðsson leikmaður með 5. flokki drengja bikarinn. Lollabikarinn er gefinn af Ellert Sölvasyni „Lolla í Val“ og skal veittur þeim leikmanni yngri flokka Vals sem þykir hafa skarað fram úr í knattleikni og tækni.

Dómari ársins

Svanur Gestsson var valinn dómari ársins á uppskeruhátíð knattspyrnudeildar. Svanur er vel að þeirri viðurkenningu kominn, hann hefur dæmt ótal leiki í yngri flokkunum á undanförunum árum og hægt hefur verið að kalla hann út til dómara verkefna nánast hvenær sem er.

Þátttaka yngri flokka í mótum

Valur tók þátt í öllum hefðbundnum mótum á vegum KSÍ og KRR auk ann-

arra móta sem haldin voru af félögum vítt og breytt um landið. Árangur í flestum flokkum var góður og oft mjög góður miðað við fjölda iðkenda.

3. fl. ka. Spilaði til undanúrslita á Íslandsmótsinu eftir að hafa unnið sig upp úr B-deild árið áður. Flokkurinn varð einnig Reykjavíkúrmeistari og stóð sig vel í bikarkeppninni.

4. fl. ka. Lék í B- deild Íslandsmótsins og endaði þar í þriðja sæti og hársbreidd frá sæti í A- deild. Flokkurinn stóð sig ágætlega í Reykjavík- og haustmótum.

5. og 6. fl. ka. Tóku þátt í ýmsum mótum og var almenn ánægja með ferðirnar til Vestmannaeyja í 6. flokki og til Akureyrar í 5. flokki og var mikil stemning bæði innan og utan vallar og árangur var með ágætum. Ekki gekk eins vel á Íslandsmóti í 5. fl. en flokkurinn féll úr B í C deild í sumar. B lið 6. flokks komst í úrslitakeppni Íslandsmótsins og náði þar frábærum árangri.

Þá var mikil framför hjá iðkendum í **7. fl. ka.** undir stjórn Benedikts Bóasar Hinrikssonar og þeirra þriggja þjálfara sem tóku við af honum. Flokknum gekk t.d. frábærlega á Skagamótinu.

Því miður var árangur **3. fl. kv.** undir væntingum þetta árið ef horft er til Íslandsmótsins en flokkurinn stóð sig frábærlega í ýmsum öðrum mótum ársins, varð t.d. Reykjavíkúrmeistari og haustmeistari og vann til bronsverðlauna á Síamamótinu.



Hinn stórefnilegi 7. flokkur kvenna með hluta af verðlaunum sumarsins. Efri röð frá vinstri: Þórhildur Helga Eypórsdóttir, Mekkin Guðmundsdóttir, Snæðís Logadóttir, Áróra Líf Kerúlfsdóttir, Anna Snjólaug Valgeirsdóttir. Nedri röð frá vinstri: Nína Gylfadóttir, Málfríður Anna Eiríksdóttir, Andrea Eir Guðmundsdóttir, Harpa Karen Antonsdóttir, Sigrún Sigurðardóttir, Kristín Ýr Jónsdóttir.

4. fl. kvenna vann sig upp í A-deild á ný og átti gott sumar, náði t.d. verðlaunasæti í Rey Cup og komst í úrslitakeppni Íslandsmótsins.

5. fl. kvenna stóð sig vel á öllum mótum og var oftast ekki í verðlaunasætum. B liðið varð t.d. Reykjavíkumeistari, vann Síamótið bæði aðalmótið og hraðmótið og A liðið fékk silfurverðlaun á Þæjumótinu á Siglufirði og brons á Síamótinu. A og B liðið komst í úrslitakeppni Íslandsmótsins og var hársbreidd frá því að leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.



Finnur K.

Laufey Ólafsdóttir flýgur hátt.

Íris Andrésdóttir lagði skóna á hillunar í haust eftir farsælan feril.



Dóra Stefánsdóttir í baráttu um boltann.



Finnur K.

Að öllum flokkum ólöstuðum stendur þó árangur **6. fl. kvenna** upp úr sumarið 2005, en þær stúlkur gerðu sér lítið fyrir og urðu Íslandsmeistarar 2005, þær fyrstu í sögunni, því mót í 6. fl. kv. hefur ekki áður verið spilað sem Íslandsmót. Flokkurinn var nánast ósigrandi allt tímabilið og vann flest mót ársins með yfirburðum. Eru leikmönnum og þjálfurum flokksins, þeim Leu Sif Valsdóttur og Hildigunni Jónasdóttur færðar hamingjuóskir í tilefni af glæsilegan árangri og Íslandsmeistaratitli.

Þá vann **7. fl. kv.** til bronsverðlauna á Síamótinu þrátt fyrir litla reynslu af mótum, en árangur Valskvenna á mótinu var einn sá allra besta í langri sögu félagsins þegar Gullmótin eru annars vegar.

Í heild má segja að starfið í flokkunum hafi gengið vel þó ætíð megi bæta árangurinn inn á vellinum. Að því verður áfram unnið markvisst með betur menntuðum þjálfurum ráðsins.

Unglingaráð hafði ekki neinn sérstakan starfsmann á tímabilinu en naut

aðstoðar íþróttafulltrúa, framkvæmdastjóra og annarra á skrifstofu félagsins og eru þessu fólki færðar bestu þakkir fyrir veitta aðstoð við unglingaráð. Aðalstyrktaraðili unglingaráðs Vals er sem fyrr Smith & Norland ehf. Þá hafa Bræðurnir Ormsson og Landsbanki Íslands hf. styrkt unglingastarf félagsins og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir.

Skipan unglingaráðs

Á liðnu starfsári störfuðu í unglingaráði, auk formanns, þau Gríma Huld Blængsdóttir, ritari, Guðni Olgeirsson, gjaldkeri, Jónína Ingvadóttir og Sigurður Haraldsson. Sú breyting verður í röðum unglingaráðs að Bára Bjarnadóttir kemur til starfa á ný og við bættist Jón Gunnar Bergs, sem Valsmenn þekkja. Úr unglingaráði hverfa að þessu sinni Gríma Huld Blængsdóttir og Sigurður Haraldsson. Eru þeim færðar bestu þakkir fyrir samstarfið.

Ljóst er að áfram verður að vinna óþrjótandi uppbyggingarstarf í öllum flokkum félagsins með áhuga og natni. Það er von unglingaráðs að sú mikla

breyting sem varð í upphafi starfsársins á skipan þjálfara muni skila sér í bættum aga og árangri iðkenda innan vallar. Þá er mikil von bundin við störf yfirþjálfara flokkanna en þá hefur vantað í þjálfarateymi félagsins um allt of langt skeið.

Meistaraflokkur kvenna

Meistaraflokkur kvenna byrjaði sitt tímabil vel. Liðið var m.a. Íslandsmeistari innanhúss, Deildarbikarmeistari, Reykjavíkumeistari, hafnaði í öðru sæti á Íslandsmótinu og komst í fjórðungsúrslit Visabikars og sigraði í leik um Meistarar Meistaranna.

Elísabet Gunnarsdóttir heldur áfram að þjálfra Valsliðið. Hún hefur náð frábærum árangri og er tvímælaust einn hæfasti þjálfarinn í íslenskri kvinnaknattspyrnu í dag. Theodór Sveinbjörnsson verður henni til aðstoðar en hann mun einnig þjálfra 2. fl.kvenna. Við fengum öflugan liðstyrk þegar Margrét Lára Viðarsdóttir, ein af bestu knattspyrnukonum landsins, gekk í Val. Elín Svavarsdóttir bættist einnig í hópinn en hún kemur frá



Meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu 2005. Efsta röð f.v.: Ragnheiður Jónsdóttir liðsstjóri, Rákel Logadóttir, Guðný Björk Óðinsdóttir, Laufey Jóhannsdóttir, Katrín Jónsdóttir, Ásta Árnadóttir, Dóra María Lárusdóttir og Erla Sigurbjartsdóttir formaður kvennaráðs. Miðröð f.v.: Elísabet Gunnarsdóttir þjálfari, Ólafur Pétursson markmannspjálfi, Elín Svavarsdóttir, Málfríður Erna Sigurðardóttir, Margrét Lára Viðarsdóttir, Dóra Stefánsdóttir, Vilborg Guðlaugsdóttir, Pála Marie Einarsdóttir, Jóhannes Már Marteinsson sjúkraþjálfari og Unnar Steinn Bjarnald framkvæmdastjóri. Nedsta röð f.v.: Guðrún María Þorbjörnsdóttir, Íris Andrésdóttir fyrirliði, Guðbjörg Gunnarsdóttir, Laufey Ólafsdóttir og Rut Bjarnadóttir. Finnur K.

FH en er uppalinn í Val. Ekki náðist að verja Íslandsmeistaratitilinn í ár, því með tveimur tapleikjum gegn Breiðblik



Trommarinn Baldur Hrafnsson í góðum filing.

fór bikarinn í Kópavoginn. Það er mikill hugur í leikmönnum og þjálfara liðsins fyrir komandi tímabil að endurheimta titilinn.

Í ágúst var haldið til Kokkola í Finnlandi þar sem stelpurnar tóku þátt í fyrstu umferð Evrópukeppni félagsliða. Mikil tilhlökkun var í hópnum og fóru allir út með það að leiðarljósi að njóta þess að taka þátt, og að sjálfsögðu að sigra í leikjunum. Með mikilli baráttu, vilja og samstöðu tókst stelpunum að vinna riðilinn sinn og komast áfram í aðra umferð.

Önnur umferð fór fram í Svíþjóð og enn á ný sýndu stelpurnar hvað í þeim býr. Þær náðu öðru sæti og farseðli í 8 liða úrslit.

Næstu andstæðingar Vals voru Evrópumeistararnir frá FFC Potsdam í Þýskalandi. Valsliðið tapaði fyrir Þjóðverjunum en fékk mikla athygli og hrós fyrir frábæran árangur enda hefur ekkert kvennalið á Íslandi náð jafn góðum árangri í þessari keppni.

Nýtt kvennaráð hefur verið skipað fyrir komandi tímabil. Unnar Steinn Bjarnald tekur að sér formennsku kvennaráðs og með honum í ráðinu verða: Erla Sigurbjartsdóttir, Ásta Indriðadóttir, Eva Halldórsdóttir, Orri og Ragnar Vignir.

2. fl. kvenna

Í ár átti 2. fl.kv. að spila í fyrsta skipti í B-deild Íslandsmótsins, en sökum slakrar þátttöku liða í B- deild var liðum fjölgað í 12 í A- deild.

Þór Hinriksson var ráðinn þjálfari 2.fl. kv. á haustdögum 2004, en sökum anna lét hann af störfum í maí 2005. Soffía Ámundadóttir þáverandi þjálfari 3.fl.kv. tók að sér þjálfun flokksins til loka tímabils. Hún náði að hrista hópinn vel saman og niðurstaðan var 5. sæti í Íslandsmóti sem telst góður árangur miðað við hve flokkurinn var fámennur.

Theodór Sveinjónsson hefur nú tekið þjálfun 2. fl. af Soffíu og hefur flokkurinn nú þegar fengið góðan liðstyrk frá efnilegum stúlkum sem eiga eflaust eftir að styrkja hópinn ásamt þeim leikmönnum sem fyrir eru.

Meistaraflokkur karla

Meistaraflokksráð karla var skipað þeim Ótthari Edvardssyni og Braga Bragasyni og óhætt að segja að þeir félagar hafi haft í nógu að snúast því verkefnin voru æði mörg en þeir félagar leystu sín mál farsælega og eru þeim færðar þakkar fyrir.

Meistaraflokkur karla sigraði á flestum þeim mótum sem liðið tók þátt í. Íslands-



Úr heimaleikjum.

Finnur K.

meistarar innanhúss, Reykjavíkumeistarar, úrslitakeppni í deildarbikar, sigurvegari á minningarmóti um Þóri Jónsson, 2. sæti á Íslandsmóti og bikarmeistari 2005. U23 ára liðið varð Íslandsmeistari 2005.

Nýir leikmenn voru fengnir þeir Atli Sveinn Þórarinsson, Grétar Sigfinnur Sigurðsson, Steinþór Gíslason, Guðmundur Benediktsson, Sigþór Júlíusson og Kjartan Sturluson.

Við Valsliðinu tók einn sigursælasti þjálfari landsins Willum Þór Þórsson og óhætt að segja að hann hafi komið með það vítamín sem á þurfti til að Valur yrði aftur það knattspyrnuveldi sem það vissulega var hér á árum áður. Mikil ánægja er innan stjórnar með störf Will-

um og er honum ætlað að halda áfram með það góða starf sem hann hefur hafið.

Aðstoðarþjálfari er Þór Hinriksson, markmannsþjálfari er Bjarni Sigurðsson, liðsstjóri Halldór og sjúkrapjálfari Friðrik.

2. flokkur karla

2. flokkur karla náði góðum árangri á liðnu sumri og áttu lengi vel í harði baráttu um Íslandsmeistaratitilinn en gáfu eftir á lokasprettinum og titillinn rann þeim úr greipum. Flokkurinn var fámennur en það eru nokkrir efnilegir liðsmenn sem ganga nú upp í meistaraflokkinn. Óhætt er að segja að þjálfari liðsins Ólafur Brynjólfsson hafi unnið gríðarlega gott starf og oft var starfs-umhverfi hans erfitt en hann leysti yfirleitt sín mál farsælega. Ólafur hefur látið af störfum og eru honum færð þakklæti fyrir störf sín. Við flokknum hefur tekið Guðmundur Brynjólfsson.

Fjármál og staða deildarinnar

Stjórnin hefur haldið vel utan um fjármál deildarinnar og skilar deildinni á núlli sem verður að teljast kraftaverk í ljósi þess að liðið spilaði í 1. deild 2004 og með því hafi 30% af tekjum deildarinnar horfið. Velta deildarinnar árið 2005 er um 50 milljónir og hefur hún tvöfaldast frá árinu 2003.

Það er ánægjulegt að flest þau markmið stjórnar sem við tók árið 2003 setti sér eru að ganga upp. Búið er að endurskipuleggja starf yngri flokka deildarinnar og yfirþjálfarar hafa hafið störf. Búið er að ganga frá ráðningu allra þjálfara yngri flokka deildarinnar og er það í fyrsta skipti í langan tíma sem því er lokið svo fljótt. Óhætt er að fullyrða að sjaldan eða aldrei hafa jafn hæfir þjálfar-

ar verið ráðnir og þá á alla flokka deildarinnar eins og nú.

Fjármál deildarinnar eru á traustum fótum og veltan hefur tvöfaldast. Stefnt er að ráða rekstrarstjóra sem mun starfa eingöngu fyrir knattspyrnudeild og í nánú samstarfi við framkvæmdarstjóra félagsins. Sem sagt bjartir tímar framundan.

Óhætt er að segja að vindar hafi blásið um Val á liðnu misseri og árangurinn sem náðist hafi komið öðrum félögum á óvart svo og fjölmiðlum. Árangur okkar Valsmanna hefur greinilega haft truflandi áhrif á suma fjölmiðla sem hafa keppt við að flytja fréttir af leikmannamálum og fjármálum deildarinnar og reynt með því að reka fleyg á milli stjórnar og stuðningsmanna. Ekki hefur það tekist því að sjaldan eða aldrei hefur annar eins samhugur og samkennd verið í félaginu eins og einmitt nú.

Deildin þakkar styrktar- og stuðningsaðilum þeim: Smith & Norland sem er aðal samstarfs- og styrktaraðili deildarinnar sem og VÍS, SP Fjármögnun, Frjálsa Fjárfestingarbankanum, Spron, Winterthur, KB banka, Landsbankanum, Stafna á Milli, SÍF og Danól fyrir samstarfið á liðnu ári. Eins langar deildin að þakka sérstaklega því fólki sem skipaði heimaleikjanefnd knattspyrnudeildar Vals vel fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf og samskipti.

Úr stjórn knattspyrnudeildar munu ganga þeir Bragi Bragason, Bjarni Markússon og Erla Sigurbjartsdóttir, þeim eru færðar sérstakar þakkir fyrir störf sín í þágu knattspyrnunnar hjá Val. Eins ber að þakka öllum þeim sem hönd hafa lagt á plóg fyrir sitt framlag.

Ný stjórn sem mun gefa kost á sér.

E.Börkur Edvardsson, *formaður*
Jón Grétar Jónsson, *varaformaður*
Ótthar Edvardsson, *formaður meistara-*
flokksráðs karla
Unnar Steinn Bjarndal, *formaður meistara-*
araflokksráðs kvenna
Jón Höskuldsson, *formaður unglíngaráðs*
Kjartan Georg Gunnarsson, *Engilbert*
Runólfsson, Anthony Karl Gregory,
Guðjón Ólafur Jónsson meðstjórnendur.
Bragi Bragason, *varamaður*

F.h. knattspyrnudeildar Vals
E.Börkur Edvardsson, formaður.

Viðurkenningar hlutu eftirtaldir á uppskeruhátíð

Lollabikar

Ingólfur Sigurðsson 5. flokki karla hlaut Lollabikarinn sem gefinn er af Ellert Sölvasyni „Lolla í Val“ og skal veittur þeim leikmanni yngri flokka Vals sem þykir hafa skarað fram úr í knattleikni og tækni.

7. flokkur stúlkna

Engin einstaklingsverðlaun veitt í flokknum.

Þjálfarar: Raket Adolpsdóttir og Kristín Jónsdóttir

7. flokkur drengja

Liðsmaður flokksins:

Ýmir Örn Gíslason

Mestar framfarir:

Sigurjón Örn Magnússon

Besta ástundun:

Andri Steinar Viktorsson

Þjálfarar: Raket Logadóttir,

Dóra Stefánsdóttir og

Baldur Þórólfsson

6. flokkur stúlkna

Liðsmaður flokksins: Elín Metta Jensen

Mestar framfarir: Hildur Antonsdóttir og Berglind Rós Ágústsdóttir

Besta ástundun: Harpa Brynjarsdóttir

Þjálfarar: Lea Sif Valsdóttir og

Hildigunnur Jónasdóttir

6. flokkur drengja

Liðsmaður flokksins:

Haukur Ásberg Hilmarsson

Mestar framfarir: Aron Heiðdal

Besta ástundun:

Guðmundur Magnússon

Þjálfarar: Jónas Hróar Jónsson og

Elvar Freyr Arnþórsson

5. flokkur stúlkna

Liðsmaður flokksins: Katrín Gylfadóttir

Mestar framfarir:

Sigurlaug Jóhannsdóttir

Besta ástundun:

Bjarnheiður Sigurbergsdóttir

Þjálfarar: Elísabet Gunnarsdóttir og Margrét Lára Viðarsdóttir

5. flokkur drengja

Liðsmaður flokksins:

Ingólfur Sigurðsson

Mestar framfarir: Egill Ásgeirsson

Besta ástundun: Bjartur Guðmundsson

Þjálfarar: Gylfi Sigurðsson og

Þórður Jensson

4. flokkur stúlkna

Liðsmaður flokksins:

Andrea Ýr Gústavsdóttir

Mestar framfarir:

Þorgeður Elva Magnúsdóttir

Besta ástundun: Jenný Harðardóttir

Þjálfarar: Margrét Jónsdóttir,

Sóley Ósk Elívdóttir og Signý Heiða

Guðnadóttir

4. flokkur drengja

Liðsmaður flokksins:

Arnar Sveinn Geirsson

Mestar framfarir og besta ástundun:

Andri Þór Haraldsson

Þjálfarar: Þór Hinriksson og

Elvar Már Svansson

3. flokkur stúlkna

Leikmaður flokksins:

Bergþóra Baldursdóttir

Mestar framfarir:

María Rós Arngrímsdóttir

Besta ástundun:

Bergþóra Gná Hannesdóttir

Valsari tímabilsins: Lilja Gunnarsdóttir

Sr. Friðriksbikar:

Ingibjörg Magnúsdóttir

Þjálfarar: Soffía Ámundadóttir og

Oddný Anna Kjartansdóttir

3. flokkur drengja

Leikmaður flokksins:

Einar Marteinson

Mestar framfarir:

Guðmundur Steinn Hafsteinsson

Besta ástundun: Einar Brynjarsson

Sr. Friðriksbikar:

Ellert Finnþogi Eiríksson

Þjálfari: Guðmundur Brynjólfsson

2. flokkur stúlkna

Leikmaður flokksins:

Guðrún María Þorbjörnsdóttir

Besta ástundun:

Stella Björk Hilmarisdóttir

Efnilegasti leikmaður:

Elísabet Anna Kristjánsdóttir

Þálfari: Soffía Ámundadóttir og

Oddný Anna Kjartansdóttir

2. flokkur drengja

Leikmaður flokksins:

Þórður Steinar Hreiðarsson

Mestar framfarir:

Árni Heiðar Geirsson

Efnilegasti leikmaður:

Elvar Freyr Arnþórsson

Þjálfari: Ólafur Brynjólfsson

Dómari ársins hjá Val:

Svanur Gestsson

Á lokahófi meistaraflokka knattspyrnu-deilar var kosið um bestu og efnilegustu leikmenn ársins í meistaraflökki karla og kvenna.

Leikmaður ársins mfl.ka. – Valinn af stjórn kn.

Atli Sveinn Þórarinsson

Efnilegastur – Valinn af stjórn kn.

Steinþór Gíslason

Leikmaður ársins mfl.kv. – Valin af stjórn kn.

Laufey Ólafsdóttir

Efnilegust – Valin af stjórn kn.

Guðrún María Þorbjörnsdóttir

Leikmaður ársins mfl.kv. – Valin af leikmönnum

Laufey Ólafsdóttir

Munið getraunanúmer Vals – 101

Uppskeruhátíð knattspyrnudeildar 2005



7. fl. karla. Sigurjón Örn Magnússon, Ýmir Örn Gíslason og Andri Steinar Viktorsson.



5. fl. karla. Egill Ásgeirsson, Ingólfur Sigurðsson og Bjartur Guðmundsson.



2. fl. kvenna. Ásta Indriðad. og Þorbjörn Guðmunds. foreldrar Guðrúnar Maríu og Stella B. Hilmarsd.



6. fl. kv. Hildur Antonsd., Elín Metta Jensen, Harpa Brynjarsd. og Berglind Rós Ágústsd.



4. fl. kvenna. Andrea Ýr Gústavsd., Þorgerður Elva Magnúsd. og Jenný Harðard.



2. fl. karla. Elvar Freyr Arnþórsson, Þórður Steinar Hreiðarsson og Árni Heiðar Geirsson.



6. fl. karla. Guðmundur Magnússon, Haukur Ásberg Hilmarsson og Aron Heiðdal.



4. fl. karla. Andri Þór Haraldsson og Arnar Sveinn Geirsson.



Lollabikarinn. Ingólfur Sigurðsson 5. fl.



5. fl. kvenna. Bjarnheiður Sigurbergsdóttir, Sigurlaug Jóhannsdóttir og Katrín Gylfadóttir.




3. fl. kv. Bergþóra G. Hannesd., María R. Arngrímsd., Lilja Gunnarsd. og Bergþóra Baldursd.



Dómari ársins: Svanur Gestsson.



Sr. Friðriksbikarinn: Ingibjörg Magnúsdóttir og Ellert Finnþogi Eiríksson.



3. fl. karla. Einar Marteinson og Guðmundur Steinn Hafsteinsson.



Myndir tók Finnur Kári Guðnason.

Drauma — **valur.is**

Heimasíða Vals hefur verið í stöðugri þróun síðan hún var fyrst sett upp. Notkunin eykst á hverju ári og kröfurnar um mikla virkni verða sífellt meiri. Frá upphafi hefur markmiðið með heimasíðunni verið að auka umfjöllun um það sem er í gangi hjá Val en ekki að vera með stóra og mikla síðu sem hefur litla umfjöllun.

Umfjöllunin hefur verið góð að undanförunu og vonandi að svo verði áfram. Núna er því tækifæri til að bæta við enn frekari aðgerðum við heimasíðuna. Síðustu mánuði hefur verið í gangi greiningarvinna á þeim kröfum sem félagið gerir til góðrar heimasíðu.

Helstu umbótaatriði

- Auka myndafærni
- Vera með myndasýningu frá leikjum og viðburðum.
- Beinar útsendingar frá leikjum og viðburðum.
- Yngri flokka síður.
- Auka til muna umfjöllun um yngri flokka og vera með aðgreindar síður fyrir yngri flokkana.
- Upplýsingar frá þjálfurum
- Þjálfarar eru í dag margir hverjir með

eigin bloggsíðu þar sem koma fram helstu tilkynningar og fréttir. Hugmyndin er að hafa þær tengdar heimasíðu Vals.

- Auka almennar upplýsingar og gögn.
- Upplýsingar um starfsemi félagsins (kórinn, getraunir, æfingar, sumarbúðir, sögu Vals, o.s.frv.).
- Vefverslun – Vera með Valsvörurnar til sölu sem mun auðvelda öllum að finna Valsvörurnar á einum stað.
- Unnt er að telja upp marga þætti í viðbót, m.a. greiðsluþjónustu á vefnum vegna æfingagjalda, félagsgjalda og ársmiða, en þetta verður allt að greina eftir mikilvægi.

Frekari þróun mikilvæg

Það er ljóst að það eru mörg tækifæri við heimasíðu Vals og margar leiðir sem koma til greina við frekari þróun síðunnar. Með uppfærslu eins og talið er upp hér á undan þá er þörf á enn virkari umsjón með síðunni, t.d. formlegri ritstjórn. En markmiðið verður áfram að hafa umfjöllunina í fyrirrúmi af öllu starfi félagsins og bæta við nýjum aðgerðum í þeim þrepum sem við ráðum við.

Árni Gunnar hefur átt heiðurinn á heimasíðunni frá upphafi en hann hefur



falið öðrum aðilum umsjón með síðunni. Allar ábendingar varðandi þróun heimasíðunnar eru vel þegnar. Einnig eru áhugasamir einstaklingar sem vilja vinna að uppbyggingu heimasíðunnar beðnir að hafa samband við framkvæmdastjóra félagsins, en það er ómetanlegt fyrir félagið að hafa sjálfboðaliða sem eru reiðubúin að leggja sitt af mörkum.

Samningur við PUMA um æfingagalla og keppnistreyjur

Valur hefur gert samning við Puma um æfingagalla og keppnistreyjur fyrir allar deildir félagsins, bæði í yngri flokkum og meistaraflokkum. Allir flokkar félagsins fá nýjar Puma keppnistreyjur og einnig fá þjálfarar ákveðinn íþróttatfatnað frá Puma.

Landsbankinn niðurgreiðir nýjan félagsgalla frá Puma um kr. 1500 sem eru lagðar inn á reikning iðkandans í Landsbankanum. Fjölmarginir iðkendur hafa fengið sér þennan rauða félagsgalla sem fæst í Pumabúðinni á Laugavegi.

Knattspyrnudeildin fékk auk þess á árinu styrktaraðila til að niðurgreiða bláan Pumaæfingagalla sem er ætl-

aður öllum iðkendum knattspyrnudeildar. Styrktaraðilar greiddu niður æfingagallann og voru lógó þeirra sett á gallana en nýir iðkendur og þeir sem hafa greitt æfingagjöld geta fengið afhentan galla á 2000 kr. meðan birgðir endast í Pumabúðinni á Laugavegi.



Nokkrir leikmenn meistaraflokks í nýju Pmakeppnistreyjunum við kynninguna. Frá vinstri: Dóra María Lárusdóttir, Íris Andrésdóttir, Sigurbjörn Hreiðarsson, Hálfván Gíslason og Kjartan Sturluson.


Valsmenn og konur gerðu það gott á Lokahófi KSÍ

Valsmenn létu heldur betur til sín taka á Lokahófi KSÍ sem haldið var á Broadway í haust. Valsmenn áttu 4 leikmenn í liði ársins í karlaflokki, þá Bjarna Ólaf Eiríksson, Baldur Aðalsteinsson, Matthías Guðmundsson og Grétar Sigfinn Sigurðsson. Í liði ársins í kvennaflokki áttum við 3 leikmenn þær Laufeyju Ólafsdóttur, Margrét Lára Viðarsdóttir og Ástu Árnadóttur. Margrét Lára Viðarsdóttir fékk svo gullskóinn í Landsbankadeild kvenna en þar skoraði hún 23 mörk og Laufey Ólafs fékk silfurskóinn en hún skoraði 13 mörk. Toppurinn á kvöldinu fyrir okkur Valsmenn var síðan þegar Laufey Ólafs var valin besti leikmaður Landsbankadeildar kvenna annað árið í röð.



Laufey Ólafsdóttir besti leikmaður Landsbankadeildar kvenna 2005 skorar af harðfylgi í leik við ÍBV að Hlíðarenda.

Finnur K.



Bjarni Ólafur Eiríksson og Grétar Sigfinnur Sigurðsson í baráttu við Bo.

Finnur K.



Finnur K.

Baldur Ingimar Aðalsteinsson.



Finnur K.

Margrét Lára Viðarsdóttir í baráttu við fyrrverandi félagi í ÍBV

Ásta Árnadóttir ánægð og stolt eftir leikinn.



Matthías Guðmundsson.

Finnur K.

Úr íþróttanámskrá Knattspyrnufélagsins Vals

Keppnis- og afreksmenn: Eftirfarandi markmið skulu höfð að leiðarljósi:

- að byggja upp keppnis- og afreksfólk úr eigin röðum
- að stefna að því að eiga góða einstaklinga og góð lið á landsvísi í öllum flokkum
- að hver deild sjái um frekari stefnu og markmiðasetningu með viðkomandi hóp

Öll fjölskylda mín dýrkar fótbolta

Ari Freyr Skúlason leikmaður meistaraflokks í knattspyrnu

Fæðingardagur og ár: 14. maí. 1987.

Nám: Fjölbrautaskólinn við Ármúla.

Kærasta: Nei, engin eins og er.

Einhver í sigtinu: Já.

Hvað ætlar þú að verða? Atvinnumaður í fótbolta.

Frægur Valsari í fjölskyldunni? Nei, ekki svo ég viti.

Hvernig hafa foreldrar þínir stutt þig í fótboltanum? Já, vá meira en nóg.

Hvað gætir þú aldrei hugsað þér að verða? Ruslamaður á Stjörnutorgi í Kringlunni.

Stjörnuspa þín fyrir næsta ár: Íslandsmeistari með meistaraflokki hjá Val.

Af hverju fótbolti? Öll fjölskylda mín dýrkar fótbolta.

Af hverju Valur? Því stóri bróðir var í Val.

Eftirminnilegast úr boltanum: Yngri árið í 3. flokki.

Ein setning eftir tímabilið:

Svekkur að hafa ekki gert betur eftir svona góða byrjun.

Besti stuðningsmaðurinn:

Móðir mín og pabbi.

Koma titlar í hús næsta

sumar? Já ekki

spurn-ing.

Skemmtilegustu mistök: Að skora fallett sjálfsmark í 5. flokki.

Mesta prakkarastrik: Þau eru svo mörg, vil helst ekki vera rifja þau upp, hehe.

Fyndnasta atvik: Í 3. flokki vorum við að keppa á móti Þór Akureyri og þá voru stelpurnar í 3. flokki að horfa á hjá þeim og viti menn fékk þá strákurinn allsvakalegt skot í punginn og gaf svona rosalegt hljóð frá sér beint fyrir framan allan þennan fjölda og allir hlógu úr sér lungun.

Stærsta stundin: Þegar ég flutti til Hollands að gerast atvinnumaður.

Hvað hlægir þig í sturtu? Stefan a.k.a. Bóbó.

Athyglisverðasti leikmaður í meistaraflokki: Baldur Aðalsteins með sín frægu hljóð.

Hver á ljótasta blínn? Baldur Aðalsteinsson.

Hvað lýsir þínum húmor best? Sérstakur.

Fleygustu orð: Sælar.

Mottó: Lifa lífinu og njóttu þess á meðan þú getur.

Fyrirmynd í boltanum: Ronaldinho.

Leyndasti draumur: Það er leyndó.

Við hvaða aðstæður líður þér best? 30 stiga hiti úti og vera með bolta.

Hvaða setningu notarðu oftast? Blessaður, hvað segist?

Skemmtilegustu gallarnir: Maður getur mismælt sig svolítið mikið.

Hvað er það fallegasta sem hefur verið sagt við þig? Mamma mín úti í Hollandi var alltaf að segja við mig að ég væri besti strákurinn sem hefði búið hjá henni. Special Boy.

Fullkomið laugardagskvöld: Ég held að það sé bara taka því rólega með vinum mínum.

Hvaða flík þykir þér vænst um? D&G bolinn minn.

Besti fótboltamaður sögunnar á Íslandi: Eiður Smári ef ekki þá bara Hemmi Gunn.

Besti fótboltamaður heims: Ronaldinho.

Fyrirmynd þín í fótbolta: Ronaldinho, Zidane, maður getur svo alltaf lært eitt-hvað af Gumma Ben, hann kemur alltaf á óvart.

Besti söngvari: Bono.

Besta hljómsveit: U2.

Besta bíómynd: Braveheart.

Besta bók: Ég les ekki bækur.

Besta lag: With Or Without You með U2.

Uppáhaldsvefsíðan: Fótbolti.net.

Uppáhaldsfélag í enska boltanum: Hvernig spyrðu? Auðvitað Liverpool.

Eftir hverju sérðu mest? Að ná ekki að komast lengra þegar ég var úti.

Ef þú yrðir að vera einhver annar: Brad Pitt.

4 orð um núverandi þjálfara: Sérstakur, góður, strangur, maður. Hehe.



Lang besta aðstaða sem nokkur okkar hefur komist í tæri við

Eftirminnileg æfingaferð 3. flokks knattspyrnudrengja til Danmerkur



Strákunum þótti gott að sleikja ísinn. Frá vinstri: Hlynur, Valdimar, Kristinn, Atli, Einar, Guðmundur Steinn, Haraldur og Alexander.

Þann 4. júní síðastliðinn skelltum við drengirnir í 3. flokki okkur ásamt þjálfurunum, Gumma og Davíð og fararstjóranum Kjartani, í vikufarð til litla nágrannaeyjaklasans Danmerkur. Ferðinni var upphaflega heitið til Bretlands en hætt var við þá ferð af óviðráðanlegum ástæðum. Áætluð ferð til Bandaríkjanna fór sömu leið og því varð Danmörk fyrir valinu og við sáum ekki eftir því, enda lifðum við eins og kóngar þá vikuna.

Frábær aðstaða

Við gistum í frábærri gistiðstöðu í íþróttamiðstöð í litlum bæ á Jótlandi og æfðum á æfingasvæðinu þar en það er líklega lang besta aðstaða sem nokkur okkar hefur komist í tæri við. Vellirnir voru yfir tuttugu talsins, hver öðrum betri, en óhætt er að líkja grasinu við teppi, svo mjúkir og sléttir voru vellirnir. Fæðið var heldur ekki af verri endanum, en við fengum hverja glæsímáltíðina á fætur annarri og var henni jafnan fylgt eftir með góðri skál af ís í eftirrætt. Vistarverurnar voru í samræmi við allt annað á staðnum, í toppklassa en við deildum fjórir og fjórir saman herbergjum. Það má með sanni segja að staðurinn væri ekki af verri endanum enda heidruðu engir aðrir en Afríkumeistarar félagslíða, egypska stórliðið Al Alhy,

okkur með nærveru sinni en þeir voru þarna alla vikuna ásamt okkur. Það var að vissu leyti ákveðin upplifun fyrir okkur að búa með mönnum frá svo ólíkum menningarheimi og komu okkur nokkrir síðir þeirra og venjur okkur spáskt fyrir sjónir. Sem dæmi má taka litla þrælinn sem þeir höfðu með sér en það er víst ekkert edlilegra í Afríku að félögin hafi yfir einu stykki þræl að ráða til að sjá um helstu verk, svo sem að sjá um búninga og slíkt. Við, sem

megum að sjálfsgöðu ekkert aumt sjá, fórum að bjóða honum með í leiki, eins og fótboltaspil og borðtennis, og þá kom í ljós að hann var bara hinn ágætasti karl en hann og Kjartan fararstjóri urðu hinir bestu vinir þegar leið á ferðina.

Leikir við dönsk lið

Við lékum þrjá leiki við þrjú góð, dönsk lið og hefðu úrslitin mátt vera ögn hagstæðari en raun bar vitni. Fyrsta leikinn lékum við gegn Danmerkurmeisturunum í Silkiborg. Ljóst var frá upphafi að þetta lið var geysilega öflugt, bæði tæknilega og líkamlega en meginþorri liðsins skagaði hátt í tvo metrana. Þrátt fyrir ágætan leik af okkar hálfu gekk ekki betur en svo að leikurinn tapaðist 4-1. Næsti leikur var gegn silfurliðinu frá því árið áður, Vejle, en þar á bæ er aðal knattspyrnuakadémía Danmerkur, ekki ósvipaðri þeirri sem finna má í Ajax. Leikurinn endaði 4-2 fyrir Danina, þrátt fyrir góðan leik af okkar hálfu og fannst okkur við eiga meira skilið út úr leiknum en tap. Í þriðja leiknum öttum við kappi við öllu slakara lið og var sá leikur öllu auðveldari fyrir vikið. Skemmst er frá því að segja að leikurinn vannst næsta auðveldlega 7-2 og vilja undirritaðir kenna krónískri gjafmildi, sem virtist hrjá okkur í ferðinni, um mörkin tvö.

Bæjarferðin til Herning

Við gerðum heildarlegar tilraunir til versunarferða í bænum fyrstu dagana en ljóst var að vegna smæðar var það heldur erfitt. Því var lagt upp í sérstaka bæjarferð einn daginn til Herning en þar búa um 60.000 manns sem er nú ekki ýkja stórt á danskan mælikvarða en miðað við Blönduósinn sem við höfðum búið í síðustu daga var þetta eins og að koma til New York. Sumir eyddu meira en aðrir en flestir vorum við afskaplega veikir fyrir sápuklubbyssum en ein slík í eigu Steina var klárlega græja ferðarinnar.

Heimferðin

Við héldum heim á leið laugardaginn 11. júní. Við tókum daginn snemma og var ferðinni haldið til Billund. Þegar þangað var komið skiptist hópurinn í tvennt, annars vegar þeir sem fóru í Lególand og hins vegar þeir sem kíktu í bæinn. Um kvöldið var kominn tími til að kveðja Danmörku og flugum við heim kátir í bragði eftir vel heppnaða ferð.



Samrýmdir strákar í Danmerkurferðinni. Frá vinstri: Ellert, Erling, Guðmundur Steinn, Haraldur, Einar, Atli og Kristinn.

Við viljum fyrir hönd 3. flokks, þakka þjálfurunum Guðmundi og Davíð og Kjartani fararstjóra, fyrir frábæra ferð sem vonandi mun eiga sér einhverjar sínar líkar í framtíðinni.

Einar Brynjarsson og Þórður Sævar Jónsson 3. flokki.



Meistaraflokkur kvenna RVK-open meistarar 2005. Aftari röð frá vinstri: Lilja Björk Hauksdóttir, Heiður Baldursdóttir liðssjóri, Hafþís Hinriksdóttir og Birta Laufey, Kolbrún Franklín, Hildur Sif Pálmarsdóttir, Rebekka Rut Skúladóttir, Katrín Andrésdóttir, Alla Gokorian og sonur, Ágúst Jóhannsson hjálfari, Karl Guðni Erlingsson aðstoðarhjálfi. Fremri röð frá vinstri: Ágústa Edda Björnsdóttir og Sindri Dagur, Sigríður Jóna Gunnarsdóttir, Arna Grámsdóttir, Berglind Íris Hansdóttir, Drífa Skúladóttir, Hafrún Kristjánsdóttir, Sigurlaug Rána Rúnarsdóttir og Anna M. Guðmundsdóttir.

Enn ein kynslóðin að koma upp í Val

Skýrsla handknattleiksdeildar Vals árið 2005

Á síðasta keppnistímabili var það Íslandsmeistaratitill 2. flokks karla sem stendur upp úr þegar litið er yfir árangurinn í handboltanum. Strákarnir sigruðu Víking í framlengdum úrslitaleik í Seljaskólanum eftir að hafa verið mörgum mörkum undir á kafla í leiknum. Fimm af þessum Íslandsmeisturum eru einnig lykilmenn meistaraflokks karla í dag sem er eins og staðan er núna á toppnum í DHL deildinni. Síðast þegar Valur varð Íslandsmeistari í 2. flokki karla þá sigruðu Dagur Sigurðsson og Ólafur Stefánsson og félagar lið KR einnig

í Seljaskólanum árið 1992 og þar áður var það 1964-1965 kynslóðin sem síðast varð meistarari í 2. flokki karla. Þetta segir okkur að leikmennirir okkar sem eru að koma upp eiga eftir að bera upp merki Vals á komandi árum.

Meistaraflokkur karla

Meistaraflokkur karla datt út í undanúrslitum Íslandsmeistarans 2004-2005 og var því 3.-4. fjórða sætið staðreynd en drengirnir enduðu í 4. sæti Íslandsmeistarans og sigruðu HK í 8-liða úrslitum en Hauk-

arnir reyndust of sterkir og á endanum stóðu þeir uppi sem Íslandsmeistarar. Mikil skelfing greip um sig í herbúðum Vals að loknu keppnistímabilinu og virtust menn hræddir við að leika í Höllinni að ári og margt annað virtist hrjá leikmenn meistaraflokksins. Svo fór að fyrirlíði liðsins, Heimir Örn Árnason, fór í Fylki ásamt Ásbirni Stefánssyni, Vilhjálmur Ingi Halldórsson fór til Skjarn í Danmörku og Friðrik Brendan Þorvaldsson fór til Þórs á Akureyri. Þessum leikmönnum er þakkað framlag þeirra í þágu Vals. Einar Örn Guðmundsson var svo í



Finnur K.

Kristján Karlsson hornamaður er ávallt ógnandi.

lok október lánaður til Selfoss og hefur verið að gera góða hluti þar.

Þegar þetta er skrifað er meistaraflokkur Vals á toppnum í DHL deildinni og fyrir tímabilið fékk félagið til sín þá Mohammadi „Bavu“ Lotoufi sem kemur frá frönsku nýlendunni Mayotte sem er rétt fyrir norðan Madagaskar í Afríku. Bavu hefur reynst Valsmönnum frábærliga og þrátt fyrir að vera einungis 169 sm á hæð þá spilar hann stöðu skyttu með liðinu. Davíð Höskuldsson tók fram skóna að nýju og Þórir Júlíusson kom frá Víkingi. Einhvern veginn virðist stemning og liðsandinn vera betri í ár en í fyrra og þrátt fyrir að landsliðsmaðurinn Sigurður Eggertsson hafi misst af flestum leikjum liðsins þá hefur deildin rúllað framfar vonum Valsmanna. Strákarnir

unnu Opna Reykjavíkurmótið eftir sigur á liði Fram í úrslitaleik.

Meistaraflokkurinn tók einnig þátt í EHF keppninni líkt og í fyrra og sigraði Tblisis í fyrstu umferð, Sjundeaa frá Finnlandi í annarri umferð en datt út gegn sænska liðinu Skövde.

Meistaraflokkur kvenna

Meistaraflokkur kvenna datt einnig út í undanúrslitum Íslandsmótsins í fyrra gegn Haukum eftir að hafa slegið FH út í 8-liða úrslitum. Stelpurnar misstu marga leikmenn fyrir tímabilið í fyrra. Drífa Skúladóttir fór til Þýskalands, Árný Ísberg sleit krossbönd, Kolbrún Franklín fór í nám til Danmerkur og Sigurlaug Rúnarsdóttir eignaðist lítinn dreng.

Stelpurnar léku því nokkuð vel og árangurinn var viðunandi. Valdimar Grímsson og Guðrífur Guðjónsdóttir náðu miklu út úr liðinu og gerðu virkilega góða hluti. Eftir tímabilið var ákveðið að ráða Ágúst Jóhannsson sem þjálfara liðsins en hann gerði stelpurnar einmitt að bikarmeisturum árið 2000. Guðríði Guðjónsdóttur eru þökkuð frábær ár í Val og besta árangri á Íslandsmóti eftir að úrslitakeppnin hófst árið 1992. Hún er mikil keppnismanneskja, góður þjálfari, frábær karakter og góður vinur stúlkanna.



Finnur K.

Atli Rúnar Steinþórsson er drjúgur á línunni.

Fyrir tímabilið 2005-2006 fengu Valsmenn góðan liðsstyrk en til okkar hafa komið Alla Gorgorian, Drífa Skúladóttir, Kolbrún Franklín, Sigurlaug Rúnarsdóttir, Hafdís Hinriksdóttir og unglíngalandsliðsstelpurnar Rebekka Rut Skúladóttir og Kristín Collins. Liðið byrjaði



Finnur K.

Jakob Sigurðsson skorar af línu í kveðjuleik hússins 15. júní 2005 og hefur engu gleymt.



Finnur K.

Ingi Rafn Jónsson baráttujaxl.



Myndir frá Evrópukeppninni í haust.



Stuðrar mættir á pallana í handboltaleik með trommurnar.

tímabilið á því að fara í keppnisferðalag til Spánar og voru stelpurnar mjög duglegar að safna fyrir ferðinni ásamt því að þær ætla að taka þátt í Evrópukeppninni á nýju ári. Sigur á Opna Reykjavíkurmótinu gaf tóninn og stelpurnar eiga örugglega eftir að vera í toppbaráttunni

í vetur enda í mjög góðum höndum hjá þeim Ágústi Jóhannssyni og Karli Erlingssyni.

Díana Guðjónsdóttir lagði skóna á hilluna fyrir tímabilið og Soffía Rut Gísla-

dóttir fór sem Au pair til Spánar. Þeim eru þökkuð góð ár í Val.

Yngri flokkar félagsins

Það sem stendur upp úr frá síðasta tímabili er að sjálfsögðu Íslandsmeistararitill 2. flokks karla. Strákarnir héldu uppi merkjum félagsins en að sjálfsögðu hefðum við viljað meira en það er lagður mikill metnaður í yngri flokka starfið í vetur og mjög reyndir þjálfarar í okkar röðum.

Fyrir tímabilið fengum við Heimi Ríkarðsson, einn reyndasta og besta þjálfara landsins, til að taka við af Guðmundi Árna Sigfússyni sem ákvað að taka við gamla liðinu sínu Gróttu. Guðmundur gerði frábæra hluti á Hlíðarenda og skilaði mjög góðum árangri. Hans er sárt saknað en þökkuð frábær ár.

Heimir mun því aðstoða Óskar Bjarna með meistaraflokk karla ásamt því að þjálfa 2. og 3. flokk karla. Það þarf varla að fara mörgum orðum um hve mikill fengur er í Heimi en af óskiljanlegum ástæðum ákváðu Framarar að reka þennan góða þjálfara! Líklega það besta sem kom fyrir okkur Valmenn því þá fengum við hann yfir til okkar. Karl Erlingsson er líklega sá þjálfari á landinu sem hefur



6. flokkur kvenna. Efri röð frá vinstri: Kolbrún Franklín aðst.þjálf., Lea Jerman-Plessec, Hildur Björk Kvaran, Sólveig Lóa Höskuldsdóttir, Hulda Steinunn Steinsdóttir, Hólmfríður Gunnlaugsdóttir og Sigríður Unnur Jónsdóttir þjálfari. Nedri röð frá vinstri: Harpa Brynjarsdóttir, Fífa Eik Hjálmarsdóttir og Rakel Jóhanna Ragnarsdóttir.



áhugasami þjálfari. Hann þjálfar unglingaflokk félagsins ásamt því að aðstoða

farið á flest þjálfaranám-skeið og fáir kunna meira um boltann en þessi

Karl, Heimir, Sigurður Sigurþórsson, sem þjálfar 4. flokk karla og Jón Halldórsson eru allir með 15-20 ára starfsreynslu úr handboltanum og erum við Valsmenn stoltir af þessu teymi ásamt að sjálfsögðu öllum okkar þjálfurum. Þrátt fyrir að æfa í hinum og þessum húsum gengur starfið vel og Sigríður Unnur yfirþjálfari heldur vel utan um hlutina. Miðvikudaginn 14. desember var einmitt jólaskemmtun að Hlíðarenda þar sem yngri flokka iðkendur voru verðlaunaðir fyrir hitt og þetta. Framtíðin er björt og fjöldinn í ár er um 15% meiri en í fyrra og stefnan er á að fjölga enn á næsta tímabili í glæsilegasta

Ágúst með meistaraflökk kvenna.

íþróttahúsi landsins.

5. flokkur karla fór á Partille Cup í sumar og stóðu strákarnir sig mjög vel þar og það er nauðsynlegt að yngri flokkarnir fari í keppnisferðir til útlanda til að þjappa hópunum saman, kynnast öðrum krökkum og spila við erlend félagslið.



Það var fjör í keppnisferðalagi meistaraflökks kvenna til Spánar haustið 2005.

Fólkið í kring

Það var hræðsla í handboltanum að fara í nýtt íþróttahús og missa heimavöllinn góða en fólkið í kringum deildina hefur unnið þrekvirki. Fyrir tímabilið var ákveðið að stofna ýmis ráð sem áttu að taka að sér ýmis verkefni og dreifa átti ábyrgðinni. Ráðin hafa farið ágætlega af stað en þó þarf að fjölga í flestum þeirra til að starfið verði enn betra og árangursríkara. Nýr formaður tók við starfinu í ágúst og heitir Jóhann Þórarinnsson. Hann lék í yngri flokkunum með leikmönnum eins og Degi Sigurðssyni og Ólafi Stefánssyni. Jóhann hefur gert frábæra hluti og með honum kom inn Bjarni Gunnar Stefánsson og hafa þeir leitt þetta erfiða starf mjög vel með dyggri aðstoð Gunnars Möllers, formanns meistaraflokksráðs karla, og Stefáns Karlssonar, formanns meistaraflokks kvenna. Líklega hefur deildin aldrei verið í jafn góðum málum hvað mannskap varðar og er það kannski ein af skýringum góðs árangurs í meistaraflokkum félagsins og yngri flokkum. Ekki má gleyma því frábæra heimalaikjaráði sem hefur gert Laugardalshöllina að besta heimavelli í deildinni og þeim glæsilegasta og aldeilis slegið á allar gagnrýnisráðir sem efuðust um að spila þar. Áhorfendur hafa einnig skipt verulegu máli á heimalaikjunum og eru báðir meistaraflokkarnir ákaflega þakklátir hinum dyggu stuðningsmönnum sem mæta ávallt að styðja við bakið á þeim. Sérstaklega ber að tala um trommuleik-



Íslandsmeistarar í 2. flokki karla 2005 í handbolta. Efri röð frá vinstri: Hörður Gunnarsson varaformaður félagsins, Haraldur Daði Ragnarsson formaður handknattleiksdeildar Vals, Einar Gunnarsson, Kristján Karlsson, Egill Sigurðsson, Patrik Þorvaldsson, Ingvar Árnason, Orri Freyr Gíslason, Daði Baldur Ottósson, Sigurjón Kærnsted, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Árni Sigfússon þjálfari flokksins og Jóhannes Lange aðstoðarþjálfari. Neðri röð frá vinstri: Kristinn Guðmundsson, Darri Egilsson, Sveinn Skorri Höskuldsson, Pálmar Pétursson, Einar Örn Guðmundsson, Elvar Friðriksson, Fannar Þór Friðgeirsson og Birkir Marínósson.


arana sem með „salsataktinum“ gera það að verkum að það er ánægjulegur hávaði á þöllum okkar.

Í lokin ber að þakka Haraldi Daða Ragnarssyni hans frábæru ár sem formaður deildarinnar en Daði stundar nú nám í Danmerku. Sem dæmi um áhuga hans kom hann til Finnlands að fylgjast

með leikjunum gegn Sjundea IF. Haraldur Daði vann mjög gott starf, er mikill Valsari og á án efa eftir að koma aftur í okkar raðir. Takk fyrir okkur, Daði.

Fyrir hönd sigursælasta félags í handboltasögunni,

Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari meistaraflokks karla.



Mohammed „Bavu“ Lotoufi með tilþrif. Finnur K.



Elvar Friðriksson brunar í gegnum vörnina.

Finnur K.



**Meguiar's b6n og b6lahreinsiv6rur
eru sennilega þekktasta merki6 i USA
þegar valin eru r6tt efni fyrir sýningarb6la.
Pr6faðu NXT Generation l6nuna fr6
Meguiar's. B6linn þinn verður engu l6kur.**



**málningar
vörur ehf**

Kletthálsi 13
110 Reykjavík
S. 587 6644
www.malningarvorur.is

Málningarvörur ehf
eru dótturfyrirtæki
Gísla Jónssonar ehf.



Meguiar's
Since 1902

Viðurkenningar á uppskeruhátíð handknattleiksdeildar:

6. fl. kvenna

Best: Ásdís Vídalín Kristjánsdóttir
Mestu framfarir: Birna Steingrímsdóttir
Besta ástundun:
 Sara Lind Kristbjörnsdóttir
Þjálfari: Árný Ísberg

6. fl. karla

Bestur: Agnar Smári Jónsson og Sveinn Aron Sveinsson
Mestu framfarir: Alexander Júlíusson
Besta ástundun: Bjartur Guðmundsson
Þjálfari: Jón Halldórsson

5. fl. kvenna

Best: Helga Þóra Björnsdóttir
Mestu framfarir: Birna Guðmundsdóttir
Besta ástundun: Blædís Kara Baldursdóttir og María Kristinsdóttir
Þjálfari: Bjarney Bjarnadóttir

5. fl. karla

Bestur: Arnar Sveinn Geirsson
Mestu framfarir: Brynjólfur Stefánsson
Besta ástundun: Benedikt Þórdísarson
Þjálfari: Sigurður Sigurþórsson

4. fl. kvenna

Þjálfari: Jóhannes Lange og Pétur Axel (flosnaði upp um áramót og var lagður niður. Ekki valið)

4. fl. karla

Bestur: Aron Hjalti Björnsson
Mestu framfarir:
 Ólafur Már Sigurðsson
Þjálfari: Brendan Þorvaldsson (flokkurinn var lagður niður, æfðu m/ 5.fl.)

3. fl. karla

Bestur: Fannar Friðgeirsson

Mestu framfarir: Orri Freyr Gíslason
Besta ástundun:
 Sveinn Skorri Höskuldsson
Þjálfari: Guðmundur Árni Sigfússon

Unglingaflokkur kvenna

Best: Katrín Andrésdóttir
Mestu framfarir:
 Thelma Benediktsdóttir
Besta ástundun: Sigrún Sigurðardóttir
Þjálfari: Jóhannes Lange og Pétur Axel

2. fl. karla

Bestur: Elvar Friðriksson
Mestu framfarir:
 Kristinn Guðmundsson
Þjálfari: Guðmundur Árni Sigfússon

Efnilegasti leikmaður yngri flokka:
 Orri Freyr Gíslason, 3.flokki karla

Veitingastaður og ísbar

Vesturgötu 2, Sími 5523030
 kaffireykjavik@kaffireykjavik.is



KAFFI
 REYKJAVÍK



Íþróttaskóli fyrir 3-5 ára börn

Í sumar kom upp hugmynd þess efnis að stofnaður yrði íþróttaskóli í nafni Vals fyrir 3-5 ára börn. Þrátt fyrir báglegan húsakost og þétt setnar tímatöflur tókst okkur að losa um einn tíma í viku fyrir þessa starfsemi og var henni því ýtt af stað. Guðni Hjörvar Jónsson, íþróttfræðingur, hafði umsjón með íþróttaskólanum og alls voru skráð 15 börn í íþróttaskólann sem fram fór í íþróttahúsi

Hlíðaskóla. Markmið íþróttaskólans eru að bjóða börnum upp á hreyfikennslu með áherslu á samhæfingu og fjölbreyttar hreyfingar í formi leikja og hvers kyns hreyfiprauta og efla þannig almennan líkams- og hreyfiproska barnanna. Með íþróttaskólanum lækkum við þann aldur sem börn geta verið virkir félagar í starfsemi Vals og óhætt er að segja að Valur sé nú aðalfélagið í hugum og hjörtum

flestra þessara íþróttamanna framtíðarinnar.

Íþróttaskólinn gekk mjög vel þessa fyrstu starfsönn og mun starfsemin án nokkurs vafa halda velli í framtíðinni. Rétt er að þakka starfsfólki Hlíðaskóla fyrir lán á áhöldum og liðleika í okkar garð.

Pétur Veigar Pétursson, íþróttafulltrúi og skólustjóri íþróttaskólans.

Old girls Valur Pollamótsmeistarar í ljónynjudeildinni 2005

Síðastliðið sumar var árlegt Pollamót Þórs haldið á Akureyri. Gamlar kempur Vals úr kvennaknattspyrnu, Old girls Valur voru mættar til leiks og gerðu sér lítið fyrir og unnu alla sjö leiki sína með yfirburðum og enduðu með markatöluna 26-3. Mörkin 3 sem þær fengu á sig voru öll úr vítakeppni. Frábær árangur hjá stelpunum. Einnig áttu stelpurnar í Val markahæsta leikmann ljónynjudeildar, Soffíu Ámundadóttur með 9 mörk.

Leikmenn liðsins voru:
Sirrý Hrönn Haraldsdóttir
Soffía Ámundadóttir
Guðbjörg Ósk Ragnarsdóttir
Ragnheiður Víkingsdóttir
Sólrun Ástvaldsdóttir
Sigrún Cora Barker
Arney Magnúsdóttir
Bryndís Valsdóttir
Ragnhildur Skúladóttir
Védís Ármannsdóttir



Flugeldasala Vals að Hlíðarenda!

Að þessu sinni standa allar deildir Vals að flugeldasölu og verður hagnaðurinn notaður til endurnýjunnar á tækjum í tækjasal félagsins, sem mun nýtast öllum iðkendum Vals.

Flugeldasalan er opin frá:

29. desember frá kl. 14.00-22.00

30. desember frá kl. 14.00-22.00


31. desember frá kl. 09.00-16.00

Valsmenn verslum áramótaflugeldana á Hlíðarenda og gerum þannig gott starf en betra.



Hlíðarendasjóður

Eftir Þorstein Haraldsson, Pétur Sveinbjarnarson og Lárus Hólm



Á gamlársdag 1914 gaf Bæjarstjórn Reykjavíkur út erfðafestubríf fyrir 5,5 hekturum lands við enda Öskjuhlíðar til Jóns Kristjánssonar, lagaprófessors. Landið nefndist þá Vatnsmýrarblettur XIV. Jón prófessor byggði á landinu íbúðarhús, fjós, heyllöðu og safngryfju, ásamt fleiru. Leyfið fyrir þessum byggingum er gefið út 24. nóvember 1915. Jörð sinni gaf Jón nafnið Hlíðarenda og hóf á henni túnrækt. Jörðina fékk Jón til ræktunar en ekki annarra afnota. Ýmsar skyldur varðandi ræktun og girðingar voru lagðar á hans herðar. Nafnið Hlíðarenda virðist vera stytting á Öskjuhlíðarenda því ekki á það rætur í æskustöðvum eigandans sem fæddist í Flensborg í Hafnarfirði og bjó svo í Tjarnargötunni.

Uppdráttur Þórarins Kristjánssonar hér að ofan er væntanlega elsta heimild um Hlíðarenda, en hann er gerður í mál 1914. Þórarinn var verkfræðingur og vann að járnbrautarlagningu úr Öskjuhlíð og hafnargerð í Reykjavík. Hann hannaði ennfremur járnbraut um Suðurland, en hún er sem kunnugt er ekki orðin að veruleika. Þórarinn var lengstum hafnarstjóri í Reykjavík, en lést langt um aldur fram. Kona Jóns var Ástríður Hannesdóttir Hafstein.

Jón seldi Hlíðarenda til Sveins Pálssonar snemma árs 1918. Sveinn Pálsson var fæddur 3. desember 1881 í Vallarhúsum í Miðneshreppi og dó 19. nóvember 1918 í Reykjavík. Foreldrar hans voru hjónin Páll Jónsson frá Geirlandi á Síðu, (1851-1932) og

Sigríður Höskuldsdóttir frá Hörgsdal, (1850-1888). Páll bjó í Vallarhúsum 1880 og enn 1890, en Sveinn sonur hans ólst upp austur í Mýrdal, en kominn er hann til föður síns 1901 og eru þeir þá á Kolbeinsstöðum í Útskálasókn. Sveinn kom til Reykjavíkur 1904 frá Keflavík og fór að læra skósmíði. Hans er fyrst getið í bæjarskrá Reykjavíkur 1909 en þar höfðu til þess árs aðeins verið skráðir þeir sem voru eldri en 25 ára og héldu heimili. Við manntalið 1910 er hann á Bergstaðastræti 17 og titlaður skósmiður. Í sama húsi býr þá Sigríður systir hans og Sigurður Jónsson hennar maður sem drukknaði 1925 á Leifi heppna. Sveinn Pálsson kvæntist ekki og ekki finnst að hann hafi átt afkomendur. Hann bjó alltaf á Bergstaðastræti 17, sagður skósmiður,

Þar sem -jég hef fært kaup á efnafélaginu
 Jóns Kristjánssonar Professor í Vatnsmirinni, 5155 ha.
 á 16000 seetan þúsund krónur, þá býð jég
 hjer með Þegarstjórn Reykjavíkur forkaupsrett sem
 henni ber.

Þongunarskilmálan er þessir, að græða veiddanlän er
 höglir á hær veidretti í eigninni mi að
 upphaf Kr. 6428.03, afgangurinn þongist í
 þessiragun að upphaf, Kr. 9571.97.

Reykjavík 3 Janúar 1918

Sveinn Pálsson Bergstadarstíg N 17

en þegar hann dó bjó hann á Hlíðarenda og þá kallaður veggfóðrari. Ekki er að sjá að hans verði minnst fyrir neitt sérstakt. Hann var einn á ferð í mannlífni og það varð hlutskipti hans að verða eitt af nokkur hundruð fórnarlömbum spönsku veikinnar. Gröf hans er merkt L-320 í kirkjugarðinum við Suðurgötu. Örlög Jóns Kristjánssonar, lagaprófessors og konu hans Þórdísar Toddu Benediksdóttur urðu hins sömu og Sveins. Þessi þrjú dóu öll úr spönsku veikinni í nóvember 1918.

Dánarbú Sveins Pálssonar seldi Hlíðarenda til Guðjóns Guðlaugssonar, alþingismanns og kaupfélagsstjóra í Strandasýslu, í mars 1919 og var söluverðið 20.000 krónur. Guðjón settist að á Hlíðarenda ásamt fjölskyldu sinni og bjó þar til dauðadags. Guðjón hélt ótrauður áfram uppbyggingunni sem Jón og Sveinn höfðu hafið. Á uppdrætti Þórarins hefur verið bætt inn á tveimur rauðum strikum sem sýna veginn út í Nauthólsvík og ættu þau að gefa lesendum fast land undir fætur þegar skoða skal legu landsins. Vegstæðið lét Guðjón af hendi til Reykjavíkurbæjar í apríl 1938 og fékk greidda 15 aura fyrir hvern fermetra. Eftir það klauf vegurinn Hlíðarendalandið.

Ekkja Guðjóns, Jóney Guðmundsdóttir, seldi Knattspyrnufélaginu Val Hlíðarenda í apríl 1939 og var söluverðið 30.000 krónur. Skömmu síðar skall á heimsstyrjöld og verðbólga. Hlíðarendi margfaldaðist að verðgildi á skömmum tíma og fáir urðu aurar ekkjunnar þegar upp var staðið. Guðjón Guðlaugsson var þekktur fyrir einarðan stuðning sinn við Hannes Hafstein og má um einstaka fórnarlund Guðjóns fræðast í nýútkominni bók um ævi Hannesar sem nefnist: „Ég elska þig stormur“.

Frumherjar Vals á Hlíðarenda stóðu á öxlum þessa fólks. Sannarlega drógu Valmenn ekki af sér við uppbyggingu Hlíðarenda. Ekki er hér unnt að nefna nöfn allra þeirra sona Vals og dætra sem fórnðu ómælt frítíma sínum (og sumir sömuleiðis peningum sínum) til þess að Knattspyrnufélagið Valur ætti glæsta framtíð á Hlíðarenda um ókomin ár. Á öxlum þess góða fólks stöndum við Valmenn í dag.

Af fórnarlund stofnuðu Valmenn hlutafélag á árinu 1999 og hlaut það nafnið Valmenn hf. Hlutverk félagsins var og er að vinna að heill og hamingju Vals til framtíðar. Áreiðanlega hefur eng-

inn hluthafi gert ráð fyrir persónulegum fjárhagslegum ávinningi með þátttöku í hlutafélaginu sem hefur gegnt gagnlegu hlutverki við uppbyggingu Hlíðarenda að undanförunu.

Til þess að standa vörð um þessa mikilvægu hugsjón er lagt til að stofnaður verði Hlíðarendasjóður. Sjóðnum yrði ætlað það hlutverk að tryggja að allur réttmætur arfur Knattspyrnufélagsins Vals renni til félagsins sjálfs til áframhaldandi starfs í þágu þeirrar æsku sem á að byggjast upp í anda leiðtogans, sr. Friðriks Friðrikssonar.

Með Hlíðarendasjóði er heiðruð minning alls þess nafnlausa fjölda sem unnið hefur fórnfúst starf í þágu Knattspyrnufélagsins Vals. Sveinn Pálsson, skósmiður, veggfóðari og bóndi á Hlíðarenda er verðugur fulltrúi þeirra sem enginn þekkir, en hafa samt skapað æskunni glæsilegan samastað þar sem eitt sinn var Vatnsmýrarblettur XIV.

Valmenn eru hvattir til að hugleiða þetta mál. Við sem notið höfum Hlíðarenda eigum skuld að gjalda. Þá skuld greiðum við best með því að standa vörð um Hlíðarenda um ókomin framtíð.

Aukaæfingin skapar meistarann

Ingvar Árnason leikmaður meistaraflokks karla í handbolta

Fæðingardagur og ár: 15 júlí 1986.

Nám: Er á seinasta ári í Menntaskólanum við Hamrahlíð.

Kærasta: Sú heppna heitir Elísabet Edda.

Hvað ætlar þú að verða? Ég stefni á verkfræði en maður veit aldrei hvað gerist.

Frægur Valsari í fjölskyldunni: Enginn frægari en ég.

Hver er besti íþróttamaðurinn í fjölskyldunni? Pabbi spilaði að vísu með c-liði KA í fótboltanum á sínum tíma en ætli ég verði ekki samt sem áður að segja ég.

Hvað gætir þú aldrei hugsað þér að verða? Pólitíkus og sitja á Alþingi.

Stjórnuspá þín fyrir næsta ár: Titill með Val og eintóm gleði.

Af hverju handbolti: Skemmtilegast, ekki eins kalt og í fótboltanum og gengur vel.

Af hverju Valur? Það var hverfisklúbburinn.

Eftirminnilegast úr boltanum: Evrópu-meistaratitillinn 2003.

Hvernig er að taka þátt í Evrópukeppninni? Það er mjög gaman, gefur manni mikið. Þetta fer allt í hinn fræga reynslubanka.

Ein setning eftir tímabilið: Við erum meistarar.

Hvernig er að leika í Laugardalshöllinni? Það er mjög fínt. Miklu betra en ég þorði að vona.

Besti stuðningsmaðurinn: Gauti bróðir, pabbi fylgdarmaður, Heiðar bróðir og allir fastagestir.

Koma titlar í hús í vetur? Að sjálf-sögðu.

Skemmtilegustu mistök: Þegar við vorum á Partille og ég ætlaði að lita hárið á mér kolsvart en það vildi ekki betur til en ég varð snargráhærður í fleiri daga.

Mesta prakkarastrik: Þau eru nú ekki mörg en það helsta var þegar við vinirnir Einar Gunn og ég stífluðum umferð-

ina í Barmahlíðinni með því að hlaða ísklumpum á götuna. Þetta reyndist ekki vinsælt. Við hlupum skíthreaddir undan misánægðum bílstjórnunum.

Fyndnasta atvik: Mörg hef ég upplifað en eitt er mér sérstaklega ferskt í minni. Það var þegar ónefndur aðili kom kviknakinn í hjólastól niðri í lobby á endurhæfingarstöðinni sem við gistum á í Finnlandi. Hann var með margskonar hundakunstir í stólnum sem endaði með því að hann datt. Þetta vakti mikla kátínu.

Stærsta stundin: Íslandsmeistaratitillinn í 2. flokki í fyrra.

Hvað hlægir þig í sturtu? Ægir Tröll Jónsson.

Athyglisverðasti leikmaður í meistaraflokki: Ætli Pálmar Pétursson standi ekki upp úr í þeim flokki.

Hver á ljótasta bílinn? Eigum við ekki að orða það þannig að Palli Pedersen eigi sérstakasta bílinn.

Hvað lýsir þínum húmor best? Háþróaðir fimmaurabrandarar.

Mottó: Aukaæfingin skapar meistarann.

Fyrirmynd í boltanum: Geir Sveinsson, Sigfús Sigurðsson og Ivano Balic.

Leyndasti draumur: Að verða heimsmeistarinn í ljóðrænum dansi.

Við hvaða aðstæður líður þér best? Í rólegu og góðu glensi innan um fjölskyldu og vini.

Fullkomið laugardagskvöld: Uppi í rúmi með kerlingunni að horfa á góða ræmu eftir sætan sig-urleik.

Hvaða flík þykir þér vænst um? Búningur ólympíuliðs Bosnía Herzegovinu sem keyptur var á lagerútsölu hjá Hreysti og ég spila oft í.

Besti handboltamaður sögunn-

ar á Íslandi: Valdimar Grímsson.

Besti handboltamaður heims: Minn tvífari Ivano Balic.

Besti söngvari: Elton John.

Besta bíómynd: Con Air.

Besta bók: In pursuit of excellence.

Besta lag: Always með Bon Jovi.

Uppáhaldsvefsíðan: www.valur.is.

Uppáhaldsfélag í enska boltanum: Tottenham Hotspurs.

Eftir hverju sérðu mest? Maður á ekki að sjá eftir neinu, maður á að læra af mistökum sínum.

4 orð um núverandi þjálfara: Góður, nákvæmur, stressaður og metnaðarfullur.

Ef þú værir alvaldur í Val hvað myndir þú gera? Eyða meiri fjármunum í handboltann og þá aðallega til uppbyggingar.



„Allt er partur af programmet“

Guðrún María Þorbjörnsdóttir leikmaður meistaraflokks kvenna í knattspyrnu

Fæðingardagur og ár: 31. ágúst 1986.
Nám: Er á fjórða ári í Menntaskólanum við Hamrahlíð.

Kærasti: Nei.

Hvað ætlar þú að verða? Er að hugsa um að verða arkitekt.

Frægur Valsari í fjölskyldunni: Pabbi minn var nú á handboltanum í gamla daga, Þorbjörn Guðmundsson sem var nú í frægu mulningsvélinni.

Hvernig hafa foreldrar þínir stutt þig í fótboltanum? Mjög vel, þeim finnst gaman að fylgjast með, sérstaklega pabbi þar sem hann mætir á alla leiki með Valsderhúfu og hvetur okkur áfram svo er mamma í kvennaráðinu að reyna að þóknast okkur prinsessunum.

Hver er besti íþróttamaðurinn í fjölskyldunni? Ég myndi nú segja að pabbi eigi enn þann titil þar sem hann náði mjög langt í handboltanum og komst í landsliðið.

Hvað gætir þú aldrei hugsað þér að verða? KR-ingur.

Stjörnuþá þín fyrir næsta ár: Tækla allt það sem kemur að mínum fótum ;)

Af hverju fótbolti? Ég æfði alltaf handbolta þegar ég var yngri en svo kynntist ég vinkonum mínum í Háteigsskóla og þær voru allar að æfa hjá Betu svo ég fylgdi straumnum. Sem ég sé ekki eftir í dag.

Af hverju Valur? Maður fer nú ekki að særa pabba og fara í annað félag.

Eftirminnilegast úr boltanum: Evrópukeppnin og undirfatamyndatakan obboobb.

Hvernig var að taka þátt í Evrópukeppninni í sumar? Alveg ólýsanlegt, þetta var rosalega mikil reynsla og skemmtilegt verkefni.

Ein setning eftir tímabilið: Dí hvað við hefðum átt að vinna svo við hefðum getað notið þessa að segja þessa setningu: *fucking enjoy it.*

Besti stuðningsmaðurinn: Það er nú margt um manninn á þeim bæ.

Koma titlar í hús næsta sumar? Já það verður sko komið með titla heim á Hlíð-arenda. Það er ekki að spyrja að því.

Skemmtilegustu mistök: Tók þátt einhvern tímann í útskýningu og hárið festist í glossinum.

Mesta prakkarastrik: Þegar ég stríddi Signýju vinkonu minni þar sem hún stóð fyrir utan útidyrhurðina heima um nótt og ég kom með sjúklegan hræðslusvip og benti eins og það stæði einhver fyrir aftan hana ... aldrei hlegið jafn mikið.

Fyndnasta atvik: Þegar Dóra María hljóp út af vellinum þegar hún skoraði og hélt að leikurinn væri búinn.

Stærsta stundin: Íslandsmeistarar 2004 og í hálfleik í 16 liða úrslitum í Evrópukeppninni á móti Kazacstan liðinu þar sem sungið var Simply the best.

Athyglisverðasti leikmaður í meistaraflokki: Guðný a.k.a.

Guona þar sem hún er ruglaðari en ég.

Hver á ljótasta bílinn? Íris og Ásta eiga í harðri baráttu um þann heiður.

Hvað lýsir þínum húmor best? Hmm, alvarlega steikt og Stella í orlofi (sjá þessi slobbúr).

Fleygustu orð: Jjaa lukkan.

Mottó: Að allt sé partur af programmet.

Fyrirmynd í boltanum: Laufey Ólafsdóttir.

Leyndasti draumur: Komast í landsliðið.

Við hvaða aðstæður líður þér best? Þegar ég er í íþróttafötum og þarf ekki að vera þæja hehe.

Hvaða setningu notarðu oftast? Er ekki allt í sómanum og hvað segja bændur?

Skemmtilegustu gallarnir: Á það oft til að keyra í vitlausar áttir og mæta með tannkrem í hárinu í skólann.

Hvað er það fallestasta sem hefur verið sagt við þig? Guðrún þú ert alveg jafn sæt með teinana.

Fullkomið laugardagskvöld: Kósí kvöld með kæró eða fíflast e-ð með stelpunum.

Hvaða flík þykir þér vænst um? Dúnvestið mitt.

Besti fótboltamaður sögunnar á Íslandi: Ætli það séu ekki feðgarnir Arnór og Eiður Guðjohnsen.

Besti fótboltamaður heims: Ronaldinho og Zlatan.

Besti söngvari: Gavin Degraw.

Besta hljómsveit: U2 og Sálín.

Besta bíómynd: Stella í orlofi (mín sér fyrir öllu).

Besta bók: Les ekki mikið bækur en Mýrin hefur vinninginn að þessu sinni.

Besta lag: Dont let me down með Steriophonics.

Uppáhaldsvefsíðan: Skoða oftast fotbolti.net og svo eru það blogg vinkvenna minna.

Uppáhaldsfélag í enska boltanum: Man Utd það held ég nú.

Eftir hverju sérðu mest? Maður spyr sig...

Ef þú yrðir að vera einhver annar: Hefði nú ekkert á móti því að vera Angelina Jolie þar sem hún er búin að næla í hann Brad Pitt.

4 orð um núverandi þjálfara: Steikt, stríðin, hress og ákveðin.

Ef þú værir alvaldur í Val hvað myndir þú gera? Ég myndi setja

nýjar hurðir á búningssklefana án skrár-gata.



Menn eiga að leggja stund á íþróttir sem allra lengst

Viðtal við Berg Má Emilsson þjálfara í körfubolta hjá Val

Bergur Már Emilsson hefur árum saman þjálfað körfubolta hjá Val, allt frá minnibolta til meistaraflokks og ber hag körfunnar mjög fyrir brjósti hjá Val. Hann varð fúslega við þeirri bón að svara nokkrum spurningum um eigin íþróttiferil, þjálfun og framtíðarsýn að Hlíðarenda.

Bergur segir að áhugi sinn á körfunni hafi byrjað þegar hann fylgdist með frænda sínum, Birgi Mikaelssyni, sem nú er þjálfari hjá Valsmönnum, leika andstæðinga sína grátt í Hagaskólanum. „Það var skrytið fyrir 8 ára Valsara að horfa á þjálfara sinn Torfa spila á móti frænda sínum í röndóttum búningi og oft á tíðum vissi ég ekki hvort ég ætti að klappa eða baula,“ segir Bergur og brosir.

Bergur segist á yngri árum hafa verið í öllum boltaíþróttum og að auki í bordtennis og skák svo eitthvað sé nefnt. Skáktímabilið stóð frá 8-12 ára og náði



Síðasti leikur Bergs á ferlinum, úrslita-leikur gegn Snæfelli sem fór 92-88.

Þjálfari og spilandi leikmaður Íslands- og deildarmeistara Vals í 1. deild 2002.

hann þeim merka árangri að verða skákmeistari Laugarnesskóla í tvígang 10 og 12 ára gamall. „Ég sá miklu seinna hvað það voru mikil mistök að steinhætta 12 ára. Handboltaferill minn spannar frá 6. til 5. flokks, bæði Víkingi og Val, og var

ég svo heppinn að fá að kynnst Magnúsi Blöndal heitnum. Ég held að andi hans svífi enn yfir handboltadeildinni og hjá okkur öllum í Val. Karfan og fótboltinn voru samt sem áður aðalgreinarnar og ég þurfti að velja milli 15 ára gamall. Ég spilaði með Víkingi í fótbolta og afrekaði það að verða Íslandsmeistari og vera valinn í U-16 landsliðið 15 ára og spilaði ég landsleiki með fyrirlíða Vals Sigurbirni Hreiðarsyni stuðbolta með meiru. Árið eftir stóð ég frammi fyrir því að þurfa velja hvort ég ætlaði að verða körfuboltamaður eða fótoltamaður því Axel Nikulásson var að hefja metnaðarfullt verkefni með drengjalandsliðið í körfu. Valið var reyndar auðvelt því ég valdi þá íþrótt sem mér þótti skemmtilegri. Ég held að það hafi verið einn af hápunktum á mínum ferli að spila 27 landsleiki á einu ári og enda í 9. sæti í úrslitum U-16 Evrópukeppninnar í Tyrklandi. Enn sem komið er hefur ekkert íslenskt lið náð betri árangri í Evrópukeppni í körfuknattleik.“

– Hvenær hófstu störf við þjálfun í körfubolta?

„Ég byrjaði að þjálfa 17 ára og hef verið að þjálfa síðan. Ég hef þjálfað alla aldursflokka hjá körfuknattleiksdeildinni nema drengjaflokk. Eitt tímabilið þjálfaði ég hóp 7-10 ára gutta og meistaraflokksleikmann sem var í meistaraflökki þegar ég var að byrja í körfunni 7 ára. Þetta var mjög skemmtilegt tímabil. Meistaraflokkur tryggði sér sæti í úrvalsdeild með því að vinna deild og úrslitakeppni og minnibolta hópurinn stækkaði úr þremur upp í 35. Margir í þessum minniboltahöpi eru nú lykil-



7. flokkur 2004-2005.



Minnibolti 2004-2005.

menn í yngri flokkum og meistaraflokksleikmaðurinn sem ég nefndi hér á undan er núna lykilmáður í Old-boys senior og Old-boys junior.“

– Lýstu í stuttu máli ástæðum þess að þú hófst störf við þjálfun hjá Val.

„Ætli mér hafi ekki fundist ég vera rétti maðurinn til að miðla þessum skemmtileguheitum áfram, ég lærði margt í kórffu og skemmtilegheitum frá góðum Valsmönnum. Torfi, Svali, Raggi, Tommi og ekki má gleyma EP voru meðal þeirra sem þjálfuðu mig þegar ég var gutti, unglingur og ungur maður og ég á þeim og fleirum margt að þakka. Það er rosa-lega mikilvægt að skemmtilegt sé að æfa og hef ég haft það að leiðarljósi í minni þjálfun. Leiður og þreyttur leikmaður tekur engum framförum.“

– Hvernig hefur verið staðið að uppbyggingu í yngri flokkum Vals í kórffubolta undanfarið?

„Umgjörð og félagstarf í yngri flokkum er gott. Öll mín ár í þjálfun hef ég staðið fyrir öllu sem gert er í flokkunum hvort sem það var söfnun fyrir búninga, pítu- og bíóveislu, skípu-lagning á ferðalögum, fararstjórn o.fl. Í raun hefur stjórn deildarinnar síðastliðin 15 ár verið mjög slök og hefur smitað allt starfið en mismikið þó. En skoðun mín er sú að ef það er góður þjálfari með yngri flokk og hann fær greitt fyrir vinnu sína, þá þarf litlar áhyggjur að hafa. Ég hef mikla trú á nýrri stjórn

og Gunnari Zoëga formanni. Það skiptir máli að hafa metnaðarfulla stjórn sem þekkir starfið og veit um hvað þetta snýst.“

– Hver er staða yngri flokka Vals í kórffubolta um þessar mundir?

„Karfan í Val er í mikilli uppsveiflu og það sést á fjölda iðkenda. Það er stígandi hvað árangur varðar en hlutirnir gerast hægt og rólega. Sem betur fer er lögmál í þessu eins og í öllu öðru. Ef leikmenn, þjálfarar, foreldrar og stjórnarmenn leggja á sig skemmtilega vinnu mun litla deildin í Val verða stór og blómleg.“

– Hver er staða kórffubolta almennt meðal barna og unglinga hér á landi?

„Við erum á mikilli siglingu eins og sést á árangri yngri landsliða. Ég er sannfærður um að Ísland sé með skyttur á heimsmælikvarða og þegar hæðin og pundið eykst með árunum mun árangurinn ekki láta á sér standa. Við Valsmenn getum verið stoltir af okkar drengjalandslíðsmönnum sem hafa unnið sig upp í A-deild og haldið sér þar. Að vera í drengjalandslíði, sem er meðal 16 bestu í Evrópu, er eitthvað sem maður getur verið stoltur af.“



8. flokkur 2004-2005.

– Hvernig lýst þér á nýjasta útspil kórffunnar að starfrækja kvennakórffu í Val?

„Frábært útspil. Síðustu ár hafa nokkrar stelpur æft hjá mér í minniboltanum og maður hefur fundið heilmikla þörf fyrir kvennakórffu hér í Val. Það er mín skoðun að deildin hafi tapað mikið á því að hafa ekki kvennakórffu og í raun var það hneyksli að kvennakarfan í Val var lögð niður á sínum tíma. Markmið ættu að vera einföld, þ.e. að vera með iðkendur í öllum flokkum eftir 10-15 ár.“

– Hvaða möguleika sérðu fyrir kórffuboltann með nýjum mannvirkjum að Hlíðarenda?

„Ég sé mikla möguleika fyrir allar deildir. Yngri flokkarnir geta æft á góðum tímum þar sem við munum hafa fjóra sali. Það þarf oft ekki mikið til svo hægt sé að bæta frammistöðu. Ég lít á það sem byltingu að fá fjórar kórffur til viðbótar í litla salinn núna í haust. Ég vil endilega fá fleiri kórffur í litla sal, fjórar í viðbót þversum og þá held ég að karfan myndi eignast salinn.“

– Hvaða skilaboð viltu senda krökkum sem stunda íþróttir?

„Að stunda íþróttir sem lengst. Ég þekki alltof marga sem hafa hætt of snemma,“ segir Bergur sannfærandi að lokum.

Ég sé mest eftir að hafa ekki byrjað fyrir að æfa

Hjalti Friðriksson leikmaður í 11. fl., drengja-, unglinga- og meistaraflokki í körfubolta

Fæðingardagur og ár: 26. feb. 1989.

Nám: Er í Versló.

Kærasta: Nei.

Einhver í sigtinu: Já, eins og er.

Hvað ætlar þú að verða? Vonandi atvinnumaður í körfu, annars viðskiptafræðingur.

Frægur Valsari í fjölskyldunni: Þeir eru ekkert mjög margir.

Hver er besti íþróttamaðurinn í fjölskyldunni? Klárlega ég.

Hvað gætir þú aldrei hugsað þér að verða? Svín.

Af hverju körfubolti? Því mig langaði að sjá Harlem globetrotters og maður fékk afslátt á þá ef maður æfði körfu og þá varð maður háður eftir fyrstu æfingu.

Af hverju Valur? Leikfimikennarinn minn var að reyna að fá mig og féлага mína til að byrja að æfa með KR en við enduðum hjá Val því þar voru flestir úr skólanum okkar.

Eftirminnilegast úr boltanum: Þegar við unnum bikarinn í 10. flokki árið 2004.

Besti stuðningsmaðurinn: Pabbi minn.

Koma titlar í hús í vetur? Það eru þrír titlar á leiðinni.

Skemmtilegustu mistök: Það er því miður sjálf-skarfan sem ég skoraði.

Fyndnasta atvik: Þegar Kjartan missti buxurnar niður um sig fyrir framan húsvörðinn í Kennó.

Hvað hlægir þig í sturtu? Það er margt fyndið sem gerist inni í sturtunni en það fer ekki út úr henni.

Hvað lýsir þínum húmor best?

Aulabrandarar að hætti Gústa Þjálfara.

Mottó: Lífið er ostur.

Fyrirmynd í boltanum: Michael Jordan.

Leyndasti draumur: Að komast í NBA.

Við hvaða aðstæður líður þér best? Þegar leikur er að byrja.

Hvaða setningu notarðu oftast? Blessuð blíðan ekki satt.

Hvað er það fallegasta sem hefur verið sagt við þig? Þú ert indæll strákur Hjalti minn.

Fullkomið laugardagskvöld: Gleðskapur með vinum langt fram á nótt.

Hvaða flík þykir þér vænst um? Morgunsloppinn.

Besti körfuboltamaður sögunnar á Íslandi: Gústi Jens.

Besti körfuboltamaður heims: Michael Jordan.

Fyrirmynd þín í körfubolta: Michael Jordan og Gústi Jens.

Besta bíómynd: Lord of the Rings.

Besta bók: Emil í Kattholti. Þjálfarinn benti mér á hana.

Besta lag: Dear Mama eftir Tupac.

Uppáhaldsvefsíðan: Valur.is.

Uppáhaldsfélag í enska boltanum: Chelsea.

Uppáhaldsfélag í NBA: Detroit.


Eftir hverju sérðu mest? Að hafa ekki byrjað fyrir að æfa.

Ef þú yrðir að vera einhver annar: Bróðir minn.

Núverandi þjálfarar:

Þeir eru tveir og heita Gústi og Eggert. Báðir eru þeir fyndnir, agaðir og hjálpsamir.

Ef þú værir alvaldur í Val hvað myndir þú gera? Ég myndi láta meiri kraft í sturtunum.



Fótbolti er skemmtilegasta íþrótt sem ég hef kynnst

Ingibjörg Magnúsdóttir leikur með 2. flokki og fékk Friðriksbikarinn 2005

Ingibjörg er 16 ára og hefur æft með Val í rúm þrjú ár. Hún flutti frá Bandaríkjunum sumarið 2002 í Hlíðahverfið og fór þess vegna að æfa með Val og er mjög fegin því að hafa flutt í Valshverfið. Áður æfði hún fótbolta í Bandaríkjunum í átta ár. Hún er markvörður en byrjaði að æfa sem markvörður tæplega ári áður en hún flutti frá Bandaríkjunum.

– Hvaða hvatningu og stuðning hefur þú fengið frá foreldrum þínum í sambandi við fótboltann?

„Ég hef alltaf fengið mjög góðan stuðning frá foreldrum mínum. Þeir hafa alltaf verið duglegir að mæta á leiki og keyrt þegar þess hefur þurft og skilja hvað fótboltinn skiptir mig miklu máli. Mér finnst mjög mikilvægt að fá stuðning heima og ég hef ekki bara fengið stuðning frá pabba og mömmu heldur líka öðrum í fjölskyldunni.“

– Hvernig gekk ykkur í sumar?

„Okkur gekk ágætlega en ekki eins vel í Íslandsmótinu og við stefndum að. Við unnum Reykjavíkurmótið, lentum í 3. sæti í Síamótinu, í 2. sæti í ReyCup. Þar fékk ég að spila úti á vellinum og fannst það mjög skemmtileg tilbreyting. Að lokum unnum við haustmótið. Hópurinn var mjög skemmtilegur og við erum allar góðar vinkonur. Við gerum margt saman fyrir utan fótboltann og ætlum að hafa saumaklúbb í framtíðinni.“

– Segðu frá skemmtilegum atvikum úr boltanum.

„Það að vinna Breiðablik, bæði í sumar og í fyrrasumar, stendur upp úr sem mjög

góð minning! Skemmtilegasta mótið sem ég hef tekið þátt í var Gothia Cup í Gautaborg í fyrra. Það var ofboðslega gaman að fara með flokknum, skemmtilegt bæði utan vallar og innan.“

– Áttu þér fyrirmyndir í fótboltanum?

„Þegar ég var að æfa fótbolta í Bandaríkjunum voru ákveðnar fótboltakonur sem ég leit mikið upp til. Aðallega Mia Hamm og Brandi Chastain. Það var mikil hvatning og gerði fótboltann skemmtilegri þegar bandaríska kvennalandsliðið í fótbolta varð heimsmeistari árið 1999. Hérna heima á Íslandi er meistaraflokkur kvenna í Val mín fyrirmynd. Þegar ég horfi á leiki hjá þeim sé ég hvað það er góður andi og líðsheild hjá þeim. Þær spila líka skemmtilegan bolta og eru okkur hinum því hvatning.“

– Hvað þarf til að ná langt í fótbolta eða íþróttum almennt?

„Til þess að ná langt í íþróttum þarf fyrst og fremst að trúa því að maður geti það. Svo skiptir mestu máli að vera dugleg að æfa sig og mæta einbeitt á æfingar. Mér finnst ég þurfa að bæta talandann og hvernig ég losa boltann frá markinu.“

– Hvers vegna fótbolti?

„Ég æfi fótbolta af því að það er skemmtilegasta íþróttin sem ég hef kynnst. Ég hef æft fleiri íþróttir. Ég byrjaði á því að æfa ballett í

eitt ár þegar ég var fjögurra ára. Ég byrjaði svo að æfa fótbolta og fimleika fimm ára. Ég æfði fimleika í fjögur ár. Ég byrjaði að æfa körfubolta níu ára og æfði alveg þang-

ad til í fyrra. Eftir að ég flutti til Íslands þurfti ég að æfa körfubolta með KR, þar sem Valur er því miður ekki með kvennaeild í körfunni, og mér fannst það erfitt af því að ég er mikill Valsari. Ég varð að hætta í körfubolta af því að það var of mikið álag á líkamann að æfa tíu sinnum í viku - fótbolta og körfubolta. Fyrir utan þessar íþróttir æfði ég líka í eitt sumar í Bandaríkjunum íþrótt sem heitir „lacrosse“ sem er boltaslátarleikur sem rakinn er til indíána. Mér fannst það ferlega skemmtileg íþrótt en ekki mikil framtíð í henni á Íslandi!“

– Hverjir eru þínir framtíðardraumar í fótbolta og lífinu almennt?

„Ég vona að ég eigi eftir að leika með meistaraflokki Vals í fótbolta og að ég eigi eftir að hafa gaman af því að spila fótbolta þangað til ég verð gömul kerling. Ég er núna í MH og stefni að því að fara í háskólanám. Ég veit ekki hvað ég ætla að læra en allavega eitthvað sem ég mun hafa gaman af að fást við í framtíðinni.“

– Þekktur Valsari í fjölskyldunni?

„Já, Pétur Guðmundsson körfubolta- maður, sem var lengi í Val og lék síðan í NBA, er móðurbróðir minn. Hann hefur alltaf sýnt íþróttunum mínum mikinn áhuga, hann fylgist vel með mér þótt hann búi í útlöndum og hvetur mig áfram.“

– Hvaða þýðingu hefur það fyrir þig að hafa fengið Friðriksbikarinn?

„Mér finnst það mikill heiður að fá Friðriksbikarinn. Ég hef aldrei áður fengið einstaklingsviðurkenningu fyrir fótbolta og ég er mjög stolt af því að fá þessa viðurkenningu sem er veitt fyrir frammistöðu utan vallar sem innan. Ég veit að Friðrik stofnaði Val 11. maí árið 1911.“

– Lífsmottó: „Ég hef ekkert sérstakt lífsmottó en ætli ég myndi ekki segja að ég reyni að gefa alltaf 100% í allt sem ég geri - nema kannski að taka til í herberginu mínu!“



Mikilvægt að hlúa að ungvíðinu ef árangur á að nást

Viðtal við Eggert Maríuson þjálfara KKD Vals



Samningur handsalaður. Gunnar Zoëga formaður körfuknattleiksdeildar býður Eggert velkominn til starfa hjá Val.

Á þessu keppnistímabili hefur meistaraflokkslíð Vals í körfuknattleik spilað undir stjórn nýs þjálfara, Eggerts Maríusonar. Stjórn körfuknattleiksdeildar ákvað í sumar að ráða Eggert til starfa enda hefur hann getið sér mjög gott orð sem þjálfari undanfarin ár í efstu deild.

Körfuknattleiksferill Eggerts

Eggert hóf körfuknattleiksferilinn sem leikmaður hjá ÍR ungur að árum. „Ég hóf ferilinn í Breiðholti hjá Sigvalda sem var mjög duglegur að smala inn krökkum. Þar spilaði ég upp alla yngri flokkana og í meistaraflokki. Það má segja að allur ferillinn hafi verið í ÍR fyrir utan eitt ár á Akranesi og annað í KR.“

Þjálfaraferill

Eftir árið hjá KR gerðist Eggert spilarandi þjálfari í annarri deildinni hjá Fjölni

þar sem hann var í eitt ár. Eftir það tók þjálfun algjörlega við og næsta verkefni Eggerts var að koma Breiðablik í efstu deild, sem tókst á fyrsta ári. Breiðablik stóð sig mjög vel í úrvalsdeildinni og lenti í skemmtilegri rímu við Njarðvík í úrslitakeppninni. „Við unnum einn leik“, segir Eggert. „Við settum Njarðvík í töluverð vandræði en þeir sigruðu nú samt 2-1. Okkar lykilmáður á þessum tíma var Kenneth nokkur Richards sem einmitt gerði garðinn frægan hjá Valsmönnum, mjög skemmtilegur leikmaður.“

Eftir þessa sjálfskipuðu útleð úr ÍR sneri Eggert heim og þjálfaði meistaraflokkslíð ÍR í þrjú keppnistímabil. Spurður um árin þrjú er Eggert fljótur til svara. „Þetta gekk ágætlega en hápunkturinn á þeim tíma hefur samt verið þegar við slógum út Njarðvík í átta liða úrslitum í úrslitakeppninni síðastliðið vor. Ekki nóg með það heldur sigruðum við síðan Keflavík í fyrsta leiknum í und-

anúrslitum. Eftir það settu Keflvíkingar reyndar í 4. gír og rúlluðu yfir okkur en eftir stóð skemmtileg og lærdómsrík reynsla.“

Metnaðarfullur þjálfari

Þegar Valsmenn höfðu samband við Eggert í sumar fannst Eggerti kominn tími til að taka að sér nýtt verkefni, enda þjálfað ÍR í þrjú ár og þjálfað marga af yngri leikmönnum liðsins auk þess að hafa spilað með þeim eldri, s.s. eins og Eiríki Önundarsyni. Nú skyldi prófa eitthvað nýtt. „Ég vissi nú svo sem ekki mikið um Valsliðið annað en það sem ég hafði séð þegar við spiluðum við þá í Reykjavíkurmótum og svoleiðis, en þegar stjórnin ræddi við mig var mikill hugur í þeim að koma liðinu upp. Þannig voru markmiðin strax ljós og væntingar um árangur mikill í upphafi. Ég hef alltaf miklar væntingar til sjálfs mín og minna leikmanna svo þetta passaði allt saman. Sá dómur hvernig til hefur tekist hefur þó ekki fallið enn því keppnistímabilið er einungis hálfnað, en við erum í þokkalegum málum. Við eigum eftir að fá toppliðin heim eftir áramót og því getur allt gerst.“

Liðið að slípast saman

Fyrsti alvöru leikur Eggerts sem þjálfara hjá Val var í Reykjavíkurmótinu á móti KR. Liðið steinlái fyrir KR-ingum með 80 stiga mun. Eggerti var samt ekkert brugðið. „Liðið hefur verið ört vaxandi eftir þetta tap í haust og mikið vatn runnið til sjávar. Við byrjuðum alveg á fyrstu blaðsíðu því það var nýr þjálfari og einungis tveir leikmenn frá síðasta tímabili enn í liðinu. Við erum því búnir að vera að slípa saman algjörlega nýjan mannskap meðan toppliðin Tindastóll og Þór úr Þorlákshöfn eru búnir að vera með sína kjarna í tvö til þrjú ár. Ég er því bara mjög sáttur við hvert við erum komnir



Eggert Mariússon þjálfari meistaraaflokks karla í körfuknattleik.

miðað við þann stutta tíma sem við erum búnir að vera saman,“ segir Eggert. „Annar jákvæður hlutur hjá Val er sá að þar á bæ er farið að hlúa að ungvíðinu og það skilar sér alltaf á endanum ef maður vonast til þess að ná árangri í þessu sporti. Í dag er fullt af ungum og spræk-

um strákum í Val sem geta átt sér bjarta framtíð í boltanum ef þeir eru tilbúnir að leggja þá vinnu á sig sem þarf til að koma sér á toppinn.“

Íslenskir leikmenn í stöðugri framför

Eggerti finnst íslenskir leikmenn vera í stöðugri framför, enda eru menn nú farnir að æfa töluvert mikið eða fimm til sex sinnum í viku auk eins eða tveggja leikja í viku. „Við eigum líka stráka sem eru komnir í atvinnumennsku sem ætti að vera góð fyrirmynd fyrir unga og efnilega leikmenn og sýnir að draumurinn um atvinnumennsku er til staðar ef menn eru duglegir við að æfa, setja sér markmið og hugsa hátt,“ bætir hann við. „Varðandi erlenda leikmenn á Íslandi er það alltaf álitamál og sitt sýnist hverjum í þeim efnunum. Ég er reyndar á því að ef maður vill ná árangri í efstu deild þá væri betra að geta farið í gegnum 1. deildina Kanalausa, þannig að íslensku leikmennirnir gætu náð sér í meiri reynslu sem leiðtogar liðsins og bera meiri ábyrgð á gengi þess í 1. deildinni. Valsmenn brugðu á það ráð í haust að fá erlendan leikmann til að hjálpa reynslulitlu liði að ná sér í meiri reynslu og til að hjálpa í baráttunni við að komast upp. Svo er það einnig að sum lið utan af landi verða hreinlega að hafa erlendan leikmann út af skorti á mannskap.“ Eggert segir að seint verði bannað að leyfa erlenda leikmenn í 1. deild en sú umræða hefur oft

skotið upp kollinum. „Það eru svo mismunandi ástæður fyrir því að lið fá sér erlenda leikmenn. Svo má líka segja að þeir koma með nýjar víddir inn í þetta hjá okkur og sýna íslensku strákunum hvernig hægt er að bæta sig og lyfta þannig íslenskum leik á hærra plan. Okkar bestu og efnilegustu strákar í dag njóta þess að hafa spilað með og á móti góðum amerískum leikmönnum sem hafa bætt alhliða leikinn hér á landi ásamt íslenskum og evrópskum leikmönnum,“ bætir hann við.

Bestu menn landsins

„Að mínu mati eru Jón Arnór Stefánsson, Jakob Sigurðsson, Logi Gunnarsson, Hlynur Bæringsson, Sigurður Þorvaldsson og Pavel Ermolinski bestu leikmenn Íslands í dag og vona ég að ég sé ekki að gleyma neinum. Þetta eru leikmenn sem spila í atvinnumennsku en einnig eru margir góðir leikmenn að gera góða hluti í háskólum í Bandaríkjunum. Hér heima eru svo margir strákar sem eru að gera góða hluti en flest lið eiga orðið þrjá til fimm efnilega leikmenn sem lofa góðu.“

Sameining íþróttaliða

Spurningin um sameiningar íþróttaliða hefur oft skotið upp kollinum og sérstaklega hér á Reykjavíkursvæðinu þar sem erfitt hefur reynst að reka öll þau fjölmörgu lið sem á svæðinu eru. Það er ekki hægt að sleppa Eggerti nema spyrja hann um sína skoðun á sameiningum íþróttaliða. „Ég held að það sé engin spurning að lið á Reykjavíkursvæðinu ættu að sameinast í stað þess að vera að bitast um þessar fáu krónur. Vandamálið er að það eru allir svo fastir í sínum liðum að menn sjá ekki hagkvæmnina sem gæti falist í sameiningu liða. Mín skoðun er sú að þegar lið ætla að sameinast þá eiga þau að hafa aðskilda yngri flokka þar sem menn geta áfram verið harðir stuðningsmenn sinna liða, en meistaraaflokkarnir sem sameinuðu þessi félög ættu að heita öðru nafni sem allir gætu fylkt sér bakv-

ið. Ég hef aldrei verið hlynntur því að félög heiti nöfnum beggja lið, það skapar bara þirring og vandræði. Þetta mættu nánast öll lið á Stór-Reykjavíkursvæðinu gera og þá væri kannski hægt að setja meiri peninga í færri en stærri og sterkari einingar,“ segir hann.



Finnur K.

Ragnar Niels Steinsson í skotstöðu.

Fín staða í körfunni hjá Val

Þegar Eggert er spurður að því hvernig honum finnst staðið að körfuboltanum í Val hugsar hann sig aðeins um. „Það er erfitt að dæma hvernig hlutirnir voru áður en ég kom en það er ljóst að staðan er fín í dag. Stjórnin er virk og vill gera vel og það er nokkuð stór hópur af jákvæðum Valsmönnum sem eru tilbúnir að leggja á sig óeigingjarna vinnu til að láta hlutina ganga upp. Það er kannski okkar helsti ókostur í ár að við erum ekki á neinum heimavelli sem slítur svólítið í sundur starfið hjá okkur. En á móti er líka að koma stórt og gott íþróttamannvirki sem verður skemmtilegt að spila í á næstu leiktíð og þá vonandi í efstu deild,“ segir Eggert Mariússon þjálfari meistaraaflokks að lokum.

www.valur.is

Hugum að hreyfingu og hreysti barnanna okkar



Pétur Veigar Pétursson, íþróttafulltrúi Vals, birti þessa grein í Morgunblaðinu nýlega og einnig hefur hún birst

á valur.is. Við hvetjum alla yngri iðkendur og foreldra sérstaklega til þess að kynna sér efni hennar.

AUKIÐ hreyfingarleysi barna í nútímasamfélagi er orðið umhugsunarefni vegna þeirra fylgifiska sem það hefur í för með sér. Í þessu sambandi er oftast bent á offitu sem helstu afleiðingu hreyfingarleysis en í umræðunni hafa gleymst aðrir mikilvægir þættir. Hreyfingarleysið hefur nefnilega ekki aðeins áhrif á holdafar barna heldur hefur það einnig neikvæð áhrif á almenna þroskaþætti þeirra, s.s. hreyfi- og félagsþroska. Hreyfingarleysisinu fylgja keðjuverkandi áhrif sem geta komið niður á edlilegri þróun þessara þroskaþátta. Þau börn sem ekki taka þátt í íþróttum og leikjum með öðrum eiga það á hættu að fá ekki næga hreyfiörvun og staðna því að hluta til í hreyfiþroska. Ef það gerist veigra börn sér við því að taka þátt í íþróttum og leikjum og eiga þá oft erfitt með að öðlast félagslega viðurkenningu jafningjahópsins.

Ný íslensk rannsókn sem gerð var á tengslum hreyfiþroska barna og félagslegrar stöðu þeirra innan jafningjahópsins (Heiðrún Björk Jónsdóttir og Pétur Veigar Pétursson 2005) sýnir fram á sterk tengsl milli þessara tveggja þátta. Þau börn sem fengu háa einkunn á hreyfifærniþrófi (Movement ABC) komu yfirleitt einnig vel út á félagsstengslaprófi (sociometry). Þessu var einnig öfugt farið, þ.e. að þau börn sem fengu lágt á hreyfifærniþrófi komu yfirleitt verr út á félagsstengslaprófi en þeir sem höfðu yfir góðum hreyfiþroska að ráða. Fylgni rannsóknarþáttanna tveggja var marktæk miðað við tölfræðileg öryggismörk 0,01, sem þýðir að hægt er að segja með 99%

vissu að tengslin eru ekki til komin fyrir tilviljun.

Í ljósi þessa er mikilvægt að þeir sem standa á bak við barna- og unglingaíþróttir, þjálfarar og aðrir stjórnendur, til-einki sér fagleg vinnubrögð því á herðum þeirra hvílir mikil ábyrgð. Iðkendur eiga að fá krefjandi verkefni við hæfi og með því fá þeir tækifæri til að efla líkams- og félagsþroska ásamt öðrum þroskaþáttum.

Knattspyrnufélagið Valur mótaði árið 2003 stefnu félagsins í málefnum barna og unglinga í samstarfi við Íþróttabandalag Reykjavíkur. Markmið stefnumótunarinnar var að auka almennt faglega starfsemi félagsins á öllum sviðum, t.d. í málefnum þjálfunar, stjórnsýslu, vímuvarna, eineltis og jafnréttis. Stefnunni voru gerð góð skil í útgefinni íþróttanám-skrá Knattspyrnufélagsins Vals.

Til að sinna þeirri samfélagslegu skyldu sem Valur gegnir býður félagið upp á skipulagða íþróttaiðkun fyrir börn allt frá þriggja ára aldri. Í haust er ráðgert að Valur bjóði í fyrsta skipti upp á íþróttaskóla fyrir 3-6 ára börn þar sem unnið verður markvisst að eflingum hreyfi-

og félagsþroska barnanna. Einnig býður Valur upp á íþróttaskóla barnanna í samstarfi við hverfisskólana, ÍTR og ÍBR fyrir börn í 1. bekk grunnskóla. Íþróttaskólarnir verða starfræktir á veturna en á sumrin býður Valur upp á Sumarbúðir í borg (sjá upplýsingar á valur.is) sem er leikjanámskeið fyrir 5-10 ára börn þar sem boðið er upp á fjölbreytta og skemmtilega dagskrá. Frá sex ára aldri gefst börnum kostur á að hefja æfingar innan deilda félagsins m.t.t. iðkendalista og geta þá byrjað að æfa knattspyrnu, handknattleik og körfuknattleik. Á öllum sviðum og á öllum aldurs skeiðum býður Valur upp á faglega þjónustu sem hefur það að markmiði að efla almennan þroska einstaklingsins í gegnum leik og starf.

Mikill uppgangur er innan Knattspyrnufélagsins Vals og bjóðum við börn og unglinga velkomna til leiks með okkur. Segjum hreyfingarleysisinu stríð á hendur og leyfum börnunum okkar að stunda uppbyggilegar, þroskandi og skipulagðar íþróttir og hreyfingu.



Látið aldrei kappið bera fegurðina ofurliði

Íþróttareglur barnanna hjá Val

1. Samstaða um íþróttir sem skemmtun

Barnaíþróttir eiga að vera jákvæð upplifun sem leiða til varanlegs áhuga á að gerast íþróttaiðkendur þegar fram líða stundir. Börn eiga að fá hvatningu og leiðsögn þannig að þau þrói hæfileika sína og sjái framfarir. En það á líka að leggja áherslu á að þau samlagist hópnum og leggi sig fram við að gera eitthvað sem kemur sér vel fyrir alla. Hinir fullorðnu verða að leggja sitt af mörkum þannig að allir njóti þess að vera með. Minnið hina fullorðnu á að þau eru fyrirmyndin. Börn hafa sérstaka hæfileika til að gera það sem þú gerir, en ekki það sem þú segir.

2. Íþróttaiðkun er skemmtileg

Fyrsta skipti sem barn kemst í snertingu við skipulagðar íþróttir er yfirleitt hjá íþróttafélaginu. Keppt er í búningum, með dómurum og stundum á sérstökum völlum eða sérútbúnu svæði. En munið að þetta á að vera leikur - ekki alvörugæfin samkoma. Alvara lífsins kemur nægjanlega snemma. Fyrstu kynnin af íþróttum skipta miklu máli fyrir áhugann, það er upplifun barnanna sem skiptir sköpun. Látum börnin skemmta sér, látum þau leika sér, látum úrslit leikja vera aukatriði. Mikilvægasti árangurinn sem þú getur fengið er jákvæður félagsskapur, drenglyndi og ánægð börn sem fá útrás í jákvæðum leik með vinum sínum. Þannig öðlast þau virðingu fyrir félaginu sínu.

3. Íþróttaiðkun fylgir góður félagsskapur

Í „gamla daga“ hittu börn félaga sína á leikvöllum og á ýmsum opnum svæðum. Á þessum stöðum fóru börnin í leiki eða léku sér í ýmsum íþróttagreinum. Þess vegna er það mikilvægt að muna að enn sækja börn fyrst og fremst í íþróttir

vegna félagsskaparins. Þessa samveru eigum við að styrkja sem skapar liðsanda eða félagsanda.

4. Allir keppi jafn mikið

Enginn verður betri við það að sitja á bekknum eða horfa á féлага sína keppa. Öllum finnst gaman að keppa. Erfitt er að segja til um það hver verður besti leikmaðurinn þegar fram líða stundir. Meistaratitlar eru ekki markmiðið í



sjálfu sér heldur á þátttökan og leikgleðin að sitja í fyrirrúmi. Látið alla leika eða keppa jafn mikið og látið alla leika eða keppa í mismunandi íþróttagreinum.

5. Lærum að taka sigri og ósigri

Í barnaíþróttum eiga allir að geta tekið þátt, enginn er of slakur eða of góður. Þess vegna er það mikilvægt að byggja á grundvallarreglunni um jafna mótstöðu bæði í leik og á æfingum. Engum finnst gaman að tapa. Takið sigri og tapi með skynsemi. Þoli hinir fullorðnu að tapa þá læra börnin það líka. Íþróttir eru bæði einstaklings- og hópíþróttir þar sem allir tapa eða vinna. Sigur tekur hver einstaklingur með sér heim hvort sem um hóp-

eða einstaklingsíþrótt er að ræða. Tap meðtaka allir.

6. Að æfa oft en keppa

Það ætti að vera grundvallarregla að barnið fari í gegnum fleiri æfingar en keppni í hverri viku. Það ætti að hvetja börnin til þess að æfa fyrir utan sameiginlegar æfingar. Of margir kappleikir geta verið hindrun fyrir félags- og tilfinningaþroska. Börn undir 10 ára aldri ættu í mesta lagi að keppa 20 sinnum á ári og leikmenn 10-12 ára ættu mest að keppa 25 sinnum.

7. Allri íþróttabjálfun fylgir almenn bjálfun

Alhliða íþróttareynsla er jákvæð með alhliða þroska barnsins í huga. Hún getur líka verið jákvæð fyrir þroska á færni ýmissa íþróttagreina. Hvetja skal börn til þess að stunda fleiri en eina íþróttagrein og íþróttaframboð þarf að vera skipulagt þannig að fleiri geti tekið þátt, þannig að allir hafi jafn mikla möguleika á að leika með þrátt fyrir að hafa ekki æft ákveðna grein allt árið.

8. Valsmenn skulu tileinka sér þróðmennsku, háttvísi og kurteisi í framkomu innan vallar sem utan.

Áhersla er lögð á að iðkendur hjá Val tileinki sér heiðarlega framkomu á æfingum, í leik og í keppni, svo og utan vallar. Iðkendur sýni kurteisi í framkomu við samherja og mótherja, svo og við þjálfara, dómara og aðra starfsmenn. Háttvísi skal í hávegum höfð hjá félaginu og leggja skal sérstaka rækt við þann eiginleika allt frá fyrstu tíð. Iðkendur skulu ganga vel um æfinga- og keppnissvæði og bera virðingu fyrir eigum annarra og ganga snyrtilega um íþróttamannvirki að Hlíðarenda og hjá öðrum félögum.

Það er alltaf gaman að sjá pabba á leikjum öskrandi á okkur strákana

Orri Freyr Gíslason leikur handbolta með 3. flokki karla og fékk Magnúsarbikarinn 2005

Orri Freyr er 17 ára í 3. flokki. Ástæðan fyrir því að hann er í Val er að hann flutti í hverfið rétt áður en hann varð 6 ára gamall og mamma fór þá með hann á fyrstu fótboltaæfinguna hjá Val og hann spilaði fyrsta leik sinn fyrir Val á 6 ára afmælisdaginn. Núna segist hann vera í Val af því að Valur sé langbesta liðið og alltaf í fremstu röð.

– Hvaða hvatningu og stuðning hefur þú fengið frá foreldrum þínum í sambandi við handboltann?

„Pabbi og mamma hafa hjálpað mér mikið og alltaf gaman að sjá þau á leikjum. Það er alltaf gott að sjá pabba á leikjum öskrandi á okkur strákana og mig.“

– Hvernig gengur flokknum?

„Við erum allir að koma til, erum með hörkulið og eigum alveg að geta unnið einhverja titla.“

Veturinn í fyrra var ekki alveg nógu góður, við duttum út í 8 liða úrslitum Íslandsmótinu. Hópurinn okkar er mjög góður, við erum með þrjá landsliðsmenn. En erum alltaf að bæta okkur bæði í vörn og sókn.“

– Segðu frá skemmtilegum atvikum úr boltanum.

„Ég man alltaf þegar við urðum bikarmeistarar og

Húsavíkumeistarar. En utan vallar eru það allar ferðirnar sem við höfum farið í og þá sérstaklega ferðin á Partilla Cup sumarið 2004, og núna síðast ferð með landsliðinu til Parísar í október.“

– Áttu þér fyrirmyndir í handboltanum?

„Að sjálfsögðu er það Sigfús Sigurðsson og svo má nefna Robert Gunnarsson.“

– Hvað þarf til að ná langt í handbolta eða íþróttum almennt?

„Mæta á allar

æfingar og æfa líka sjálfur, svo er nauðsynlegt að eiga góða féлага ásamt því að hafa góða þjálfara en þessa tvö atriði hafa alltaf verið í góðu lagi hjá Val. Einnig er mikilvægt að stunda skólann vel þannig að maður þurfi ekki að hafa áhyggjur af því heldur getur einbeitt sér að boltanum. Ég þarf að bæta styrk og nýtingu, hætta að tuða í dómarnum, en utan vallar það er svo löng upptalning það verður að bíða betri tíma og stærra blaðs.“

– Hvers vegna handbolti?

„Handbolti er hröð og skemmtileg íþrótt. Ég æfði fótbolta en ég held að ég eigi meiri framtíð fyrir mér í handbolta. Handbolti er eina íþróttin sem ég stunda í dag þannig að handboltinn er mjög stór þáttur í mínu lífi og verður vonandi lengi enn.“

– Hverjir eru þínir framtíðardraumar í handbolta og lífinu almennt?

„Verða atvinnumaður og svo á seinni árum spilandi þjálfari, en svo hef ég alltaf píparann til vara, ég er að læra pípu-lagnir. En fyrst og fremst handbolta.“

– Þekktur Valsari í fjölskyldunni.

Berglind Hansdóttir.“


– Hvaða þýðingu hefur það fyrir þig að hafa fengið Magnúsarbikarinn?

„Það er alltaf gaman að taka á móti viðurkenningum að fá svona viðurkenningu eflir sjálfstraustið og undirstríkar það að maður sé á réttri leið. Að sjálfsögðu kom þetta mér ekkert á óvart, hefði orðið hissa ef ég hefði ekki fengið hann (bara smá grín!). Bikarinn er veittur til efnilegasta leikmanns yngri flokka Vals. Þetta er mjög mikill heiður.“

– Hver stofnaði Val og hvenær?

„Séra Friðrik Friðriksson 11. maí árið 1911.“

– Lífsmottó: „Rólegir“.



Valsmenn

bestu óskir

um gleðileg jól og farsælt nýtt ár

Landsbanki Íslands

Smith&Norland

Olís hf

VISA

Sýn

Bláa Lónið

Bræðurnir Ormsson ehf.

Hópbílar

Pumabúðin

Markhús

Gísli Jónsson ehf

TM

Leonard

Guðni Á. Haraldsson hrl.

Friðjón Örn Friðjónsson hrl.

Viðar Elísson, endurskoðandi

VERKFRÆÐISTOFAN
VATNASKIL

ALARK

DALVEGUR 1B, 201 KÓPAVOGUR S. 534-8800, 534-8818
JAKOB LINDAL OG KRISTJÁN ÁSGERSSON ARKITEKTAR FAI

arkitektar ehf.

**smart**

s ó l b a ð s t o f a

Grensásvegi 7

s: 533-3350

SÓLNING

STAFNA **Á** MILLI ehf

byggingaverktaki

HENSON

PRICEWATERHOUSECOOPERS 

Sumarbúðir í Borg, lengi lífi



Sumarbúðir í Borg hafa skipað sér fastan sess í starfi Knattspymufélagsins Vals og gengu þær mjög vel þetta sumarið líkt og hin fyrri. Skólastjóri Sumarbúðanna var Soffía Ámundadóttir og hafði hún umsjón með allri skipulagningu námskeiðanna. Þeirri vinnu hefur Soffía skilað vel af sér og þökkum við henni sérstaklega fyrir vel unnin störf.

Um 300 börn sóttu námskeiðin sem voru fjögur talsins. Sumarbúðir í borg hafa verið annálaðar fyrir fjölbreytta og skemmtilega dagskrá og meðal þess sem boðið var upp á í ár var ferð í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, hjóla- og sundferð, heimsóknir á lögreglustöðina og í Hallgrímskirkju, keila, bíósýning og sumargrín svo fátt eitt sé upp talið. Einnig komu í heimsókn gamalkunnir Valsarar, t.d. Ólafur Stefánsson og Dagur Sigurðsson börnunum til mikillar gleði. Ljóst er að krakkarnir skemmtu sér konunglega og var gleðin ríkjandi að Hlíðarenda á meðan sumarbúðunum stóð. Sumarbúðir í Borg, lengi lífi. Á valur.is er fjöldi mynda úr starfinu frá því í sumar.

Pétur Veigar Pétursson, íþróttafulltrúi.



Látið aldrei kappið bera fegurðina ofurliði

Ellert Finnbogi Eiríksson leikur knattspyrnu með 2. flokki og hlaut Friðriksbikarinn 2005

Ellert er 16 ára og hefur æft fótbolta frá 7 ára aldri og það kom ekkert annað félag til greina þar sem hann ólst upp í Hlíðunum.

– Hvaða hvatningu og stuðning hefur þú fengið frá foreldrum þínum í sambandi við fótboltann?

„Foreldranir reyna að hvetja mann eins og þeir geta með því að horfa á leiki. Síðan finnst mér þeir sýna stuðning með því að nenna að keyra mann á hverja æfingu.“

– Hvernig gekk ykkur í sumar?

„Í sumar gekk okkur ágætlega, komumst í undanúrslit Íslandsmóts, unnum haustmót og jólamót. Hópurinn núna í 2. flokki er fámennur en heldur mjög vel saman og er skemmtilegur.“

– Segðu frá skemmtilegum atvikum úr boltanum.

„Í augnablikinu

man ég ekkert voðalega skemmtilegt nema við vorum í æfingaferð til Danmerkur og erum nýkominir á gistiheimilið þá segir einn af strákunum: Hvar erum við?“

– Áttu þér fyrirmyndir í fótboltanum?

„Bróðir minn (Bjarni Ólafur) er nú að spila með meistaraflakki Vals svo að ég lít upp til hans, síðan eru nokkrir góðir hjá Manchester United.“

– Hvað þarf til að ná langt í fótbolta eða íþróttum almennt?

„Mataræðið skiptir miklu máli og síðan finnst mér mikilvægt að koma með því í hugarfari að bæta sig á hverri æfingu og í hverjum leik. Ég þarf helst að bæta styrk.“

– Hvers vegna fótbolti?

„Ég æfði lengi vel handbolta, mér fannst fótboltinn bara höfða betur til mín.“

– Hverjir eru þínir framtíðardraumir í fótbolta og lífinu?

„Ég stefni á að klára Verzló og þá væri spennandi að fara í eitthvert nám til útlanda og stunda fótbolta með.“

– Þekktur Valsari í fjölskyldunni?

„Já, Bjarni Ólafur Eiríksson.“

– Hvaða þýðingu hefur það fyrir þig að hafa fengið Friðriksbikarinn nú í haust?

„Að hafa fengið bikarinn sýnir að ég sé að gera eitthvað rétt fyrir félagið og ætla ég að halda því áfram. Séra Friðrik stofnaði Hauka, minnir mig. Séra Friðrik stofnaði Val að sjálfsögðu 11. maí 1911.“

– Lífsmottó:

„Látið aldrei kappið bera fegurðina ofurliði.“



Úr íþróttanámskrá Knattspyrnufélagsins Vals

Unglingar: Eftirfarandi markmið skulu höfð að leiðarljósi:

- að auka færni iðkenda í íþróttagrein
- að dýpka skilning iðkenda á nauðsynlegu skipulagi og sjálfsaga
- að efla þrek með alhliða líkamspjálfun
- að efla félagslegan þroska iðkenda á æfingum og í keppni
- að stuðla að forvörnum gegn vímuefnanotkun
- að stuðla að því að fjöldi iðkenda í aldursflokkum haldist sem mestur
- að undirbúa iðkendur fyrir keppnis- og afreksþjálfun
- að hver deild sjái um frekari stefnu og markmiðasetningu með viðkomandi aldurshóp

Íþróttaskóli fyrir 6 ára

Líkt og undanfarin ár hefur Valur í samstarfi við hverfissskólana og Íþróttabandalag Reykjavíkur haldið úti íþróttaskóla fyrir börn í 1. bekk á félagssvæði Vals. Knattspyrnufélagið Valur er rekstraradili íþróttaskólanna sem eru þrír og eru starfræktir í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla og Hlíðaskóla og í hann eru skráð yfir hundrað börn í vetur. Markmið íþróttaskólans eru í meginatriðum að auka hreyfingu barnanna og koma þannig til móts við almenna hreyfipörf þeirra. Með skipulegu starfi er stefnt að því að efla almennan líkams- og hreyfiproska barnanna og stuðla að íþróttalegu uppeldi og þátttöku í íþróttum án áherslu á keppni eða árangur, auk þess að kynna Val sem íþróttafélag og ala upp gallharða Valsara. Við viljum að börnin kynnist íþróttum á jákvæðan og uppbyggilegan hátt og leggjum áherslu á þær íþróttagreinar sem stundaðar eru í Val.

Þær greinar eru settar fram að mestu leyti í leikjaformi en þannig skapast grunnur fyrir kennslu í grunntækni íþróttanna. Umsjón með öllum tímum hafa menntaðir íþróttakennarar og því má segja að fagmennskan sé í fyrirrúmi.

Með íþróttaskólanum kemur Valur til móts við heimilin í hverfinu, börnin og foreldrana og kemur þannig á hagkvæman hátt til móts við félags- og tómstundapörf barnanna. Þess má geta að íþróttaskóli fyrir sex ára börn er þeim að kostnaðarlausu.

Pétur Veigar Pétursson, íþróttafulltrúi og skólustjóri íþróttaskóla Vals.



Frá fjölmennri og vel heppnaðri lokahátíð Íþróttaskóla Vals vorið 2005.



101 er getraunanúmer Vals

Þurfum að virkja þessa tekjulind miklu betur

Á hverjum laugardegi frá kl. 11.00-13.30 er opinn svokallaður húspottur í Valsheimilinu. Getraunanefnd félagsins hefur umsjón með þessu skemmtilega félagsstarfi. Þangað mæta ýmsir Valsarar vikulega til að típpa, þ.e. freista gæfunnar í getraunum. Getraunanefndin hvetur Valsmenn að mæta á Hlíðarenda á laugardögum og freista gæfunnar, en hægt er að taka þátt í enska boltanum eða þeim ítalska. Enska boltinn er alltaf vinsælastur.

Allir stuðningsmenn Vals sem kaupa sér getraunaseðil, hvort heldur sem er í Valsheimilinu eða annars staðar eru hvattir til að merkja seðilinn með 101 sem er getraunanúmer Vals, en félagið fær umtalsverðar tekjur árlega af getraunum. Samkvæmt upplýsingum frá getraunum þá eru Valsmenn yfirleitt með milli 2-

3% af öllum seldum seðlum. Fyrir áratug var Valur langtekjuhæsta félagið með um 11% af allri sölu. Það er athyglisvert að Sindri á Hornafirði er yfirleitt með hærra hlutfall seldra seðla, en Sindramenn hafa rekið mikinn áróður fyrir getraunanúmeri félagsins. Valsblaðið hvetur alla Valsmenn að muna eftir getraunanúmerinu, 101 og taka þátt í húspotti félagsins á laugardögum. Um leið og stuðningsmenn Vals leggja sitt af mörkum til að styrkja félagið, er hægt að efla félagsandann og jafnframt fylgjast vikulega með uppbygg-

ingu mannvirkja að Hlíðarenda. Loks má ekki gleyma því að þeir getspökustu geta unnið stórar upphæðir í getraunum.





Af hverju keyrði ég ekki bara Sæbrautina heim?

Við sumum spurningum fást bara engin svör.

Óhöpp henda okkur og við því er ekkert að gera.

En þú getur brugðist við strax með því að tryggja hjá tryggingarfélagi sem gefur þér skýr svör og leggur áherslu á hraðvirkan frágang tjónamála.

Staðreyndin er því miður sú að maður er hvergi 100% öruggur í umferðinni.

Það er nógu erfitt að vera valdur að tjóni þó að ekki komi til mikill kostnaður að auki.

Þess vegna er skynsamlegt að vera við öllu búinn og tryggja bílinn rétt.

Kaskótrygging TM er ekki flókinn hlutur og það tekur enga stund að ganga frá henni.

Dæmi um hvað Kaskótrygging bætir:

- // Tjón á bílnum þínum vegna áreksturs við aðra bifreið eða kyrrstæðan hlut, veltu, útafaksturs, bruna, grjóthruns, snjóflóðs, skriðufalls og aur- og vatnsflóðs færðu bætt.
- // Tjón vegna þjófnaðar, innbrots, skemmdarverka eða skemmdra rúða færðu bætt.
- // Hún greiðir bílaleigubíl í allt að 5 daga verði billinn pinn óökufær eftir tjón.

Dæmi um hvað Kaskótrygging bætir ekki:

- // Ef um vítavert gáleysi eða ásetning, s.s. ölvun við akstur eða lyfjanotkun er að ræða bætir kaskótrygging ekki tjónið.
- // Ef hjólabúnaður eða undirgrind skaðast í akstri bætir kaskótrygging ekki tjónið.
- // Kaskótryggingin bætir ekki tjón vegna þjófnaðar eða skemmda á aukabúnaði, t.d. hjólkoppum og aukaljósabúnaði.

Kaskótrygging TM

TRYGGINGAMIDSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tryggingamidstodin.is / www.tryggingamidstodin.is



Mikilvægt samstarf milli Vals og Sportklúbbs Landsbanka Íslands

Knattspyrnufélagið Valur og Sportklúbbur Landsbanka Íslands endurnýjuðu á árinu samning um samstarf sín á milli. Í meginatriðum er samningurinn þannig að iðkendur skrá sig í Sportklúbb LÍ og á móti veitir Landsbankinn veglegan styrk til Vals, iðkenda og foreldraráða yngri flokkanna. Allir iðkendur sem stofna reikning hjá Landsbankanum fá um leið íþróttatösku og inneign á reikninginn. Þess má einnig geta að Sportklúbburinn niðurgreiðir félagsgalla iðkenda allra deilda félagsins. Myndarlegur samningur af þessu tagi er mjög mikilvægur fyrir Val og kemur til með að auðvelda yngri flokka starf allra deilda félagsins. Hægt er að snúa sér til Péturs íþróttafulltrúa til að ganga frá skráningunni.

Frá uppskeruhátíð knattspyrnudeildar. Jón Norland (Smith & Norland) aðalstyrkaraðili deildarinnar og Þórey Árnadóttir frá Landsbankanum með blómvendi frá unglíngaráði með þakklæti fyrir gott samstarf.



Golfmót Vals haldið í 16. sinn

Fimmtudaginn 16. júní var í sextánda sinn haldið hið stórskemmtilega golfmót Valsmanna. Leikið var á velli Golfklúbbs Odds í Urriðaholti og spiluð var punktakeppni með hámarksvallarforgjöf karla 24 og kvenna 28.

Sigurvegari var mótsins með 38 punkta var Guðrún Kristín Bachmann, í öðru sæti rétt á eftir Guðrúnu var Jóhanna Bárðardóttir með 37 punkta og í þriðja sæti var svo Sigurður Þórinsson með 35 punkta.

Keppt var um einn veglegasta farandbikar sem um getur í íslenskrí íþróttakeppni. Hann er gefinn af Garðari Kjartanssyni til minningar um bróðurson hans, Jóhann Sebastian Einarsson.



Guðrún Kristín Bachmann sigurvegari Golfmóts Vals með veglegan farandbikar.

Nýir félagar velkomnir í Valskórinn

Æfingar eru á mánudögum kl. 20:00 í Friðrikskapellu

Í vetur er 12. starfsár Valskórsins. Kórinn hefur tekið lagið við ýmis tækifæri í félagsstarfinu og lífgar söngurinn svo sannarlega upp á ýmsar samkomur. Nýir félagar eru ávallt hjartanlega velkomnir. Valskórinn hefur auglýst að það vanti í allar raddir og að ekki séu gerðar miklar kröfur um söngsnilli. Megin inntakið

í kórstarfinu er góður félagsskapur og skemmtilegar stundir. Síðastliðið sumar var farið í söngbúðir að Sólheimum í Grímsnesi og þótti það takast mjög vel og er stefnt að því að kórinn endurtaki það næsta vor fyrir lokatónleikana. Í vetur eru um 30 virkir kórfélagar og er kórinn reiðubúinn að koma fram við

ýmis tækifæri í félagsstarfinu.

Valsblaðið hvetur áhugamenn um söng í Val til að ganga í Valskórinn. Æfingar eru einu sinni í viku í Friðrikskapellu, á mánudögum klukkan 20:00. Stjórnandi er Bára Grímsdóttir og undirleikari Helga Laufey Finnbogadóttir.

AEG



NÝJA ÍSLENSKA ÞVOTTAVÉLIN OG ÞURRKARINN FRÁ **AEG** **EFTIRSÓTTASTA PAR LANDSINS**

AEG þvottavél með íslensku stjórnborði

LAVAMAT 76820 ÍSLAND

- Taumagn: 6 kg • Vinduhraði 1600/1200/1000/600 snúningar á mín.
- Ljós sýnir hvar vélin er stödd í þvottakerfinu • Mjög hljóðlát og sparneytin vél • Þvottahæfni: **A+** • Þeytivinduafköst: **A** • Orkuflokkur: **A**
- 24 þvottakerfi ásamt sérstöku sparnaðarkerfi • Sérstakt vindingarkerfi fyrir viðkvæman þvott og ull • Hægt er að stilla gangsetningu fram í tímann • Aqua-Control: Öryggiskerfi gegn leka
- 3ja ára ábyrgð

AEG barkalaus þurrkari með íslensku stjórnborði

LAVATHERM 57820 ÍSLAND

- Taumagn: 6 kg • Mjög lágvær
- Rakaskynjari: 9 mismunandi þurrkstig
- Klukkurofi: 30 mínútur • 2 hitastig
- Krumpuvörn: Veltir tromlu af og til í 30 mín. eftir þurrkun
- Hægt er að stilla gangsetningu fram í tímann
- Gaumljós fyrir vatnstank, lógsigti og þéttibúnað
- Stórt hurðarop - 33 sm

Ítarleg notendahandbók á íslensku fylgir báðum tækjunum.

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 / SMÁRALIND · SÍMI 530 2900

Nánari upplýsingar á www.ormsson.is · Umboðsmenn um land allt



Sævar Tryggvason

fæddur 1. júní 1947 – dáinn 26. ágúst 2005

Fallinn er frá góður drengur og félagi í Val, Sævar Tryggvason málarameistari, langt um aldur fram. Sævar kom til starfa sem þjálfari yngri flokka Vals í knattspyrnu árið 1978 og var hann alla tíð síðan virkur félagi í Val við þjálfun, sjálfboðaliðastarf eða við æfingar og keppni með eldri leikmönnum félagsins. Sævar var þjálfari þriðja flokks Vals í knattspyrnu, sem fór í frækna keppnisferð til Brasilíu árið 1984 og þótti mikið ævintýri. Síðustu ár tók Sævar virkan þátt í starfi Valskórsins og hafði af því mikla ánægju. Sævar var Eyjamaður að uppruna. Hann var knattspyrnumaður í fremstu röð á sínum tíma í Eyjum og var meðal leikmanna í fyrsta unglingslandslíði Íslands í knattspyrnu. Hann varð einnig fyrstur Vestmannaeyinga til að leika með íslenska landsliðinu í knattspyrnu. Við Valsmenn kveðjum þennan þrúða féлага okkar um leið og við send-

um fjölskyldu hans okkar innilegustu samúðarkveðjur.

*Grímur Sæmundsen,
formaður Knattspyrnufélagsins Vals.*

Kveðja frá Valskórnum

Okkur langar með fáum orðum að kveðja góðan vin, Sævar Tryggvason. Sævar var félagi í Valskórnum nánast frá stofnun hans og lét sig helst ekki vanta á æfingu. Í kaffihléum var mikið spjallað og það fór ekki framhjá okkur að hann var mikil náttúruunnandi og dvaldist löngum í Skorradal þar sem hann átti sumarbústað. Eitt af áhugamálum hans var fuglaskoðun og var gaman að heyra hann tala um fuglana. Í lok hverrar æfingu var Sævar kominn með töskuna á öxlina á leið í boltann, en hann var mikill íþróttamaður. Á laugardagskvöldi í nóvember síðastliðnum áttum við frábært skemmtikvöld

saman og Sævar lék á als oddi. Samverustundirnar urðu ekki fleiri, því skömmu síðar greindist hann með illvígán sjúkdóm sem hann barðist við af einstöku æðruleysi uns yfir lauk hinn 26. ágúst.


Enginn þarf að óttast síður en Guðs barna skarinn fríður, fugl í laufi innsta eigi, ekki stjarna á himinvegi. Svo er endar ógn og stríðin, upp mun renna sigurtíðin, oss þá kallar heim til hallar himna Guð er lúður gjallar.

Séra Friðrik Friðriksson.

Valskórinn þakkar Sævari samfylgdina. Minning um góðan vin lifir.

F.h. Valskórsins

Þórarinn G. Valgeirsson.



Guðrún Þorsteinsdóttir

fædd 26. október 1945 – dáiin 1. apríl 2005

Þegar ég minnst Guðrúnar Þorsteinsdóttur birtist mér fyrir hugskotssjónum hugrökk og hláturmild kona, hjálpsöm líka og ósráhlíf. Við Guðrún vorum vinir og vinátta okkar var óvenjuleg. Fyrir tuttugu árum, rúnum, hófst hún. Sameiginlegur kunningi benti á mig þegar hana vantaði endurskoðanda og frá fyrstu stundu var líkt og við hefðum alltaf þekkt.

Vestast í vesturbæ Reykjavíkur eru bæirnir Blómsturvellir og Brekkuholt og þar var Brautarholt og fleiri bæir. Guðrún fæddist á Blómsturvöllum og átti þar heima þegar hún dó. Norðan við bæinn er Brekk'holt, en sunnan við var Brautarholt og þar eru líka verkamannabústaðirnir. Í Brekk'holti bjó fyrir löngu móðurfólk mitt, afi og amma, langafi og langamma. Í Brautarholti bjó mitt föðurfólk, afi og

amma, langafi og langamma. Í Reykjavík nútímans er of langt milli þessara bæja til að fólkið þekktist. Í Borgarfirði væru þeir allir í sama bæjartúninu; því stutt er á milli Grandavegar þar sem Brautarholt var og Bræðraborgarstígs þar sem enn má finna Blómsturvelli og Brekk'holt. Ástæða þess að ég þekkti strax Guðrúnu, þegar ég þekkti hana ekki, var þessi: Við erum sama fólkið þó óskyld séum; spröttin úr sömu moldinni og vígjumst vísast til hennar aftur.

Guðrún tengdi mig við fólkið mitt í Vesturbænum sem flest var dáíð þegar ég kynntist henni. Það var verkamenn og sjómenn með stolt og skoðanir. Fólk af kynslóð okkar Guðrúnar er hins vegar fæst erfiðisvinnufólk og enn færri sjómenn. Fólk af okkar kynslóð varast líka skoðanir sínar. Guðrún, sem var fjór-

um árum eldri en ég, var hvort tveggja; sjómaður og erfiðisvinnukona. Lifshlaup hennar var óvenjulegt og minnti um margt á það sem einu sinni var fremur en það sem venjulegt er.

Á farskipum var Guðrún ýmist mat-sveinn eða þerna. Í landi rak hún hótél í Stykkishólmi og Hornafirði. Hún seldi hjúkrunarvörur í Remedíu og hún vaknaði fyrir allar aldir á morgnana til þess að færa bílstjórum og verkamönnum hressingu í fyrirtæki sínu, Kaffi Skeifunni við Ægisgarð. Hún ók þó ekki á gróðavegi. Flestir Íslendingar eru duglegt fólk sem safnar fjármunum frameftir aldri til að eyða í ellinni. Guðrún gerði það ekki. Hún græddi ekki peninga í Kaffi Skeifunni þó aldrei brygðist að hún mætti snemma dags til að gefa kaffið. Hún safnaði ekki í hlöður né kynntist ell-

inni. Hún lifði líkt og fuglar himins og gekk svo hugröck á það sem til var þegar hún veiktist.

Við Guðrún vorum í vissum skilningi þar. Hún var KR-ingur og ég Valsmaður. Hvorugt félagið er neitt án hins. Heimurinn er til fyrir andstæður kennir Snorra-Edda. Valur og KR eru andstæður eða þar, þó ekki brúðarpar, heldur hnífapar. Það gerir enginn neitt með tveimur hnífum, en með hníf og

gaffli eru ýmsir vegir færir. Meðan fært var kom hún í Valsfjosið í hverju mánu- dagshádeggi og sá til þess að allir fengu hádegisverð og kaffi að lokinni kyrrðar- stund í Friðrikskapelli. Hún lokaði Kaffi Skeifunni og fór á Valsvöllinn að næra heimamenn. Guðrún efnaðist ekki af þeim viðskiptum en ég veit að þau voru henni til gleði. Hún vissi sem er að það er lítið gaman að vera í KR nema Valur sé við hestaheilsu. Á Hlíðarenda þótti

líka varið í að hafa hjá sér dóttur Steina Mosa sem var margfaldur Íslandsmeistari og hetja í sókn KR. Þess má geta að sá glugginn í Friðrikskapelli sem snýr að Blómsturvöllum er listaverk til minning- ar um Steina Mosa og féлага hans í KR og keppinauta þeirra í Val. Guð blessi minningu Guðrúnar Þorsteinsdóttur.

Þorsteinn Haraldsson.



Helgi Loftsson

fæddur 31. mars 1945. dáinn 7. desember 2005

Knattspyrnufélagið Valur er byggt upp af fjölda fólks á öllum aldri sem styðja félagið hvert með sínum hætti, allt frá því að stunda æfingar og keppni, sækja leiki og samkomur á vegum félagsins til þess að vera eingöngu málsvari í umræðunni á kaffistofum. Allir eru mikilvægir hlekkir í keðjunni.

Í dag kveðjum við Valsmenn sterkan hlekk í Valskeðjunni. Það er Helgi Loftsson sem nú er látinn langt um aldur fram. Helgi var snemma kominn í stuttbuxurnar að Hlíðarenda og æfði og keppti með Val fram á fullorðinsárin. Helgi var mikilvægur hluti Valsheildarinnar og var vinsæll félagi og hjá Helga var alltaf stutt í brosið. Þegar keppnisferlinum lauk tók við farsæll þjálfaraferill og naut Valur krafta Helga til fjölda ára á þeim vettvangi. Helgi var jafnframt duglegur að sækja leiki félagsins og skemmtanir og verður nú sannarlega skarð fyrir skildi, þegar Helgi er horfinn úr hópi Valsmanna að Hlíðarenda.

Helgi var gæfumaður í lífi og starfi og á þessari sorgarstund hugsa margir Valsmenn hlýlega til góðra kynna sinna af Helga. Knattspyrnufélagið Valur þakkar Helga fyrir afar traustan stuðning og gott starf alla tíð um leið og fjölskyldu Helga eru sendar hugheilar samúðar- kveðjur.

Grímur Sæmundsen, formaður Knattspyrnufélagsins Vals.

Kveðja frá Íslandsmeisturum Vals í 4. flokki karla árið 1971

Helgi Loftsson var þeim eiginleikum gæddur að ekki fór alltaf mikið fyrir honum þar sem hann kom en hann setti sitt mark á þá sem hans návista nutu.

Þannig var það árið 1971, þegar Helgi tók við þjálfun 4 fl. Vals í knattspyrnu. Í þeim hópi voru margir ungir og efnilegir knattspyrnumenn sem áttu eftir að mótast og verða að mönnum.

Helgi fóstraði þennan hóp afskaplega vel, og lagði grunninn að velgengi flokksins það sumar, þegar hann leiddi Val til sigurs í Íslandsmótinu eftir úrslitaleik á gamla Melavellinum við ÍBV.

Allir þeir leikmenn sem þarna léku voru að sigra í Íslandsmóti í knattspyrnu í fyrsta skipti. Hafði þessi árangur mikil áhrif á unga drengi, gaf þeim sjálfs- traust og metnað til frekari afreka. Margir úr þessum hópi áttu ekki einungis eftir að vinna marga sigra með meistaraflokki Vals síðar meir, heldur einnig í öðrum félögum, í landsliði Íslands og í atvinnu- mennsku erlendis.

Það er alveg ljóst að fyrsti sigur á Íslandsmóti gaf tóninn, og átti Helgi þar stærstan þátt. Hann hafði lag á að fá okkur strákana með sér án láta eða tilskipana, og var ekki síður félagi og upp- alandi en eingöngu knattspyrnuþjálfari.

Við minnumst Helga Loftssonar með þakklæti í huga og viljum með þessu fáu orðum votta fjölskyldu hans okkar dýpstu samúð.



Helgi með drengina sína sem urðu Íslandsmeistarar í 4. flokki 1971. Fremri röð frá vinstri: Pétur Ormslev, Albert Guðmundsson, Atli Eðvaldsson, Guðmundur Þorbjörnsson. Miðröð frá vinstri: Atli Ólafsson, Guðmundur Kjartansson, Karl Björnsson, Óttar Sveinsson, Bjarni Harðarson. Efsti röð frá vinstri: Helgi Loftsson, þjálfari, Hilmar Oddsson, Sverrir Gestsson, Ólafur K. Ólafs, Þorsteinn Ólafs og Björn Jónsson.



Verra veður, betri þjónusta.

Þegar veturinn kemur verður þjónustan okkar enn mikilvægari. Þá er sérstaklega brýnt að bíllinn sé klár í slaginn. Við bjóðum allar réttu vörurnar til að gera bíllinn þinn tilbúinn fyrir veturinn og erum til þjónustu reiðubúin, hvernig sem viðrar!

– Olís styrkir sparkvallaátak KSÍ

olís

– öryggi í umferð!

Á bak við hvern
meistarakokk
eru gæði
og traust

SIEMENS



Veldu úr miklu úrvali
**stórra og smárra eld-
hússtækja frá Siemens**
sem gera þér lífið létt í
dagsins önn.

**Veldu rétt, veldu gæði,
endingu og traust.**

**SMITH &
NORLAND**

Nóatúni 4 • 105 Reykjavík
Sími 520 3000 • www.sminor.is

**Vals vörurnar
fást í Pumabúðinni**



PUMA
BÚÐIN

Laugavegur 42 - www.pumabudin.is

Sími 551 5599